# Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi II:

## Fornleifar í Baldursheimi, á Litlu-Strönd, Sveinsströnd, Arnarvatni, Neslöndum, Vindbelg og Geirastöðum

Elín Ósk Hreiðarsdóttir
Orri Vésteinsson
Sædís Gunnarsdóttir

**Fornleifastofnun Íslands**
FS049-96012

**Reykjavík 1998**

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og aðlagað af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

*Efnisyfirlit*

| | |
|---|---|
| 1. kafli. Inngangur | 3 |
| 2. kafli. Byggðasaga | 4 |
| 3. kafli. Fornleifaskrá | 8 |
| Baldursheimur | 10 |
| Sveinsströnd | 21 |
| Litla-Strönd | 26 |
| Arnarvatn | 30 |
| Syðri-Neslönd | 48 |
| Ytri-Neslönd | 53 |
| Vindbelgur | 60 |
| Geirastaðir | 67 |
| 4. kafli. Fornleifar og byggð í héraði | 77 |
| 5. kafli. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu | 85 |
| Heimildir | 86 |

*Skrá yfir kort*

| | |
|---|---|
| 1. Skipting jarða og helstu býli og sel á skráningarsvæðinu | 5 |
| 2. Fornleifakort. Baldursheimur | 10 |
| 3. Fornleifakort. Baldursheimur - bæjarstæði | 11 |
| 4. Fornleifakort. Litla-Strönd og Sveinsströnd | 21 |
| 5. Fornleifakort. Sveinsströnd- bæjarstæði | 22 |
| 6. Fornleifakort. Litla-Strönd- bæjarstæði | 25 |
| 7. Fornleifakort. Arnarvatn | 30 |
| 8. Fornleifakort. Arnarvatn - bæjarstæði | 31 |
| 9. Fornleifakort. Syðri-Neslönd | 48 |
| 10. Fornleifakort. Syðri-Neslönd - bæjarstæði | 49 |
| 11. Fornleifakort. Ytri-Neslönd | 54 |
| 12. Fornleifakort. Ytri-Neslönd - bæjarstæði | 55 |
| 13. Fornleifakort. Vindbelgur | 61 |
| 14. Fornleifakort. Vindbelgur - bæjarstæði | 62 |
| 15. Fornleifakort. Geirastaðir | 68 |
| 16. Fornleifakort. Geirastaðir - bæjarstæði | 69 |
| 17. Gamlar leiðir á skráningarsvæðinu | 84 |

# 1. *Inngangur*

Sumarið 1997 var hafist handa við annann áfanga fornleifaskráningar í Mývatnssveit. Skráningin hófst sumarið 1996 og er unnin í sambandi við fornleifarannsóknir á Hofstöðum. Áður hafði verið farið í gegnum heimildir og skráðar upplýsingar um 1250 minjastaði í hreppnum öllum. Sumarið 1997 var skráðir 313 minjastaðir (þar af 12 í Ódáðahrauni sem ekki er fjallað um hér) en árið áður höfðu 262 staðir verið skráðir. Samtals hafa því verið skráðir 575 minjastaðir í Skútustaðahreppi og þegar heimildavinna sem liggur að baki skráningunni er tekin með í reikninginn má ætla að helmingi verksins sé nú lokið.

Í fyrsta hluta vettvangsvinnunnar var byrjað á því að skrá þær jarðir sem voru næst uppgreftinum á Hofstöðum, jörðina sjálfa og nágrannajarðir til suðurs, Helluvað, Stöng, Hörgsdal, Gautlönd og Bjarnastaði (nú Heiði). Í öðrum áfanga voru teknar fyrir átta jarðir næst fyrir austan: Baldursheimur, Litlaströnd, Sveinssströnd, Arnarvatn, Syðri-Neslönd, Ytri-Neslönd, Vindbelgur og Geirastaðir.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og sú sem gerð var 1996. Fyrst er stutt yfirlit um þróun byggðar á skráningarsvæðinu (kafli 2) en síðan er Fornleifaskrá (kafli 3). Minjastaðir eru flokkaðir eftir jörðum og byggir tölusetning jarðanna á Jarðatali Johnsens frá 1847. Á undan minjaskrá hverrar jarðar er gerð grein fyrir takmörkum hennar, breytingum á þeim og öðrum upplýsingum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Einnig er gerð grein fyrir þáttum eins og gróðurfari og túnasléttun sem hafa áhrif á varðveislu minja. Í minjaskrá er síðan fjallað um hvern minjastað sérstaklega, gerð grein fyrir staðsetningu minjanna og aðstæðum og birtar lýsingar og myndir af tóftum þar sem við á. Í skránni eru einnig fornleifakort yfir hverja jörð sem sýna dreifingu minjastaða. Í kafla 4 er samantekt um helstu minjaflokka og gefið yfirlit um sérkenni svæðisins. Í kafla 5 eru síðan settar fram tillögur um verndun og kynningu fornleifa á skráningarsvæðinu.

Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi er greidd af sveitarstjórn Skútustaðahrepps en verkið var unnið af Fornleifastofnun Íslands. Við skráninguna var beitt aðferðum sem þróaðar hafa verið í Eyjafirði undanfarin ár og hefur verið gerð grein fyrir þeim í skýrslum þar um.[1] Heimildakönnun var unnin af Sædísi Gunnarsdóttur og vettvangsathuganir gerðu ásamt henni, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson. Vilja höfundar koma á framfæri sérstökum þökkum til allra heimildamanna sinna fyrir margvíslega aðstoð og greiðasemi.

Sjá Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson: *Fornleifaskráning í Eyjafirði* I. *Fornleifar í Eyjafjarðarsveit norðan* Hrafnagils *og Þverár*, Akureyri 1994, 5-13.

## 2. *Byggðasaga*

Mjög takmarkaðar ritaðar heimildir eru um elstu byggð á skráningarsvæði sumarsins 1997. Af jörðunum þar er Geirastaða og Arnarvatns fyrst getið. Báðir bæirnir eru nefndir í Reykdæla sögu (ÍF X, 204, 206, 209) en Geirastaðir eru einnig nefndir í Landnámabók (ÍF I, 284) og eru þær sagnir greinilega skyldar. Arnarvatni mun skotið inn af afritara í handriti Reykdæla sögu frá 14. öld og virðist ritarinn hafi talið Arnarvatn vera sama bæ og Mývatn, en sá bær einnig er nefndur í Landnámabók (ÍF 1, 282). Tilgáta afritarans er talin ósennileg því bærinn Mývatn virðist hafa staðið norðan við vatnið (ÍF X, 186 nm). Auk Arnarvatns og Geirastaða er í sögunni getið um bæinn Hraunsás við Mývatn (ÍF X, 165, 168) og hefur verið talið að hann gæti hafa staðið undir Mýnesási í Arnarvatnslandi. Þar er garðlag og ógreinilegar tóftir (SÞ-198:049) sem eru friðlýstar minjar en í raun verður ekki af sögunni ráðið hvar bærinn Hraunsás hafi staðið. Þó má fá nokkra hugmynd af því, að samkvæmt sögunni kom þangað maður á leið af Sprengisandi í Reykjadal, þannig að suðvesturhluti Mývatnssveitar hlýtur að koma helst til greina og örnefnið sjálft bendir til að bærinn hafi staðið í hrauni þannig að líklegast er að hann hafi verið nálægt Arnarvatni. Hvort þessi bær hafi verið undir Mýnesási verður hinsvegar seint staðfest. Annað óþekkt býli kemur fyrir í Reykdæla sögu en það er Sandfell (ÍF X, 205). Frem kemur í sögunni að sá bær hafi verið skammt frá Geirastöðum og hefur verið bent á eyðibýlið Brennu, norðan við Vindbelgjarfjall, sem mögulegan stað. Bærinn hafi þá dregið nafn af fjallinu sem upphaflega hafi heitið Sandfell sem vissulega gæti verið réttnefni á Vindbelgjarfjalli. Annar möguleiki er að bærinn Vindbelgur hafi upphaflega heitið Sandfell og bæði fjall og bær hafi skipt um nafn á einhverju stigi málsins. Úr þessu verður þó seint skorið frekar en um Hraunsás.

Arnarvatns er getið í máldaga Skútustaðakirkju frá 1394 og má af honum ráða að þar hafi verið bænhús eða kirkja. Þannig stendur á því að í máldaganum er þess getið að til Skútustaðakirkju liggi "Heytollur. liostollur. osttollur og skiædatollur af xj. Bæium. Enn af Arnarvatni osttollur og skiædatollur ad eins." DI Ill, 557 (sbr. 1461: DI V, 320). Þessa er ekki getið í máldaga kirkjunnar frá 1318 en gæti bent til að útkirkja eða bænhús hafi verið á Arnarvatni sem hafi sjálft fengið tolla þá sem aðrir greiddu til Skútustaðakirkju. Arnarvatn hefur snemma komist undir Hólakirkju og í jarðaskrá dómkirkjunar frá 1449 eru á Arnarvatni talin 2 leigukúgildi "er kirkian aa" og er helst að skilja að það sé kirkjan á Arnarvatni (DI V, 40). Í skránni frá 1550 kemur einnig fram að stóllinn eigi óþveginn brennistein á Arnarvatni

(DI XI, 877) en það gæti bent til að Arnarvatn hafi verið miðstöð brennisteinsflutninga á vegum stólsins í Mývatnssveit.



Kort 1. Dreifing minjastaða og landamerki á skráningarsvæðinu

Eins og Arnarvatn voru Geirastaðir snemma orðin Hólastólsjörð og er hennar getið í sömu jarðaskrá frá 1449 og einnig skrám frá 1525 og 1550 (DI IX, 301; DI XI, 865). 1562 segist Kolbeinn Arngrímsson frá Grænavatni hafa selt sr. Sigurði Jónssyni (Arasonar biskups) Garð í Fnjóskadal með því móti að hann fengi 12 hdr. jörð Geirastaði fyrir en ellegar ei og kvaðst hann ekki hafa fengið jörðina (DI XIII, 717). Sennilega hefur ekkert orðið af þessum kaupum en bréfið sýnir að Geirastaðir hafa einhvernveginn komist í hendur afkomenda Jóns Arasonar biskups og hefur jörðin verið bændaeign síðan um miðja 16. öld eins og fjöldi sölubréfa sýnir (Jarðabréf, 12, 255, 254; JÁM XIII, 380-81).

Annara lögbýlisjarða á skráningarsvæðinu er ekki getið fyrr en á fyrri hluta 15. aldar. Vindbelgur hafði nýlega verið gefin til Múlakirkju í Aðaldal árið 1431 (DI IV, 468 sbr. DI V, 284) og var jörðin kirkjueign fram á þessa öld.

Sveinsstrandar er fyrst getið 1434 og var þá kölluð Strönd (DI IV, 544) en 1447 er hún seld með nafninu Hrakströnd og er þess þá getið að seljandi hafi keypt engi handan Krákár úr Grænavatnslandi sem jafnan síðan hefur fylgt Sveinsströnd (DI IV, 704-705). Nafnið Sveinsströnd kemur fyrst fyrir í sölubréfi frá 1531 en þá hafði Jón biskup Arason átt jörðina um skeið (DI IX, 594) og gæti það verið sú Strönd sem talin var meðal jarða Hólastóls 1525 (DI IX, 301 sbr. DI XI, 873, sbr. DI XII, 460). Hún hefur síðan jafnan verið bændaeign.

Litlaströnd mun hafa byggst um 1640 úr landi Sveinsstrandar og var á 17. og 18. öld talin fjórðungur allrar jarðarinnar. Eftir 1870 eyddi sandfok landi á vesturásum og blés á tún og um það leyti keyptu bændur á Gautlöndum og í Baldursheimi Sveinsströnd og skiptu landi jarðarinnar á milli sín. Áfram var þó búið á Sveinsströnd við lítil jarðarafnot til 1945. Jörðin er nú ekki lengur til, norðurhlutinn lagður undir Gautlönd og syðri hlutinn undir Baldursheim. Þorlákskot var hjáleiga frá Sveinsströnd í byggð frá um 1660 til 1709.

Baldursheims er fyrst getið í dómi frá 29.1.1544 (DI XI, 291). 1551 dæmir Ormur Sturluson um landamerki milli Grænavtns og Baldursheims og ónýtir fyrri dóm sinn sem virðist hafa gengið Grænavatni í hag. Seinni dómurinn var dæmdur að undirlagi Vigfúsar og Nikulásar Þorsteinssona og gætu þeir hafa átt jörðina þá (DI XII, 336). 20.4.1561 er Grænavatn selt með því að "jorden Balldursheimur ætti Eingiatak fyrir austan kraka vid Langhollt." (DI XIII, 595 sbr. 4.4.1562 - DI XIII, 709; 2.5.1562 - DI XIII, 716; 6.5.1562 - DI XIII, 721). Baldursheimur var í eyði 1784-85. Þorleifsstaðir er talin gömul eyðihjáleiga árið 1712 en Hrútvíðirsel var hjáleiga í byggð frá 1660 til 1703 en áhöld voru á hvort það tilheyrði Baldursheimi eða Skútustaðakirkju. Bæjarstæði mun einnig hafa verið í Hrísheimum þar sem nú er blásið.

Neslanda er fyrst getið 1447 og voru þá greinilega tvær jarðir (DI IV, 709) en þær voru ávallt seldar saman allt fram á 17. öld. Þá mun syðra býlið hafa legið í eyði um skeið í byrjun aldarinnar eða til 1640 og lagðist byggð aftur af þar í Stóru bólu 1707 í nokkur ár

Þetta snöggsoðna yfirlit um heimildir um bæi á skráningarsvæðinu segir ekki mikið annað en að í byrjun 15. aldar virðist byggð á svæðinu hafa verið komin í það horf sem hefur verið síðan. Syðri Neslönd gætu hafa legið í eyði um skeið á fyrri hluta 17. aldar en undir miðja öldina hófst byggð þar á ný og skömmu síðar var reist bú á Litluströnd sem var eina hjáleigan í stöðugri byggð á svæðinu. Tvær aðrar hjáleigur byggðust um hríð á seinni hluta 17. aldar, Hrútvíðirsel og Þorlákskot en báðar hafa verið í eyði frá því skömmu eftir 1700.

Heimildir fornleifafræðinnar eru aftur á móti óvenju miklar á þessu svæði og munar þar miklu um fjölda kumla sem sýnir að byggð hefur víða verið komin á svæðinu á 10. öld. Frægast ber að telja kuml sem fannst í Baldursheimi um 1860 (SÞ-195:010). Það var óvenjuvel búið gripum, m.a. með manntafli og var ein fyrsta gjöfin til Forngripasafnsins sem seinna varð Þjóðminjasafn Íslands. Ekki er vitað nákvæmlega hvar kuml þetta var og ber heimildum ekki vel saman. Sumar telja að kumlið hafi verið skammt vestan við tún í Baldursheimi en aðrar að það hafi verið mun vestar, við rústir forns eyðibýlis sem kallað er Hrísheimar. Uppblástur er mikill á þessu svæði og óvíst að niðurstaða fáist í málinu úr þessu. Hafi kumlið verið við Hrísheima bendir það til þess að annaðhvort hafi fleiri bæir verið í byggð á svæðinu á 10. öld en seinna varð eða að bæjarstæði Baldursheims hafi verið flutt síðan á 10. öld. Spjót frá 10. öld hefur fundist í landi Arnarvatns (SÞ-198:093) en lítið er vitað um fundaraðstæður og getur hugsast að það hafi komið úr kumli. Í landi Geirastaða eru örnefni sem tengjast sögnum um heiðna legstaði. Kumlabrekka heitir um 600 m norðan við bæinn og er hent á þúfur sem þar eru sem leiði fornmanna (SÞ-213:018). Nær Vagnbrekku eru síðan Skefilshólar sem eiga að vera kenndir við Skefil austmann sem getið er í Reykdælu og á hann að vera heygður þar (SÞ-213:019). Um 1 km frá Vindbelg heitir Raufarhóll og hafa þar sést tóftir. Þar komu gripir úr jörð um síðustu aldamót sem benda til að grafinn hafi veið heiðinn maður (spjót og reiðtygi - SÞ-212:012). Samskonar gripir komu í ljós við jarðarask um 300 m frá bænum i Ytri Neslöndum (SÞ-211:028) og hefur þar því verið kuml en mannsbeinagrind fannst þar sem nú er Borg en engir gripir voru með henni (SÞ-211 :029) og er því óvíst hvort um heiðinn legstað hefur verið að ræða.

Það eru fá svæði á landinu þar sem er jafnmikið af kumlum og á þessu. Hvort það er tilviljun ein, t.d. af því að aðstæður eru sérlega góðar til að finna kuml, eða af því að byggð hafi einfaldlega verið hlutfallslega mikil á svæðinu á 10. öld, er óvíst. Það er að minnsta

kosti ljóst að búseta hefur verið mikil við Mývatn á 10. öld og engu minni en í láglendari sveitum. Staðsetning sumra kumlanna gæti bent til að þá hafi ekki endilega verið búið á sömu bæjarstæðum og seinna varð, eða jafnvel að þá hafi verið búið á fleiri stöðum en síðar. Sum kumlanna hafa fundist nálægt rústum sem gætu verið forn bæjarstæði, t.d. í Hrísheimum í Baldursheimslandi og hjá Raufarhól í Vindbelgslandi og mætti af því ráða að í þeim hafi legið menn sem bjuggu á þeim stöðum.

Ekki sjást nú miklar manvirkjaleifar í Hrísheimum eða við Raufarhól, en í Brennu við Sandvatn, norðarlega í landi Geirastaða, og á Þorleifsstöðum sunnan við Baldursheim eru miklar bæjarrústir sem benda til varanlegrar búsetu. Ekkert er vitað um hvenær búið var á þessum stöðum annað en að þeir voru fyrir löngu komnir í eyði þegar jarðabók var tekin saman fyrir Mývatnsveit 1712. Miðað við þær heimildir sem þó eru til um byggð á svæðinu frá miðöldum verður að teljast ólíklegt að þessir bæir hafi verið í byggð eftir 1400 þó ekki sé það útilokað. Í þessu samhengi er hægt að minnast aftur á Reykdælasögu en þar er getið um tvo bæi, Hraunsás og Sandfell, sem ekki er vitað hvar voru. Engin sérstök ástæða er til að halda að bæirnir sem nefndir eru í sögunni sé þeir sömu og nú sjást minjar eftir, en allar þessar vísbendingar gefa til kynna að á miðöldum hafi byggð á skráningarsvæðinu verið talsvert þéttari en seinna varð, a.m.k. á einstökum tímabilum.

# 3. *Fornleifaskrá*

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar í landi Baldursheims, Litlustrandar, Sveinsstrandar, Arnarvatns, Syðri-Neslanda, Ytri-Neslanda, Vindbelgs og Geirastaða. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Þá er hverri fornleif gefið númer sem sett er fyrir aftan sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi SÞ-198:050). Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákveða á hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Sem dæmi má nefna að land það sem nú fylgir Gautlöndum austan Gautlandalækjar tilheyrði Sveinsströnd fram á seinni hluta 19. aldar og minjastaðir þar voru því skráðir með Sveinsströnd.

Í skránni er gefið yfirlit yfir skiptingu jarðanna, sléttun túna og þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um að þar hafi verið eða er þar enn að finna.

Á eftir númeri fornleifar kemur heiti hennar eða hlutverk og síðan hnattstaða í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu var gerð með staðsetningartækjum og mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er um 25 metrar að meðaltali. Þar sem getur um

"heimild um ... " t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Þá fylgir leiðarvísir að fornleifastaðnum, mat á þeirri hættu sem fornleifar kunna að vera í og tilvísanir í heimildir um minjastaðinn ef einhverjar eru. Hættustig eru eftirfarandi: engin hætta, hætta og mikil hætta. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni.

Alls var 301 minjastaður skráður sumarið 1997 á átta býlum en það eru tæplega 38 staðir að meðaltali á jörð. Þetta eru örlítið færri staðir að meðaltali á býli en í fyrsta áfanga skráningarinnar en þó er þetta miklu hærra hlutfall en á svæðum þar sem skráning hefur áður farið fram, eins og í Eyjafirði eða Borgarfirði þar sem meðalfjöldi minjastaða á jörð er yfirleitt undir 20. Skýringin á þessum mikla mun er einfaldlega sú að jarðir í Mývatnssveit eru miklu landmeiri en víðast annarsstaðar.

Af þeim 301 minjastað sem skráður var eru 243 eiginleg mannvirki en af hinum eru mest um reiðgötur (22), vöð (18), mógrafir og torfristustaði (5) auk ýmiskonar náttúruminja (linda og hella) sem nýtt voru við búskap, huldufólksbústaða og staða þar sem grasafólk tjaldaði.

Af þeim 243 stöðum þar sem mannvirki eru eða hafa verið eru 44 heillegar tóftir en einnig sjást víða leifar áveitugarða, brúa og garðlaga. Á 108 stöðum sést hins vegar ekkert til mannvirkjaleifa. Í langflestum tilvikum hafa tóftir horfið vegna framræslu og túnsléttunar (47) en einnig hafa nokkrar horfið undir byggingar og vegi (14). Á 85 minjastöðum má greina einhverjar hleðslur en ástand þeirra er misgott: 6 gömul torfhús standa enn undir þaki á skráningarsvæðinu, á 43 stöðum standa hleðslur enn lítið sem ekki hrundar, en á 23 stöðum eru hleðslurnar signar en á 13 eru þær útflattar og ógreinilegar.

Á vettvangi var gert hættumat fyrir hvern minjastað. Hættumat var áætlað á 229 minjastöðum, af þeim töldust 86 vera í engri hættu en 141 töldust í hættu. Osakir þess að minjastaðir voru taldir í hættu voru margs konar. Flestir þeirra staða sem taldir voru í hættu voru það vegna almenns rasks og framkvæmda sem fylgir búskap. Engar verulegar framkvæmdir eru á skráningarsvæðinu, mjög hefur dregið úr framræslu og túnrækt og byggingaframkvæmdir og nýlagning vega takmörkuð. Skipuleg skógrækt er engin en runna- og trjágróður er þó í mikilli framsókn á svæðinu og eru margar rústir komnar á kaf í víði og/eða fjalldrapa. Rætur birkitrjáa sprengja hleðslur og gera uppgröft erfiðan eða ómögulegan auk þess sem mikill gróður á rústum hylur þær sjónum þannig að erfiðara verður að finna þær og skoða.

Ekki er vitað um hlutverk 71 minjastaðar en á 14 stöðum hafa verið mannabústaðir á svæðinu. Flestar minjanna tengjast landbúnaði og má nefna 79 útihús af ýmsum gerðum. Af þeim eru 31 fjárhús og 7 fjárskýli, 2 geitakofar, 2 fjós, 6 hesthús, 2 hrútakofar og 3 beitarhús. Á minjasvæðinu eru einnig 2 smiðjur, 12 stekkir, 7 sel, 6 kvíar og 1 mylla. Þá eru 3 landamerki (vörður og garðar), 31 samgöngumannvirki (10 brýr og 21 leiðir) og 2 huldufólksbústaðir. Nánari grein verður gerð fyrir hverjum minjaflokki í kafla 4.

## SÞ-195 Baldursheimur




12. hdr. 1712. Bændaeign. Fyrst getið í dómi um ómaga frá 29.1.1544 - DI XI, 291. 27.11.1551 dæmir Ormur Sturluson um landamerki milli Grænavtns og Baldursheims og ónýtir fyrri dóm sinn sem virðist hafa gengið Grænavatni í hag. Seinni dómurinn var dæmdur að undirlagi Vigfúsar og Nikulásar Þorsteinssona og gætu þeir hafa átt jörðina þá - DI XII, 336. 20.4.1561 er Grænavatn selt með því að "jorden Balldursheimur ætti Eingiatak fyrir austan kraka vid Langhollt." - DI XIII, 595 sbr. 4.4.1562 - DI XIII, 709; 2.5.1562 - DI XIII, 716; 6.5.1562 - DI XIII, 721. Var í eyði 1784-85. 1839: "" ... landmikiljörð og hefur býsna heyskap en harla örðugan." SSÞ, 123. Þorleifsstaðir talin gömul eyðihjáleiga árið 1712, Hrútvíðirselhjáleiga í byggð frá 1660 til 1703 en áhöld voru á hvort það tilheyrði Baldursheimi eða Skútustaðakirkju. Bæjarstæði mun einnig hafa verið í Hrísheimum en það er nú blásið.

Heimildamaður: Þráinn Þórisson fæddur í Baldursheimi 1922.

**SÞ-195:001** bæjarhóll 65°31.274 N 17°03.487 V




Gamli bærinn stóð þar sem íbúðarhúsið Baldursheimi I (byggt 1966) er nú en náði lengra til suðurs. Á túnakortinu er hins vegar sýnt steypuhús sem byggt var rétt eftir aldamótin og var rifið þegar núverandi hús var byggt norðan við það.

Gamla bæjarstæðið hefur náð út að suðurmörkum trjágarðsins sunnan við íbúðarhúsið. Norðan við stéttina heim að bænum var brunnur sem lengi vel sást til. Brunnur þessi var hluti af brunnhúsi sem var sambyggt gamla bænum. Ekki sést nein veruleg hólmyndun þarna en bærinn hefur staðið á brekku mót austri. Tvö steypuhús hafa verið byggð á bæjarstæðinu og er nú trjágarður þar sem eldra húsið var.

Hættumat:hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnakort 1919.

**SÞ-195:002** Kvíahús heimild um útihús 65°31.211 N 17°03 .402 V

Útihús stóð 40-50 m austan við íbúðarhúsið Baldursheimi II. Fyrir austan Baldursheim II er vegarspotti í gegnum hlið og áfram til austurs í átt að steyptu útihúsi. Norðvestan við þetta hlið er grasbali og þar stóð útihúsið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnakort 1919.

**SÞ-195:003** heimild um útihús 65°31.250 N 17°03.464 V

Að einhverju leyti undir íbúðarhúsi Baldursheimi II en náði lengra til austurs. Þegar íbúðarhúsið var byggt 1966 voru rifnar þær tóftir sem þar voru fyrir.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnakort 1919.

**SÞ-195:004** heimild um útihús 65°31.226 N 17°03.487 V

Útihús var 5-10 m vestan við íbúðarhúsinu Baldursheimi II. Þessi staður er 10-20 m suðaustur af grafreitnum sem er afgirt hólf í túninu. Hús þetta er merkt rangt inn á Túnakort 1919 en er rétt merkt inn á kortinu hér að ofan. Líklega hefur grafreiturinn verið merktur inn á túnakort sem útihús, en gleymst að færa inn húsið sem stóð þar skammt frá.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnakort 1919.

**SÞ-195.005** heimild um útihús 65°31.299 N 17°03.667 V

Útihús var um 100 m norðvestur af íbúðarhúsi í Baldursheimi I og um 100 m norður af steyptri vélageymslu. Var um 90 m suðvestur af 006, þar sem í dag er slétt tún. Hús þetta gengdi á tímabili hlutverki geitakofa og hesthúss.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnakort 1919.

**SÞ-195:006** Barðhús heimild um útihús 65°31.338 N 17°03.639 V

" ... Barðhús var fjárhús á [Barðhúshól], nú lagt niður." segir í örnefnalýsingu. Barðhús hefur verið á hæð í sléttu tún um 150 m vestan við íbúðarhúsið í Baldursheimi I og um 80 m norðan við 005, um 10 m norðaustan við Miðhús 007.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Baldursheimur, 1171.

**SÞ-195:007** Miðhús heimild um útihús 65°31.340 N 17°03.568 V

Miðhús var um 160 m norðvestan við íbúðarhúsið Baldursheimi I (byggt 1966). Það stóð á milli Barðshús og Austastahúss. Þarna er búið að slétta allt í dag.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnakort 1919.

**SÞ-195:008** Austastahús heimild um útihús 65°31.363 N 17°03.507 V

"Norðan við Kinn, sunnan við Jónslaut er Austastahúshóll; á þessum hól stóð Austastahús." segir í örnefnalýsingu. Austastahús var tæpum 200 m norðan (og örlítið austar) en íbúðarhúsið í Baldursheimi I (byggt 1966) og um 20 m norð-austur af Miðhúsum. Á þessum stað er ennþá hæð í túninu en hún er í dag munn minni en áður því talsvert hefur verið rutt úr henni við túnasléttun.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Baldursheimur, 1171.

**SÞ-195:009** Jónshús/Langikofi/Jónshlaða heimild um útihús 65°13.385 N 17°03.506 V

Nyrst var Jónshús sem var fjárhús og sambyggt því var Jónshlaða. Suður úr Jónshlöðu var svo Langikofi sambyggður. Þau stóðu rúmum 200 m norðvestur af íbúahúsinu Baldursheimi I, um 10 m norðar en 008. Voru þar sem nú er hæð í sléttuðu túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnakort 1919.

**SÞ-195:010** kuml 65°31.200 N 17°03.275 V

"[Hrísheimar] eru suðvestur frá bænum. Þar sést glöggt til garða og tótta, en engar sagnir fylgja. Túnið á Hrísheimum blés upp eftir miðja 19. öld, og komu í ljós vopn og fleiri fornmenjar, sem Jón Sigurðsson á Gautlöndum færði Sigurði Guðmundssyni málara fyrir hönd Jóns Illugasonar í Baldursheimi, og varð það fyrsti vísir fornmenjasafnsins." Nú er vísað er á staðinn þar sem kumlið var um 180 m austan við trjágarðinn í Baldursheimi I (þar sem gamli bærinn stóð), út undir girðingu, rétt fyrir sunnan mýrarfen. Um fund þennan segir í skýrslu Arngríms málara frá 1862: "Vorið 1860 fundust í Baldursheimi við Mývatn leifar af dysi, að öllum líkindum frá heiðni. Það er blásið upp úr holti, hérumbil 200 faðma [=376 m] beint í austur frá bæjardyrum, og sást fyrst höfuðkúpa af manni, sem er 17 5/8 þumlúngar að hríngmáli, og fannst þá um leið spjót (nr. 3). En vorið eptir, árið 1861, fannst sverð mjög ryðgað (nr. 2). Var þá farið að grennslast eptir meiru, en því miður af eptirtektarlitlum

únglíngum og var því óreglulega mokað upp dysið, svo ekki verður sem nánast sagt frá, hvernig leifar þessar litu út. Dysið snýr frá austri til vesturs, höfuð í austur, svo beint horfði móti dyrum, og spjótið til hægri handar og tafl (taflmaður) (nr. 6) og 24 beintölur (nr. 1 ). Líka lítur út fyrir, að skjöldur hafi legið til þeirrar handar, og sjást eigi aðrar leifar þess en naglar, og lítið eitt af tré í kring. Til vinstri handa lá sverðið, og sneri oddur niður. Nokkur smástykki komu þar af járni, sem auðsjáanlega eru af umgjörð meðalkaflans, slétt, en bjúg, með lítið barð á röndinni (af skjalfarbólunni). Sverðið hafði verið í tréslíðrum, og sjást leifar þess utan á sverðinu báðumegin. Hjá því lá lítið brýni, með gati í annan enda, og lítil glertala brotin [kom aldrei á Þjms], með gyllíngu auðsjáanlegri. Beinin láu rétt, handleggir niður með hliðum og fætur réttir, og má kalla, að leifar þessar horfði frá landnorðri til útsuðurs. Lærleggirnir voru 17 1/2 þumlúngur, með hlössum, að lengd, og samsvarandi því að gildleika. Hérubil einnar álnar lángt frá fótagafli dyss þessa var annað dys, að hesti, og var það kringlótt, voru leifar hryggsins hríngbeygðar vestanfram, en fótleggir allir til samans austan fram, höfuð í norður, beygt inn að fótleggjunum. Engin merki fundust til reiðskapar, önnur en kjaptmél (nr. 10), er var uppi í höfðinu, og ein lítil járnhryngja. Hesturinn hefur verið í meðallagi stór, og úngur, er vel má sjá af tönnunum. Hér að auki fannst lítið ryðgað járn, er menn héldu að væri leifar af lítilli öxi." pr í Skýrsla FÍ 1, 48-49. Ef vegalengdin sem Arngrímur tiltekur er nærri lagi þá hefur kumlið verið hérumbil miðja vegu milli Baldursheims og Hrísheima. [Það eru rúmir 2 km milli bæjanna þannig að 376 eru vart miðja vegu á milli þeirra] "Merkilegur fundur." Þjóðólfur 14. árg, nr. 17-18, 70-71; Skýrsla FÍ 1, 37- 51. Jón Sigurðsson á Gautlöndum afhenti haugféð fyrir hönd Jóns Illugasonar bónda í Baldursheimi með gjafabréfi 15.7.1863 og var það með gjöf Helga Sigurðssonar fyrsti vísirinn að Forngripasafninu. Þráinn Þórison sem fæddur er í Baldursheimi telur að kumlið hafi fundist heima við Baldursheimsbæinn (um 180 m austur frá garðinum Baldursheimi 1 þar sem gamli bærinn stóð, út undir girðingu, rétt fyrir sunnan mýrarfen) en ekki á Hrísheimum eins og sums staðar er haldið fram. Hnit voru því tekin þar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: LÞ 1, 251.

**SÞ-195:011** Selás 65°28.904 N 17°11.593 V




"Sel á Selás í Grænpollamýri, suður af Sandvatni" Tóftin á Selás er um 2 km sunnan við Sandvatn. Sunnan Sandvatns er Blesuholt og sunnan við það rennur Bjarnarstaðalækur í stórum sveig til suður og austur fyrir holtið. Sunnan við lækinn eru Selgötur 034 sem liggja um 300-400 m yfir Selásinn og að selinu. Selás er þýfður og lyngivaxinn ás en bæði austan og vestan hans er mýrlendi. Selið er í Selásnum vestanverðum. Tóftin er 23 x 8 m, veggir mest 0,5 má hæð en er ekki nema um 0,3 að meðaltali. Austurhluti tóftarinnar er greinilegastur en vestast er hún mjög ógreinileg. Tóftin skiptist í 4-5 hólf.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Söguminjaskrá, 44.

**SÞ-195:012** Kristínar sel 65°28.981N 17°05.763




"Þar eru einnig mjög greinilegar húsatættur, um 7- 9 X 10 m, með 5-6 vistarverum." Rúst sunnan við Enni, um 500-700 m sunnan við Hrútvíðirsel. Hrútvíðirsel í stæði sunnan við Selás en sunnan við það er svo langur melur og kallast sá hluti Enni. Vegaslóði liggur austan í Enni og er Kristínarsel um 50 m vestan við slóðan, strax og komið er suður fyrir Enni um 200 m vestan við Kráká. Neðst í brekkurótum eru miklir og sléttir lyngmóar og mýrar til suðurs og suðvesturs. Tóftir eru á kafi í viði og fjalldrapa en sjást þó vel frá slóðanum. Ekkert vatnsból sýnilegt nær en Kráká.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Söguminjaskrá, 44.

65°29.182 N 65°05.750 V

**SÞ-195:013** Hrútvíðirsel




(Hrútvíða(r)sel). Rústir í skarði milli Seláss og Ennis. Hrútvíðarsel er um 2 km sunnan við Þorleifsstaði, um 100 m vestan við vegarslóða og um 400 m vestan við Kráká. Selið er í dæld við suðurenda Seláss og eru breiðir lyngmóar bæði til austurs og vesturs. Tóftirnar sjálfar eru á vallendisbletti í dæld milli mela. Allt í kring eru lyngmóar og eru þrjár syðstu tóftirnar umkringdar lyngi. Þar er heilleg hringlaga rétt og nokkrar ógreinilegar tóftir. Í brekkurótunum er ein rúst, um 8 m löng og skiptist í 2-3 hólf Framan við réttina er önnur rúst, um 13 m löng og 2-3 minni tóftir.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Söguminjaskrá, 44.

**SÞ-195:014** Þorleifsstaðir 65°30.067 N 17°04.900 V




Rústir eyðibýlis sunnan Þorleifsstaðamela. "Þorleifsstaðir heitir fornt eyðibýli fyrir framan Baldursheim, og eru þar byggingar mikilla fornra girðinga og rústa. Hér hefur heimajörðin stundum brúkað selför en þó ei nú í margt ár. Ekki má hér aftur byggja, því túnstæðið er mestallt viði vaxið." Vegaslóðinn frá Baldursheimi suður að Hrútiviðirseli liggur í gegnum túngarðinn á Þórólfsstöðum, austan við aðaltóftirnar. Þær eru á tveimur hólum í vesturhluta túngirðingar.

Þorleifsstaðir eru í breiðum jafnlendum lyngmóa og eru lágir ásar á flestar hliðar, meira og minna blásnir. Til suðurs (SSV) er kjarr undir blásnum ás, um 300 m frá Þorleifsstað til norðurs er uppblástur um 500 m frá og til austurs um 200 m frá túnjaðrinum. Nokkurn vegin samfelldur gróður er til vesturs upp ásinn þar. Til NNV er vík milli ása og þar mýrlendi. Votlendistota gengur inn fyrir túngarð í suðvesturhorni. Ekkert vatnsból sýnilegt. Blaut mýrir er strax vestan við bæjarstæðið og nær að Selás. Aðalrústin er á smáhól, vestantil innan túngirðingar. Hún er um 22 m löng og um 10 m breið og skiptist í u.þ.b. 5 hólf Skammt norðvestan hennar er annar hóll, með hringlaga tóft sem er áföst túngarðinum. Þá sér móta fyrir nokkrum ógreinilegum tóftum austan við þessar. Bæjarstæðið er á 4 hólum vestan til innan túngirðingar. Aðalrústirnar eru í tvennum lagi vestari hólnum (1 og 2) engar sýnilegar á hólnum austan við, en undir syðsta hólnum er aflöng tóft (3) og á hólnum hvompur sem gæti verið mannvistarleifar. (3) er 55 m sunnan við (1), 10 m vestan við reiðgötumar sem liggja milli (1) og (2) þvert í gegnum bæjarstæðið. Er 30 m austan við vesturhlið túngarðsins og 30 m norðan við suðurhlið hans. 18 X 6, að utan snýr N-S, allgróin lyngi ólíkt hinum rústunum. Dýpt tóftarinnar er 0,7 m, þykkt veggja 1,5-2 m. (4) er 10 X 5 m að utan, snýr N-S, er 18 m norðan við þar sem vegaslóðinn fer yfir suðurhluta túngarðsins. Er austan í syðsta hólnum. Tóftin er 0, 7 m djúp en veggir eru ógreinilegir að utan. Innri skipting tóftarinnar er óljós vegna þess að mikill viðigróður vex inn í henni.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Söguminjaskrá, 43 og JÁM bls. 15.

**SÞ-195:015** brunnur 65°31.284 N 17°03.521 V

Er um 40 m norðvestur af bæ og um 15 m norðvestur af hlöðunni. Er í austurenda slétts túns. Brunnurinn er byrgður með steinum en er þó nokkuð heill að innan. Hann stendur svolítið hærra en túnið umhverfis.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

**SÞ-195:016** varða 65°30.997 N 17°06.028 V

"Selhólar eru þrír hólar í röð austurs til vesturs í mýrinni vestur af Víðigrófarholti (029). Suður, austar og norður [?] af Selhólum er Selhólamýri, nær austur af Stekkjarholti." Hver þessara hóla hefur vörðu á toppnum. Sá austast sem hér um ræðir er mjög grýttur og varðan á honum er mjög hrunin og gróin. Sunnan við hólinn er mýrlendi (Selhólamýri) en norðan við móar.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: AFSkút e HH.

**SÞ-195:017** Barðkofi heimild um útihús 65°31.414N 17°03.643V

Barðkofi var 260- 70 m norðaustur af íbúðarhúsinu Baldursheimi I (byggt 1966), um 10-15 m vestan við Jónshús, í túnjaðrinum. Var að sögn heimildamanns fremur ómerkilegur kofi, að innanmáli um 3 X 3 m.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Baldursheimur, 1171

**SÞ-195:018** Gatnamótamelur 65°31.510 N 17°03.824 V

"Sandbrekka er norðan og vestan við Landengjar, þar beygir Kráká norður. Vestan við Landengjamel heitir Gatnamótaflötur og Gatnamótamelur er sunnan við Gatnamótaflöt" Er ávöl hæð sem í dag er keyrt yfir rétt áður en komið er að heimreiðinni heim að Baldursheimi þegar komið er úr norðri. Þarna liggur vegur í dag en aðrir slóðar sjást ekki. Báðum megin við veg eru melur.

· Heimildir: Ö-Baldursheimur, 1173.

**SÞ-195:019** Hrísheimar býli 65°30.817 N 17°06.452 V

Er fyrir suðaustan Hellu (um kílómeter), um 400 m suðaustan við Selhólana og vestan við Selhólamýri. Svæði þetta er mjög illa farið af uppblæstri og á því svæði sem bærinn hefur staðið er ekkert hægt að sjá nema grjót á víð og dreif. Ath. kumlafundurinn í Baldursheimi hefur verið sagður frá Hrísheimum en ekki við bæinn í Baldursheimi eins og hefur verið viðtekið. Þráinn Þórisson sem er fæddur og uppalinn í Baldursheimi segir kumlið örugglega vera þaðan og að ekki sé vitneskja um að neitt annað hafi fundist í Hrísheimum annað en nokkrar glerperlur sem séu týndar í dag.

Hættumat: hætta vegna rofs.

Heimild: Ö-Baldursheimur.

**SÞ-195:020** gata 65°31.301 N 17°03.516 V

"Barðhúshóll er norðan við Hátún, gamlar götur eru þar á milli. "Hátún er túnið norðvestan við íbúðarhúsið Baldursheimi I (byggt 1966). Gatan náði úr suðvestri rétt sunnan við þar sem brunnurinn er (015) og norðvestur túnið þangað sem útihúsin voru. Þarna er sléttað tún í dag og ekkert sést til götunnar.

Heimild: Ö-Baldursheimur, 1171.

**SÞ-195:021** heimild um byrgi 65°31.116 N 17°03.399

"Suðaustur af gamlatúninu er Byrgismelur þar var áður silungabyrgi ..." Var suðaustan við syðsta íbúðarhúsið, þ.e. Baldursheim III. Þarna er mjög grýttur melur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Baldursheimur, 1172.

**SÞ-195:022** Kvíhúsgötur 25°32.218 N 17°03.487 V

"Suðurtún er suður frá bænum og nær frá Kvíhúsgötu vestur á Vallarbarð. En Kvíhúsgata er gata sem lá frá bænum að Kvíhúsi, sem stóð austan við Kvíaból." Náðu frá Kvíahúsum (002) og til vesturs nokkurn veginn þangað sem grafreiturinn er í dag. Á þessu svæði er sléttað tún í dag.

Heimild: Ö-Baldursheimur, 1171.

**SÞ-195:023** Selskarð 65°30.183 N 17°03.960 V

"Suðaustur af bæ og túni er langur viðar- og lyngmór, sem heitir Bæjarmór. ... Vestur af Bæjarmó syðst er Selskarð, milli Þorleifsstaðamós og Bæjarmós. Norðan við Selskarð er Selskarðshnúta ... " Selskarð er gróinn lægð á milli uppblástursholta. Suðvestan við suðvesturenda túnanna sem hafa verið ræktuð við Bæjarmó. Um 200 m eru frá syðsta túninu að skarðinu og sennilega um 300 m frá því niður að Kráká. Vestan til á skarðinu, sem er um 150 m breitt, eru vörður á uppblásnum hólum, ein sunnan við og önnur norðan við, heldur vestar en hin. Lyngmói með fjalldrapa og gulviði niður í botni lægðarinnar en uppblásturssvæði að sunnan, nær alveg niður í lægðina. Að norðan er gróið upp á holtið. Vatnsfarvegur er eftir miðri lægðinni, eftir leysingavatn á vorinog er á svæðinu hvergi vatn nær en Kráká. Vatnsskorturinn bendir til að langt sé um liðið síðan haft var hér í seli eða að nafnið sé dregið af því að hér hafi legið leið til selja frá Baldursheimi. Um 20 m VSV við nyðri vörðuna í Selskarði, þ.e. norðan við, eru tvær stórar nokkurn veginn ferkantaðar [hvampir?] ofaní móa. Sú nyðri er 4 X 3 m og sú syðri 5 X 3 m, báðar um 1,5 m djúpar. Vestan við þær er ámóta djúp vatnsrás og er sennilegt að þetta sé allt saman gert að vatni.
Heimild: Ö-Baldursheimur, 1172.

**SÞ-195:024** Ytri-Stekkur 65°31.285 N 17°05. 098 V




"Ytri-Stekkur er suðvestur af Melshorni ... " Tveir litlir hólar eru vestur af Gróamóstúni Ytri-Stekkur er á þeim nyðri. Hólarnir eru fyrir vestar Sjónarhól. Ytri-Stekkur er um 200 m norðan við Syðri-Stekk (025) og um 100 m vestan við girðingu. Norðurhlið hólsins er uppblásin en stekkurinn hefur verið suðaustan í hólnum og þar er mjög gróðursælt. Runnagróður hvers kyns vex þarna í miklu mæli og vegna hans er lítið hægt að sjá til stekkjarins. Þarna er allt á kafi í gróðri en syðst í hólnum má greina 2-3 m langa hleðslu sem er í brekkubrúinni.
Hættumat: mikil hætta vegna ágangs gróðurs.
Heimild: Ö-Baldursheimur, 1172.

**SÞ-195:025** Syðri-Stekkur 65°31.093 N 17°05.328 V




"Grófarholt er sunnan við Grófina en austur frá Syðra-Stekk, sem er tóftarbrot á sérkennilegur melhól sunnan við Víðigróf" Tveir litlir hólar eru vestur af Gróamóstúni Syðri-Stekkur er á þeim syðri. Hólarnir eru fyrir vestan Sjónarhól. Syðri-Stekkur er um 200 m sunnan við Ytri-Stekk (024) Norðan hólsins er mýrlendi en annars eru móar allt í kring. Stekkurinn hefur verið sunnan í hólnum. Tóftin er á grösugu svæði en norðan við hana er hóllinn fremur grýttur. Tóftin er fremur greinileg og er um 5 X 7 m að stærð með opi til vesturs. Hleðslur sjást á nokkrum stöðum en eru sérstaklega greinilegar í suðurvegg. Vestan við

tóftina er óljós þúfnaröð sem gæti hafa verið samfast hólf vestan við. Sunnan við tóftina eru nokkrir steinar í röð á tveimur stöðum og á þeim syðri myndar röðin U-laga hólf sem er um 2 X 1,5 m.

Hættumat: hætta vegna ágangs gróðurs.
Heimild: Ö-Baldursheimur, 1172-1173.

**SÞ-195:026** Botnavarða 65°30.864 N 17°04.913 V

"Grófarbotn heitir þar sem Grófin fellur úr Mýrinni .... Austur af Grófarbotni er Botnaholt, og suður af Grófarbotni er Botnamýri, og austur af Botnaholti er á Melnum, Botnavarða." Austarlega í Mýrinni. Dálítið sunnan við Syðri-Stekk. Beint austur af þar sem Grófarbotninn er nú, á grýttu holti. Varðan samanstendur aðallega af einum mjög stórum stein og nokkrum minni ofan á.

Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ö-Baldursheimur, 1173.

**SÞ-195:027** Litlarétt heimild um rétt 65°31.237N 17°03.367V

"Litlarétt er við Kvíabólið, þar var hestarétt og reiðingsgeymsla áður." Milli 40-50 m austan við Baldursheima II og um 70 m suðaustan við íbúðarhúsið Baldursheim I (byggt 1966). Norðan við vegin sem liggur í gegnum hliðið og í átt að útihúsinu og vestan við girðingu á grasbakka.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Baldursheimur, 1173.

**SÞ-195:028** Stekkjarmelur 65°30.970 N 17°05.702 V

Er um 150 m suðaustur við syðsta Selhólinn og nær töluvert til suðurs, milli Stekkjarhóls og Selhóla. Stekkjarmelur er þurr melur en engar tóftir sáust í námunda við hann.

Heimildir: Ö-Baldursheimur, 1173.

**SÞ-195:029** Brókarvarða 65°31.158 N 17°05.621 V

"Víðigrófarholt er norðan við Víðigróf, þar sem hún fellur úr mýrinni. Vestan við Víðugrófarholt er varða, sem heitir Brókarvarða, stendur á tveim stöplum en svo hlaðin upp í eitt." Er suðvestan við Sjónarhól. Vestan við stekkina, mitt á milli þeirra. (024 og 025) Er á fremur grýttri hæð en allt í kring eru móar. Varðan sést ekki vel úr fjarlægð.

Hættumat: engin hætta. Heimild:
Baldursheimur, 1173.

**SÞ-195:030** Selhólar 65°31.000 N 17°06.140 V

"Selhólar eru þrír hólar í röð austur til vesturs í mýrinni vestur af Víðigrófarholti [029]. Suður, austar og norður [?] af Selhólum er Selhólamýri, nær austur að Stekkjarholti." Norðaustan við Hrísheima eru þrír lítt grónir hólar í röð. Austan við íbúðarhúsið Heiði. Ekki sást til seltófta á hólunum þrem eða í námunda við þá og punktar eru því teknir á miðhólnum.

Heimild: Ö-Baldursheimur, 1173.

**SÞ-195:031** varða 65°30.533 N 17°04.899 V

"Þorleifsstaðamelur er hár melur með vörðu suðvestur af Þrívörðugeilum." Þorleifsstaðamelur er norðan við Þorleifsstaði og Þorleifsstaðamóa og liggur N-S. Vestan við hann er gróið land. Melurinn er röð af lágum hólum og eru vörður á mörgum þeirra. Hnit tekið á syðsta hólnum en þar er hálfbruninn varða, allgróin.

Hættumat: hætta vegna uppblástrar.
Heimildir: Ö-Baldursheimur, 1174.

**SÞ-195:032** Miðgatnavað 65°31. 770 N 17°06. 781 V

"Við merkin við lækinn er Miðgatnavað, þar suður eftir norðan við Krók heitir Lækjargil um Bjarnastaðalæk." Landamerkjagirðing nær frá ristahliði sem er um miðjan afleggjara heim að Heiði. Vaðið er Bjarnastaðalæk á sama stað og girðingin. Er um 700 m vestan við afleggjaran á Bjarnastaðalæk. Lækurinn er 5-6 m breiður og vaðið var yfir hann rétt norðan við girðingu (um 8 m) en þar eru steinar og hellur þannig að hægt er að fara yfir lækinn þurrfóta.

Heimild: Ö-Baldursheimur, 1175.

**SÞ-195:033** varða 65°31.000 N 17°06.192 V

"Selhólar eru þrír hólar í röð austur til vesturs í mýrinni vestur af Víðigrófarholti [029]." Sá Selhóll sem er í miðjunni, um 15 m vestar en austasti Selhóllinn. Fremur grýttur hóll. Er efst á hólnum og umhverfis vörðuna er töluvert grýtt.

Hættumat: engin hætta.

Hættumat: Ö-Baldursheimur, 1173.

**SÞ-195:034** Selgötur 65°28.218 N 17°11.538 V

" ... suðvestur á Selás [033] liggja svo Selgötur." Selgöturnar eru um 1,5 km sunnan við Sandvatn og sjást greinilega þegar komið er suður fyrir Blesugróf og yfir lækinn. Göturnar liggja frá nyrsta hluta Selássins og vestan megin í honum í suðurátt. Göturnar ná að Selinu og eru um 0,5 km langar en misgreinilegar, þær sjást best norðanlega í ásnum en eru ógreinilegri þegar komið er að selinu. Punktar teknir um 10 m fyrir sunnan selið.

Heimild: Ö-Baldursheimur, 1175-1176.

**SÞ-195:035** Miðaftansvarða 65°30.165 N 17°05.554 V

"Kollusund var djúpt og blautt sund, sem tengdi saman Selhólsmýri og Sund, ... Norðaustur af Sundum er Miðaftansvarða, það er eyktamark frá Þorleifsstöðum." Er beint vestur af Þorleifsstöðum á hól. Stakur hóll er 400 m vestur af tóftunum á Þorleifsstöðum. Stendur allhátt upp úr mýrinni og er blásinn í kollinn. Á honum er varða úr stóru grjóti, um 3,5 X 2,5 m að grunfleti og stendur um 0,8 m.

Heimild: Ö-Baldursheimur, 1176.

**SÞ-195:036** Hrútvíðirvað 65°29.048 N 17°05.067 V

"Enni er sérstök hæð suðurfrá Selinu [Hútvíðirsel] ... Austur af Enni er vað á Kráká, sem heitir Hrútvíðirvað." Kráká rennur um 200 m austan við Enni og er vaðið heldur norðan við mitt Enni, eða nær Hrútiviðirseli en Kristínarseli. Kindagötur liggja niður að vaðinu úr vestri en bílför meðfram bakkanum úr suðri. Á vaðinu er áin um [50 m] breið og að sjá jafndjúp alls staðar.

Heimild: Ö-Baldursheimur, 1177.

**SÞ-195:037** varða 65°30.988 N 17°06.227 V

"Selhólar eru þrír hólar í röð austur til vesturs í mýrinni vestur af Víðigrófarholti [029]. Sá Selhóll sem er vestast er um 5 m vestar en sá Selhóll sem er í miðjunni. Fremur grýttur hóll. Er efst á hólnum en er mjög hrunin, ávöl og mosagróinn.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Baldursheimur, 1177.

**SÞ-195:038** Holtsspildugarður 65°31.720 N 17°03.022 V

"Farvegur er úr Kráká norðaustur í engið, sem heitir Baldursheimskíll ... norðan við Baldursheimskíl er stykki, sem heitir Holtsspilda; norðan við Holtsspildu er stíflugarður, sem heitir Holtsspildugarður.“ Um 100 m fyrir austan við Þórólfshvoll. Þarna er mýrarsvæði sem breytist ár frá ári. Garðurinn var um 80 m langur og náði frá norðvestri til suðausturs. Í dag er garðurinn rofinn af læk sem hefur breytt um farveg.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Baldursheimur, 1177-1178.

**SÞ-195:039** Flögugarður 65°31.635 N 17°02.715 V

"Flaga heitir stykki í engjunum milli Baldursheimskíls og Vætuhryggs. En Vætuhryggur er viðarmór norðvestan við Vætuker. Austan við Flögu er stíflugarður, sem heitir Flögugarður." Um 80-100 m vestar en Pollagarður. Er norðaustan við Baldursheima. Er á mýrarsvæði. Garðurinn er alveg gróinn og er orðinn mjög vel falinn í landslaginu.

**SÞ-195:040** Pollagarður 65°31.642 N 17°02.674 V

"Norðan við Vætuhrygg er stararpollur, sem heitir Pollar. Austa við Polla er Pollagarður ... " Um 100 m austan við Flögugarð. Er á mýrarsvæði.

Heimild: Ö-Baldursheimur, 1178.

**SÞ-195:041** varða 65°30.062 N 65°30.806 V

Varða er nyrst á ásnum (Selás) sem liggur til N-S, við Þorleifsstaði og endar til móts við Þ. um 200 m SV af Miðaftansvörðu 035. Þessi varða um 3 X 2 m í botninn, stendur 0,7 m há, er úr stóru grjóti og vel gróin.

**SÞ-195:042** Nónvarða 65°25.701 N 17°05.765 V

"Suður af Þorleifsstöðum heitir Reiðholt; austan þess er Þorleifsstaðamór, en vestan hans heita Reiðholtsvíðrar, sem er gulvíðiflákar vestur af Reiðholti og norðaustur af Nónvörðu, sem er nyrzt á Selás og er eyktarmark frá Þorleifsstöðum. "Um 80 m sunnan við vírgirðingu liggur yfir Selásinn um 700 m sunnan við Þorleifsstaðir er varða á breiðri blásinni hæð þar sem Selásinn er hæstur. Vörðubrotin eru gróin. Varða þessi hefur verið mjög stór/eða endurhlaðin því í grunnin er hún 7 X 7 m. Í botinum stendur nú mælistika, stungin niður og hefur grjóti verið rutt til, til að koma henni fyrir. Vörðutyppi er einnig um 700 m sunnar, á næstu hæð, á Selás fyrir sunnan.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Baldursheimur, 1174.

**SÞ-195:043** heimild um ristu 65°31.277 N 17°03.296 V

"Torfrista var mikil, en ekki var hún talin góð vegna sandlaga. Hún var helst stunduð í mýrlendi skammt frá bæ." Er austan við tjörnina sem er austan við Baldursheim I. Um 130 m austan við íbúðarhúsið Baldursheimi 1, á mjög röku svæði.

Heimild: Svör við spurningum Örnefnastofnunar, nr. 37.

**SÞ-195:044** Baldursheimsgróf 65°30.881 N 17°05.242 V

"Baldursheimsgróf er frennsli nokkuð stórrar mýrar sem Botnamýri heitir. Við Grófarbotninn var svarðartekja .... Síðast var tekinn upp svörður í Grófarbotninum 1941 ... " Grófin byjar hjá ræsinu fyrir ofan bæinn ef henni er fylgt er farið fram hjá Sjónarhól og fram hjá stekkjunum (024 og 025) og þvínæst í Grófarbotninn. Er sunnan við stekkina. Er þar sem Grófin greininst í tvennt í dag. Svarðartekja þótti ekkert sérstök þarna Umhverfi er mikið að breytast á þessum slóðum og er Grófarbotninn sunnar í dag en hann var áður.

Heimild: Svör við spurningum Örnefnastofnunar, nr. 37.

**SÞ-195:045** Þrívörðugeilar 65°30.651 N 17°04.423 V

"Það er austan við Þrívörðugeilar, sem er óslétt uppblásið land norðaustur af Þorleifsstaðamel." Vegaslóðinn niður að Þorleifsstöðum liggur um Þrívörðugeila, austan eða NA við Þorleifsstaðamel. Um 50 m vestan við slóðan á stökum melhól og velhlaðin en hálfhrunin varða. Melhóllinn er blásinn en í kringum hann eru gróin börð.

Hættumat: hætta vegna uppblásturs.

Heimild: Ö-Baldursheimur, 1174.

## *SÞ-196 Sveinsströnd*




12 hdr. 1712 með Litluströnd. Bændaeign. Heimajörðin tíundaðist þá fyrir 9 hdr. Einnig Hrakströnd á 15. og 16. öld. Fyrst getið 7.5.1434 en þá seldi sr. Jón Gamlason sr. Þorkeli Guðbjartssyni "stravnd vit myvatnn I skvtvstada þingvm." - DI IV, 544. 11.5.1447 selur sr. Þorkell Birni Sæmundssyni Hrakströnd fyrir Jarlstaði í Bárðardal [12 hdr. 1847] "med þui þriggia kua fodre sem sira þorkell keypti j grænauas land yfrum kracká." - DI IV, 704- 705. 14.7.1531 hafði Jón bp Arason selt Þorsteini Finnbogasyni "Sveinstrond vid myvatn." - DI IX, 594 og gæti það verið sú Strönd sem talin var meðal jarða Hólastóls 1525 - DI IX, 301. 30.9.1548 gefur Þorsteinn Nikulási syni sínum til kvánarmundar við Sigríði Einarsdóttur m.a. "strond xiic" - DI XI, 668. 1550 er "Strond .xij. c." talin meðal jarða sem höfðu lógast frá

Hólakirkju í tíð Jóns Arasonar bps - DI XI, 873 sbr. DI XII, 460. 20.4.1561 er Grænavatn selt með því að "jordin Hrakstrond ætte .iij. kua fodur a eingium j Grænavatzlandi." – DI XIII, 595 sbr. 4.4.1562 – DI XIII, 709; 2.5.1562 – DI XIII, 716; 6.5.1562 - DI XIII, 721. Litlaströnd mun hafa byggst um 1640 og var á 17. og 18. öld talin fjórðungur allrar jarðarinnar. Eftir 1870 eyddi sandfok landi á vesturásum og blés á tún og um það leyti keyptu bændur á Gautlöndum og í Baldursheii Sveinsströnd og skiptu landi jarðarinnar á milli sín. Áfram var þó búið á Sveinsströnd við lítil jarðarafnot til 1945. Jörðin er nú ekki lengur til, norðurhlutinn lagður undir Gutlönd og syðri hlutinn undir Baldursheim. Þorlákskot var hjáleiga í byggð frá um 1660 til 1709.

Heimildamaður: Þráinn Þórisson fæddur í Baldursheimi 1922.

**SÞ-196:001** búskaður




Þar sem Sveinsstrandarbærinn og útihús hans stóðu er nú rennislétt afgirt tún í smáhalla. Tún þetta er u.þ.b. 250 m vestan við veginn og tæpum 300 m norðvestan við Litlustrandarbæinn. Bærinn var um 50 m norðan við suðurhlið girðingarinnar og 70-80 m austan við vesturhlið hennar. Hann var fremur vestarlega í túni en í dag hefur túnið verið sléttað og stækkað mjög mikið til vesturs og norðurs þannig að bæjarstæðið er fremur miðsvæðis. Hnit sem tekin voru 1997 byggðust á villandi upplýsingum og eru röng.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnkort 1919.

**SÞ-196:002** Miðhús heimild um útihús

Var 40 m norðar en 001 og þannig 90 m norðan við suðurhlið girðingarinnar. Var um 80 m austar en vesturhlið girðingarinnar í sléttuðu túni. Hnit sem tekin voru 1997 byggðust á villandi upplýsingum og eru röng.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnkort 1919.

**SÞ-196:003** Ystahús heimild um útihús

Um 20-30 m sunnan við norðurgirðingu (norðurjaðar túns). Var u.þ.b. 80 m austan við vesturgirðingu (vestur jaðar túnsins). Hnit sem tekin voru 1997 byggðust á villandi upplýsingum og eru röng.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnkort 1919.

**SÞ-196:004** Þorlákskot býli 65°32.773 N 17°07.299 V

"Þetta kot er bygt skamt vestur frá heimajörðinni hjer um fyrir 50 árum, ... " Um 10 m austan við Gautlandalæk. Rétt sunnan við Torfunestún. Er á lítilli hæð á lækjarbakkanum, allt í kring eru grösugir hagar. Tóftin er nokkuð greinileg enda stendur hún á hæð við lækjarbakkann. Tóftin er að meðaltali um 0,3 m á hæð og skiptist upp í þrjú hólf sem eru svipuð að stærð. Í norðurveggnum í syðsta hólfinu er hægt að greina frekar samfellda hleðslu en annars staðar sést ekki í grjót.




Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: JÁM XI, 227.

**SÞ-196:005** Arnarvatnsgötur 65°33.237 N 17°07.309 V

"Arnarvatnsgötur liggja norður vestan á Ásunum." Gamlar reiðgötu sem lágu frá Gautlöndum yfir lækinn á Tíðarvaði og síðan til suðurs í að Arnarvatni. Þarna er vegslóði í dag. Göturnar liggja að mestu leyti yfir móasvæði.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1147.

**SÞ-196:006** Messugötur 65°33.691 N 17°07.462 V

"Messugötur lágu frá Tíðavaði [SÞ-194 :031] norðaustur Ásana sunnan við Fálkamó að Tíðaskarði." Eru sömu götur og Arnarvatnsgötur frá Tíðavaði, en greinast frá þeim og beygja til austurs yfir ásana þegar komið er nokkur hundruð metra til suðurs. Göturnar lágu til kirkjunnar á Skútustöðum. Liggja að mestu leyti yfir móasvæði Þarna er greinilegur bílslóði í dag.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1147.

**SÞ-196:007** Miðgötur 65°33.220 N 17°07.309 V

"Miðgötur liggja þvert austur frá Tíðavaði." Miðgötur liggja frá aðal heyskaparssvæði Gautlandi í Nautey beint í vestur til Gautlanda. Liggja norðan við heimreiðina heim að Gautlöndum, samsíða. Nær að mestu leyti yfir móasvæði. Þessar götur voru stundum einnig notaðar til að fara til messu að Skútustöðum.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1148.

**SÞ-196:008** Syðstugötur 65°33.234 N 17°07.303 V

"... Syðstugötur liggja einnig frá Tíðavaði , suðaustur Ásana í Sveinsströnd og á Kotholt." Göturnar náðu frá syðsta engjastykki Nauteyjar og heim að Gautlöndum. Lágu sunnan við þar sem heimreiðin er nú, samsíða, en svo til norðurs meðfram læk að Tíðavaði. Nær að mestu leyti yfir móasvæði.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1148.

**SÞ-196:009** Braut leið 65°32.962 N 17°07.156 V

"Að þessu vaði [SÞ-194:058] lá Braut, sem var gamall upphleyptur vegur yfir Réttarmýri á merkjum austur í Sveinsstrandarskarð. "Lá frá Gautlandalæk í austur yfir mýrina í ca. 100 m. Var hluti að reiðgötum milli Gautlanda og Lítlustrandar.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1148.

**SÞ-196:010** Borgargötur 65°33.341 N 17°06.140 V

"Frá Miðgötum [007] ... liggja svo Borgargötur norðaustur um Stórastein í Borgir í Nautey, Stórísteinn er stakur steinn austan í Austari-Háásnum víð Borgagötu. "Miðgötur og Borgargötur greindust þegar komið var austan víð miðja ása, nálægt því sem aðalvegurinn

liggur nú. Austan við aðalveginn, beint á móti heimreiðinni heim að Gautlöndum er bílslóði sem er á svipuðum slóðum og Borgargötur lágu. Borgargötur lágu svo rakleiðist í nyrsta engið í Nautey. Nær yfir mela og móa.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1148.

**SÞ-196:011** garðlag 65°32. 737 N 17°04.454 V

Liggur úr Sveinsstrandartjörn um 200 m í austur. Norðan við garðinn er sléttlendi. Hleðslur sjást á stöku stað.

Hættumat: hætta vegna ágangs gróðurs.

**SÞ-196:012** Eyjarfótsgarður 65°33.933 N 17°04.778 V

"Eyjarfótur er norðurendi Nauteyjar. Hluti af honum er í Arnarvatnslandi, en heitir það annað. Aðallega er þetta nafn á engjaspildu, sem er sunnan og austan við Eyjafótsgarð, sem er krókóttur hróagarður milli Krákár og Nauteyjarkíls ofan við Eyjafót." Er norðan Syðsta-Stykkis. Liggur frá vestri (frá Nauteyjarkíl) til austurs (að Kráká). Eini garðurinn sem er sýnilegur milli Ystubrúar og merkja við Arnarvatn, er garður á merkjagarður og girðing er ofan á. Hlaðið þykkt og hátt yfir mýrarsundin en minna eða ekkert á lyngmóaholtunum á milli. Þessi garður er ekki krókóttur en gæti hafa nýst sem áveitugarður.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1149.

**SÞ-196:013** Eyjarfótsheystæði

"Þar sem Eyjafótsgarðuminn beygir til norðurs er heystæði, Eyjafótsheystæði."

Heimild: Ö-Gautlönd, 1149.

**SÞ-196:014** Yztabrú 65°33.724 N 17°05.225 N

Borgargötur liggja að Yztubrú frá gatnamótunum að Baldursheimi og Gautlandaafleggjara. Um 200 sunnan við syðsta tún Gautlanda, vestan Nauteyjar. Brúin er á hylnum þar sem hann endar til suðurs, verður að breiðri mýri við endan Á brúarstæðinu eru nú tveir plankar, annar brotinn, yfir hylinn sem hér er um 3 m breiður. Strax sunnan við er vað og þar er hylurinn um 8 m breiður vegaslóðanum (Borgargötu).

Heimild: Ö-Gautlönd, 1149.

**SÞ-196:015** Syðstigarður 65°33.847 N 17°05.111 V

"Hólf eru í Nautey frá sunnanverðum Árkrók að syðsta garði gamla. Syðstigarður er grjótgarður. Í Nauteyjarkíl á merkjum Hólfs og Stórastykkis. Syðstigarður flóðgarður í miðri Nautey, hlaðinn 1919." Enginn þvergarður er um Nautey syðst en um 200 m austan við Ystubrú og um 150 m norðar eru garðleifar sem liggja í sveig frá norðri til suðurs. Í nyðri hluta Nauteyjar skiptast á lyngmóar og mýrarblettir. Hið s.k. Hólf er garðurinn þvert yfir eitt slíkt, milli lyngmóa.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1149.

**SÞ-196:016** garðlag 65°32.423 N 17°03.833 V

Austan við Kráká. Nær frá Litlustrandarbrúnni til austurs en beygir í miðjunni til norðurs. Er samtals um 50 m. Er á engjasvæði.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

**SÞ-196:017** Ytristífla 65°33.114N 17°04.145V

"Ytristífla er í Kráká við Stórastykkið ... " Ytristífla var áveitustífla um 350 m norður af Syðri-Stíflu (018). Á árbakka en í kring er mikið mýrlendi. Lítil ummerki sjást þarna en á árbakkanum eru þó nokkrir steinar.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1149.

**SÞ-196:018** Syðri-Stífla 65°33.022 N 17°04.236 V

"Syðri-Stífla er við Stífluhólmann austur af Stíflumosa. Stíflumosi er engi vestur og norðvestur að Syðri-Síflu ... " Um 3 50 m sunnar en 0 17. Syðri-Stífla var áveitustífla í Kráká rétt norð-austur af Kotárholti. Hólmi er á ánni á þeim stað sem stíflan var. Á árbakka en í kring er mikið mýrlendi. Þar sem hólminn er næst vestur-árbakkanum má greinilega sjá í árbotninum að grjóti hefur verið hrúgað upp þannig að einungis vantar 0,2-0,3 m upp á að grjótið nái upp úr ánnni. Austan í hólmanum eru einhver spýtu-mannvirki sem líklega tengjast stíflunni líka.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1149.

**SÞ-196:019** Slýgarður 65°32.988 N 17°04.384 V

"Slýgarður er vestur úr Ytra Kotholti [suðvestur af Syðristíflu]" Garðurinn er fyrst sjáanlegur um 20 vestan við Kráká (á svipuðum stað og Syðri-stífla) og liggur til vesturs í um 500 m að Nauteyjarkíl, í röku engi. Heimildamaður telur að garðurinn heiti Slýjagarður.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1150.

**SÞ-196:020** Tjarnargarður 65°32.797 N 17°04.708 V

"Syðri-Slý er vestan við Syðra-Kotholt og nær frá Slýgarði og suður að Tjarnargarði, en það er hlaðinn flóðgarður við norðanverða Sveinsstrandartjörn." "Syðri-Slý er vestan við SyðraKotholt og nær frá Slýgarði og suður að Tj amargarði, en það er hlaðinn flóðgarður við norðanverða Sveinsstrandartjörn." Á norðurbakka Sveinstrandartjarnar, um 50 m norður af tjörn. Beint norður af Litlastrandarbænum (um 200 m). Um 50 m norður af tjörn, í röku, sléttu túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1150.

**SÞ-196:021** heimild um geitakofa 65°32.752 N 17°05.005 V

Var sunnan við gamla bæinn (001 ), líklega svona 20 m. Hefur verið nálægt þar sem suðurgirðingin er í dag (um 10 m norðar) og 20 m austar en vesturgirðingin. Þarna er í dag sléttað tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

**SÞ-196:022** garðlag 65°32.442 N 17°03.585 V

"Nes heitir suðvesturhorn landsins, þar sem koma saman Kráká og Strandarkíll. ... Í nesinu er lágt holt, Flöguholt; var lengi heygarður frá Sveinsströnd." Austan við Kráká, á árbakkanum 200-300 m sunna við Litlustrandarbrú. Í röku engi. Heimildamaður segir að mun fleiri bæir en Sveinsströnd hafi átt þarna heystæði

Heimild: Ö-Litla-Strönd, 3.

**SÞ-197**




## *Litlaströnd*

Hjáleiga frá Sveinsströnd. "Bygð skamt suður frá heimajörðunni hjer um fyrir 70 árum[þ.e. um 1640] , útskift einasta að túni og engjum, og reiknst fjórðungur allrar jarðinnar [ = 3 hdr]." Var í eyði 1785-86 og 1787-96. Á 19. öld var landinu skipt er Sveinsströnd var bútuð niður milli nágranna og mun talsvert meir en fjórðungur hafa lagst til Litlustrandar af upphaflegri landareign Sveinsstrandar.

**SÞ-197:001** bústaður 65°32.481 N 17°04.088 V




Gamla bæjarstæðið er um 50 m norðvestan við íbúðarhúsið þar sem í dag er sléttað tún. Nyrst stendur enn braggi sem var seinni tíma viðbygging við gamla bæinn. Sunnan við braggan sést ekkert til gamla bæjarins nema suðurveggurinn en hann stendur nokkuð heill og er norðurveggur í litlu afgirtu hólfi á miðju túninu. Um 8 m eru milli suðurenda braggans og suðurveggjar gamla bæjarins sem enn stendur. Veggurinn sem enn stendur uppi er um 1,5 má breidd, 7 má lengd og 1,6 á hæð.

Heimild: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnkort 1919.

**SÞ-197:002** heimild um útihús 65°32.507N 17°04.172 V
Um 60 m fyrir vestan 001 og örlítið norðar. Norðan við hlöðuna og nálægt túnjaðri. Heimildamaður man vel eftir tóft á þessum stað og segir ekki mjög langt síðan sléttað var endanlega yfir hana.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnkort 1919 og Þráinn Þórisson fæddur í Baldursheimi 1922.

**SÞ-197:003** Ystahús heimild um útihús 65°32.513 N 17°04.061 V
Var u.þ.b. 30 m norð-austur af 001 og beint norður af íbúðarhúsinu Litlu-Strönd (byggt 1947). Er nálægt túnjaðrinum í sléttuðu túni.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnkort 1919.

**SÞ-197:004** Guðmundarhús heimild um útihús 65°32.481 N 17°04.032 V
"Austur af gamla bænum stóð Yztahús við Fitina og Guðmundarhús var austur af bæ." Var beint norðvestur af gamla bænum (001) og 20-30 m austur af 003. Þarna er slétt tún í dag.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Litla-Strönd, 1.

**SÞ-197:005** Sigurðarkofi heimild um útihús 65°32.476 N 17°04.127 V

"Suðvestur af túni hét Sigurðarkofi, síðar voru byggð þar samstæðuhús, enn notuð." Var u.þ.b. 60 m vestan við íbúðarhúsið Litlu-Strönd (byggt 1947) þar sem hlaða er í dag, en samstæðuhúsin náðu lengra til vesturs. Hefur verið þar sem slétt tún og hlaða er í dag.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Litla-Strönd, 1.

**SÞ-197:006** heimild um hesthús 65°32.464 N 17°04.129 V

Var um 15 m suðaustur af Sigurðarkofa (005) og beint austur af bæ. Um 40 m norðaustur af hlöðunni í túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnkort 1919.

**SÞ-197:007** Barðshús heimild um útihús 65°32.465 N 17°04.002 V

"Suður af bæ var húsaþyrping, sem nefnd var Barðhús, og Barð var þar, uppblástursbarð, sem húsin drógu nafn af." Var þar sem íbúðarhúsið að Litluströnd er í dag (byggt 194 7).

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919 og Ö-Litla-Strönd, 1.

**SÞ-197:008** Mel(s)hús heimild um útihús 65°32.448 N 17°04.101 V

Voru þar sem hlaðan er í dag, þ.e. undir austurhlið hennar. Voru um 40 m vestan við vélageymslu og þeim stað sem Sigurðarkofi (005) stóð. Undir húsbyggingu sem er í miðju túni. Heimildamaður telur að þetta hús hafi staðið fremur stutt.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Litla-Strönd, 1.

**SÞ-197:009** Litlustrandarmosi 65°32.457 N 17°03.843 V

"Torf var aðallega rist í Litlustrandarmosa og notað bæði til að þegja hús og hey." Er austan við á og um 100 m sunnan við Litlustrandarbrú á votu engjarsvæði. Ekki sjást nein merki um ristuna.

Heimild: Svör við spurningum Örnefnastofnunar nr. 16.

**SÞ-197:010** Gautlandarétt heimild um rétt 65°32.785 N 17°07.154 V

"Réttarmýri var kennd við Gautlandarétt, sem stóð sunnan merkja." segir í örnefnalýsingu Gautlanda. Réttin er fast sunnan við girðingu (á merkjum?), beint austur af stekk og undir rafmagnslínu sem liggur í SA frá Gautlöndum, um 125 m austan við Gautlandalæk, beint suður af Torfunesi þar sem það nær lengst í austur. " Gautlandarétt. Torfrétt byggð um 19 X ? í Kotamýri og notuð til 1933." Réttin er neðst í allblautri mýri og er réttin sjálf byggð í deiglendi. Neðan við eru kílr í gömlum farvegum Gautlandalækjar en mýri næst að ofan en fjær og ofar til austurs er kvistlendi. Skurður hefur verið grafinn austan og sunnan með réttinni til að þurrka réttarstæðið.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1148.

**SÞ-197:011** Litlustrandarstekkur 65°32.526 N 17°03.763 V



"Litlustrandarstekkur stóð í hrói vestarlega í Mosunum, nú eru þar rústir einar. Stekkjarþúfur, viðivaxið þýfi kringum stekkinn. Vestan við stekkinn er slétt sund, sem heitir Stekkjarsund." Beint á móti íbúðarhúsi. Farið er yfir Litlustrandarbrú og síðan labbað í 200-300 m norð-austur þar til komið er að tóftini sem sem er mjög gróin og sker sig töluvert úr landslaginu þar sem hún stendur svolítið hærra. Er á engjasvæði sem er mjög rakt, þarna einnig nokkuð þýft. Stekkurinn er alveg gróinn og sumpart hlaupinn upp í þúfur. Allt í kring er mjög þýft og ekki hægt að greina hvar heystæði hefur verið. Um 8 m austan við tóftina er garðlag sem liggur frá norðri til suðurs. Það sést fyrst um 40-50 m sunnan við tóftina og nær samtals um 140 til norðurs áður en það beygir til austurs (um 20 m). Garðlagið er úr torfi og er u.þ.b. 0,3 m hár og 1,5 m breiður.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heinúld: Ö-Litla-Strönd, 3.

**SÞ-197:012** heimild um rétt 65°32.480 N 17°04.110 V

"Norðan og vestan við þau [005] var fjárrétt, nefnd Rétt ... " Þessi rétt var um 20 m norðvestur af þeim stað sem Sigurðarkofi stóð. Var á dálítilli lægð nálægt gamla túnjaðrinum Um 50 m vestur af bragganum sem sambyggður var gamla bænum, í sléttuðu túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Litla-Strönd, 1.

**SÞ-197:013** Litlustrandabrú 65°32.448 N 17°03.865 V

"En Kráká er hér að nokkru leyti á austurmörkum landsins. Brú eða Litlustrandarbrú er yfir Kráká austur af bænum" Um 130-150 m suð-austur af íbúðarhúsinu Litluströnd (byggt 1947). Vestan við brúnna er grösugur hagi en austan við hana er vott engi. Sú brú sem þarna stendur í dag var byggð 1988-90 og er um 4 m löng og 2 m breið. En brú hefur verið á þessum sama stað um mjög langt skeið.

Heimild: Ö-Litla-Strönd, 1.

**SÞ-197:014** Litlustrandarstífla 65°32.457 N 17°03.889 V

"Við brúna er í ánni Litlustrandarstífla til að fá vatn á engjarnar, og suður frá Litlustrandarbrú er á henni Árkrókur." Um 130-150 m suð-austur af íbúðarhúsinu Litluströnd (byggt 1947). Vestan við brúnna er grösugur hagi en austan við hana er vott engi. Í dag er þarna brú um 4 m löng og 2 m breið.

Heimild: Ö-Litla-Strönd, 1.

**SÞ-197:015** Grænakot 65°32.837 N 17°04.470 V

"Grænakot er holt með gömlum tóftum og heystæðum í mýrinni." Var oftast bara nefnt Kot. Er 120 m norðan við girðingu sem liggur frá austri til vesturs og við enda Litlustrandartúns (um 200 m norðvestur af Litlustrandarbænum). Er í móa en allt umhverfis er mýri. Tóftin er fremur ógreinileg og er að meðaltali ekki hærri en 0,2 m Hún er samtals um 10 má lengd og 8 m á breidd.

Hættumat: hætta vegna ágangs gróðurs.

Heimild: Ö-Litla-Strönd, 1.




**SÞ-197:016** varða 65°32.801 N 17°06.467 V

"Vestur af Kerinu ... er skarð, sem nefnt er Skarð. Vestan við það var Geitakofi; nú er það rústir einar sem heita Geitakofabrot." Um 200 m vestan við veginn og um 100 m sunnan við landamerkjagirðingu Litlustrandar og Gautlanda. Um 40 m suðaustan við Geithústóftirnar (018) á litlum malarhól. Varðan er mjög hrunin og gróin.

Hættumat: engin hætta.

**SÞ-197:017** Dvergasteinn 65°32.469 N 17°05.464 V

"Ásar heita svo aðal beitilandið allt vestur að Gautlandalæk. ... Í þeim er hæð spölkorn suðvestur af bæ, og er hún nefnd Nónás. Suður af honum er svo annar ás, sem nær suður í Baldursheimsland, sá heitir Sprekás. Graslaut á milli þessara ása eru Grænulágar. Í þeim er stór steinn, sem heitir Dvergasteinn, aðrir vilja láta hann heita Huldufólksstein." Heimildamaður kannaðist ekkert við þennan stein og þrátt fyrir að hafa farið um alla Grænulág þá fannst enginn stein sem gat átt við lýsinuna að ofan. Grænulág er graslaut milli tveggja mela, þarna vex mikið af lyngi og alls kyns runnagróðri.

Heimild: Ö-Litla-Strönd, 2.

**SÞ-197:018** Geitakofabrot 65°32.853 N 17°06.530 V

"Vestur af Kerinu . . . er skarð, sem nefnt er Skarð. Vestan við það var Geitakofi; nú er það rústir einar sem heita Geitakofabrot." Um 200-250 m vestan við veginn og um 100 m sunnan við landamerkjagirðingu Litlustrandar og Gautlanda, í móa. Tóftirnar eru nokkuð greinilegar og eru 0,8 m á hæð þar sem þær eru hæðstar. Þær eru 8 X 8 m að stærð og skiptast í þrjú hólf. Grjót er í vestur-útiveggnum og í einhverju mæli á nokkrum öðrum stöðum

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Litla-Strönd, 2.




**SÞ-197:019** frásögn um öskuhaug 65°32.504 N 17°04.095 V

Skammt norðan við túnið var öskuhaugur. Hann var beint norður (15-20 m) af bragganum sem var sambyggður gamla bænum (001). Var rétt norðan (innan) við túnjaðarinn á mörkum túns og mýrar. Þarna er lítill grösugur hóll í dag en greinileg merki um öskuhauginn sjást ekki.

Heimild: Ö-Litla-Strönd, 2

**SÞ-197:020** stekkkjartóft 65°32.792 N 17°07.365 V

"Torfunes er suður og niður af Túni í bugu í læknum, ... Rétt er aðhald við lækinn suður af Torfunesi, þar var fært frá og rúið áður fyrr." segir í örnefnalýsingu Gautlanda. Tvískipt tóft er beint suður af bungum sem myndar suðurhlið Torfuness, um 25 m austan við Gautlandalæk en 10 m vestan við eldri farveg, beint vestur af Gautlandarétt, um 15 m sunnan við girðingu sem liggur A-V beggja vegna lækjarins og myndar suðurhlið túnanna austan við lækinn (merkjagirðing?). Tóftin er á lágum grasrana milli lækjarfarvega. Í kring er grösugur mói.

Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ö-Gautlönd, 1143.

### *SÞ-198 Arnarvatn*




15 hdr. 1712. Hólastólsjörð til 1805. Getið í Reykdælasögu (ÍF XI, 206) en það mun vera viðbót afritara sem taldi Arnarvatn sama bæ og Mývatn. Fyrst getið í skjölum 1394 en í máldaga Skútustaðakirkju frá því ári segir að þangað liggi "Heytollur. liostollur. osttollur og skiædatollur af xj. Bæium. Enn af Arnarvatni osttollur og skiædatollur ad eins." DI Ill, 557 (sbr. 1461: DI V, 320). Þessa er ekki getið í máldaga kirkjunnar frá 1318 en gæti bent til þess að útkirkja eða bænhús hafi verið á Arnarvatni. Í jarðaskrá Hólakirkju frá 1449 eru á Arnarvatni talin 2 leigukúgildi "er kirkian aa" sem er helst að skilja að það sé kirkjan á Arnarvatni. Þá var landskuldin 1 hdr (DI V, 40). Arnarvatn er einnig talið í jarðaskrám Hólakirkju frá 1525 og 1550 og í þeirri seinni kemur fram að leigukúgildin séu 3 og landskuldin 7 ágildi (DI IX, 301; XI, 865). Í skránni frá 1550 kemur einnig fram að stóllinn eigi óþveginn brennistein á Arnarvatni (DI XI, 877) en það gæti bent til að Arnarvatn hafi

verið miðstöð brennisteinsflutninga á vegum stólsins í Mývatnssveit. 29.4.1550 fékk Ólafur Hjaltason bp sr. Jóni Sigurðssyni jörðina Arnarvatn til löggjagfar til Halldóru Þorbergsdóttur. Ólafur setti Hólakirkju aðra jörð í staðin fyrir Arnarvatn. Þessi skipti virðast ekki hafa haldist því 1571 gaf Guðbrandur bp m.a. Arnarvatn til frí ábýlis fátækum prestum og útvegaði kóngsbréf upp á þessa staða aflagníng og prestanot. - Bsk II, 692 [hinir staðirnir voru allir kirkjustaðir og gæti hér verið mislestur] og 1712 er jörðon talin Hólastólseign. 1712 keyptu ábúendur Arnarvatns jafnan selför á Hördal á Gautlandaheiði fyrir 20 álna toll- JÁM XI, 227 Heimildamaður: Arnljótur Sigurðsson fæddur að Arnarvatni 1912 og Eysteinn Sigurðsson fæddur á Arnarvatni 6.10.1931.

**SÞ-198:001**
bæjarhóll bústaður
65°34.903 N
17°07.842 V
"Hugum nú að gamla bænum. Hann stóð á Bæjarhól 20-30 m vestan við íbúðarhúsið á Arnarvatni 2. Í bæjarstæðinu hefur til skamms tíma verið kálgarður." Um 2 m austan við brúna á ánni. Tún og smá trjálundur í norðurhorni túnsins. Bærinn hafði 5 burstir og smiðjur við sitt hvorn enda. Það sést enn til kálgarðsins í dag.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimildir: Túnkort 1919; Ö-Arnarvatn, 2 og Örnefnakort f. Arnarvatn.




**SÞ-198:002**
Girðingahús heimild um útihús
65°35.013 N
17°07.709 V
"Þar [í Girðingu] voru einnig Girðingahús austur við gamla túngarðinn, fjárhús úr torfi og grjóti, sem nú hafa verið jöfnuð við jörðu." Norðaustur af 001 og um 90 m suður af

þjóðvegi 1, í sléttu túni. Faðir heimildamanns byggði þessi hús en þau samanstóðu af hesthúsi, fjósi og hlöðu. Hlaðan var í miðjunni.

Hættumörk: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 2, Túnakort 1919 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:003** heimild um útihús 65°35.991 N 17°07.700 V

Um 100 m norðaustur af 001 og 30 m norðvestur af 006, í sléttu túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnakort 1919 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**Sþ-198:004** fjóshlaða 5°34.958 N 17°07.880 V

„Í framhaldi af Þríhússléttu taka við Fjóshlöðubeð, gamlar þaksléttur norðan undir bæjarhól. Þar stóð fjóshlaða sem sléttuð var um 1960." Um 50 m norðvestur af Arnarvatnsánni. Þarna er slétt tún í dag.

Hættmat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Arnarvatn, 2 og Túnakort 1919

**SÞ-198:005** Ærhús heimild um fjárhús 5°35.006 N 17°07.580 V

"Túnið sunnan við Girðingu nefnist Ærhússlétta. Þar stóðu Ærhús, nokkru austar en nú standa fjárhús Arnarvatns 1 og 3." Um 100 m norðaustur af 001 og 3 m norðan við heimreið að Arnarvatni II, í sléttu túni. Rétt innan við túngarðinn. Norðan við veginn og austan við steypta, ómálaða húsið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 2 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:006** heimild um útihús 5°34.928 N 17°07.623 V

Um 20 m norður af 005 og um 50 m norðaustur af fjárhúsum Arnarsvatns I og III, þarna er slétt tún í dag.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnkort 1919 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:007** heimild um útihús 5°34.988 N 17°07.595 V

Um 25 m suðaustur af fjárhúsi Arnars vatns I og III og 120 m austur af 001, undir vegi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Tún.kort 1919 og Örnefnakort af Amarvatni.

**SÞ-198:008** Nóatún 5°34.931 N 17°07.696 V

" austur við gamla túngarðinn, ... [norðan] heimkeyrslunnar, stóðu fjárhús sem nefndust Nóatún. Þar standa nú fjárhús Arnarvatns 2." Suðaustan af 001 og 22 m suðaustur af fjárhúsi Arnarvatns I og III. Hús stendur í sléttu túni upp við heimreiðina. Heimildamaður sagði að hlaða stæði enn inni í ferhyrndu fjárhúsinu. Norðvesturveggurinn er hlaðinn og alveg heill. Aðrir veggir eru innan í steypunni. Þeir eru allir um einn meter á þykkt. Allir veggir fjárhúsins eru þar og eitthvað af veggjum hlöðunar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 3 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:009** Laut 65°34.908 N 17°07.664 V

Um 60 m suður af 008 og 70 m austur af 001. Þarna er slétt tún í dag og ekki sést til fornleifar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919.

**SÞ-198:010** Hesthúshóll 65°34.902 N 17°07.777 V

Um 30 m suðvestur af 001 og um 20 m austur af ánni, í túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:011** Hallandi 5°34.824 N 17°07.873 V

"Hallandabeð eru þaksléttur í brekkunni upp af Tóftum. Á Hallandabeðu stóð í eina tíð kofinn Hallandi." Um 60 m austan af 012 og 145 m suðaustur af 001. Í óséttu, þýfðu túni. Ofan við tætturnar ..

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Arnarvatn, 3.

**SÞ-198:012** fjárhúsatóft 34.864 N 17°07.971 V

"Túnskiki upp frá Arnarvatnsá sunnan við Bæjarhól .,..



kallast í daglegu tali Blautabeð. Sunnan við þau er túnblettur sem nefnist Tóftir. Þar voru Tóftarfjárhús. Árbakkinn þarna nefnist Tóftarbakki og þar er Tóftarvað á ánni." Um 50 m sunnan við brúnna og 160 m suðvestan við 001, í óséttu túni. Afi heimildamanns byggði þetta fjárhús. Sunnan með ánni en þar voru miklar tóftir og kolagrafir. Ein tóft 9 X 4 m og um 1 m á hæð. Nyrsti hlutinn vestur veggjar stendur að hluta uppi en allt hitt er greinilega hrunið. Ekki er ljóst hvort tóftirnar eru bæði 012 og 013 eða annað hvort.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir. Ö-Arnarvatn, 3 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:013** heimild um útihús 65°37.844 N 17°07.961 V

Í metersfjarlægð frá 012 og um 7 m austan við ánna, í óséttu túni

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:014** garðlag 65°35.080 N 17°04.971 V

Um 2 m suður af hellinum og um 350, austur af brúnni yfir í Geldingsey. Lyngi vaxinn mói. Garðlagið er mjög ógreinilegt, sést betur lengra í burtu.

Hættumat: hætta vegna ágangs gróðurs.

Heimild: Ö-Arnarvatn, 2.

**SÞ-198:015** Gömlu-Kvíar 65°35.036 N 17°07.778 V

"Túnið suður og austur af Arnarhól nefnist Girðing. Þar var unnin nýrækt, þakslétta 1908-16, norður af gamla Arnarvatnstúninu. Í Girðingu voru Gömlu-Kvíar." U.þ.b. 80 m suður af Arnarvatni I og 65 m vestur af 002. Beint suður af Arnarvatni I. Hnit tekin um 30 m suður af Arnarvatni II og um 70 m austan af Arnarvatnsá, í sléttu túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimildir: Ö-Arnarvatn, 2 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:016** útihúsatóft 65°34.825 N 17°07.000 V




30 m suður af 012 og 30 m austur af ánni. Gróinn hóll í túninu. Of langt til suðurs til að geta verið sama og 013. 14 X 3 m að innanmáli, e.t.v. veggur austan við tóftir um 9 m
Hættumat: hætta vegna ábúðar.

**SÞ-198:017** garðlag 65°34.774 N 17°07.893 V
"Þar [í Girðingu] voru einnig Girðingahús austur við gamla túngarðinn, fjárhús úr torfi og grjóti, sem nú hafa verið jöfnuð við jörðu." Vel sést fyrir garðinum að vestan verðu úr Arnarvatni. Er um 100 m langur, frekar breiður og er grasi gróinn. Suðaustur af 001 og um 140 m sunnan við 012. 100 m garðlag á sléttunni svo og röð af grjóti í um 65 m að steyptum stöpli sem hefur verið hliðið heim að Arnarvatni. Ekki sést til garðsins austan við stöplana.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Arnarvatn. 2.

**SÞ-198:018** frásögn um hrútakofi 65°34.963 N 17°07.636 V
Um 20-30 m frá fjárhúsinu (005) og um *50* norðaustur af fjárhúsinu Arnarvatni I og Ill, í túni. Ef til vill það sama og 006.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.

**SÞ-198:019** Þorvaldskofi heimild um útihús 65°34.975 N 17°07.591 V
"Efst á Ærsléttu, upp við túngarðinn, stóð Þorvaldskofi. Þar á maður að nafni Þorvaldur að hafa hengt sig." Var um 55 m norðaustan við fjárhús Arnarvatns I og Ill og 50 m norður heimreiðinni að Arnarvatni Il, í túni. Tvö hús og í þeim á að vera reimt samkvæmt heimildamanni. Norðaustan við núverandi ómálað fjárhús.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Arnarvatn, 2.

**SÞ-198:020** heimild um kvíar 65°35.003 N 17°07.620 V
"Ofan við túngarðinn hjá Ærhússléttu, norðan við veginn heim að Arnarvatni 2 er Kvíholt. Það er nú í daglegu tali kallað Steinholt. Vestan undir Kvíholti voru Kvíar. Þær voru yfirbyggðar, ekki opin rétt." Um 10 m norðan við heimreiðina og um 140 m austan við 001. Voru notaðar til 1929. Túngarður notaður í vesturvegginn á húsið (sá hluti túngarðsins var sérstaklega hár). Seinna var byggð rétt, við heimreiðina sem lá til Skútustaða.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Arnarvatn, 2.

**SÞ-198:021** Gæska 65°34.993 N 17°07.647 V
"Norður af Kvíholti [020], austan við túngarðinn er uppsprettan Gæska. Þar var til skamms tíma vatnsból með vatnshrút fyrir Arnarvatn 2." Um 50 m sunnan við þjóðveg I og norðan við Arnarvatn Il rennur þessi lind ofan í grafin skurð. Gæska er suðvestur við það.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Arnarvatn, 2.

**SÞ-198:022** Gildrudalshóll 65°34.236 N 17°07.911 V

Gildrudalur gengur upp í Ása frá norðausturhorn Arnarvatns og Mývatni syðst. Suðvestur af honum er Gildrudalshóll.

Heimild: Ö-Arnarvatn, 4.

**SÞ-198:023** Gvendarbrunnur 65°34.974 N 17°07.865 V

"Neðan undir Fjóshlöðubeðum er Gvendarbrunnsmýri, niðri við ána. Fram undan Bæjarhól niðri við ána sprettur upp lind sem kallast Gvendarbrunnur." Er undan hólnum. Sléttur árbakki sem er skammt upp af uppblásnum blómivöxnum farvegi lindarinnar. Lindin sést ekki.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Arnarvatn, 2.

**SÞ-198:024** heimild um fornleifar 65°34.988 N 17°07.936 V

"Bakki Arnarvatnsár norður frá Gvendarbrunnsmýri kallast Skotbakki. Þar var skotbakki til andaveiða." Þarna fannst spjót við maðkaveituna snemma á öldinni. Um 100 m vestur af 001. Hnit tekin austan í stórri þúfu sem liggur norðvestan við fjóshlöðu hólinn. Þarna er búið að slétta í dag.

Heimild: Ö-Arnarvatn, 2.

**SÞ-198:025** Myllugata 65°35.025 N 17°07.936 V

"Myllugata lá frá gamla Arnarvatnsbænum norður [og neðar] yfir Fjóshlöðubeð og Maðkaveituþúfur, norður vestan **í** Arnarhól þar sem **í** eina tíð stóð Mylla við Arnarvatnsá. hvort tveggja er nú horfið." Norðan undir Arnarhólnum. Slétt tún á árbakka. Hnit tekin um 30 m sunnan við Arnarvatnshólinn.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 2 og Örnefnakort fyrir Arnarvatn og Arnljótur Sigurðsson fæddur á Arnarvatni 1912.

**SÞ-198:026** mylla 65°35.042 N 17°07.835 V

"Myllugata lá frá gamla Arnarvatnsbænum norður yfir Fjóshlöðubeð og Maðkaveituþúfur, norður vestan í Arnarhól þar sem í eina tíð stóð Mylla við Arnarvatnsá hvort tveggja er nú horfið." Heimildamaður man eftir myllunni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 2, Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:027** Álfheiðarhóll 65°34.954 N 17°07.814 V

"Norðan og vestan í bæjarhól [001] var gamall öskuhaugur kallaður Álfheiðarhóll eða Álfheiðarhaugur." Um 10 m austan við ánna, **í** túni. Heimildamaður segir frá því að menn hafi haldið að álög væru á hólnum svo að hann var sléttaður og þá kom í ljós öskuhaugur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 2-3 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:028** brú 65°34.943 N 117°07.891 V

"Brú er á Arnarvatnsá niður af gamla bænum. Arnarvatnsbændur byggðu hana 1916 og endurbyggðu hana 1929." Um 40-50 m vestan við gamla bæinn. Þarna er nú brú yfir ána, sem var byggð 1929.

Hættumat : engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 3 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:029** heimild um vað 65°34.921 N 17°07.920 V

"Sunnan við brúna [028] var vað á ánni svo að þarna var um langan aldur þjóðleið þeirra sem komu í Mývatnssveit. Fóru allir um hlaðið á Amarvatni." Grónir bakkar og götur því ógreinilegar.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 3 og Örnefnakort af Amarvatni.

**SÞ-198:030** heimild um rétt 65°34.943 N 17°07.621 V

"Suður og vestur af gamla bænum neðst í Bæjarhól var Hesthúshóll. Þar átti Jón Þorsteinsson Hesthús." Norðan við göturnar heim að gamla bæjarstæðinu að Amarvatni. Sunnan af kvíunum 015. Ekki sést til réttarinnar í dag.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Arnarvatn, 3.

**SÞ-198:031** tóft 65°34.307 N 17°07.922 V




Tóftarbrot í kjaftinum á Gildrudal og gata upp úr dalnum. Í þýfðum lyngmó. Tóftin er um 10 m á breidd og 12 m á lengd. Að meðaltali er hún um 0,4 m á hæð.

**SÞ-198:032** Messugötur

65°34.880 N 17°07 .630 V

Ef við höldum nú frá gamla bænum suðaustan við túnið á Arnarvatni II þá færum við eftir Messugötum upp í Strandarlaut sem er í sléttu túni.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Örnefnaskrá A, 3.

**SÞ-198:033** Tóftarvað 65°34.859 N 17°08.017 V

"Túnskiki upp frá Arnarvatnsá sunnan við Bæjarhól kallast í daglegu tali Blautabeð. Sunnan við þau er túnblettur sem nefnist Tóftir. Þar voru Tóftarfjárhús. Árbakkinn þarna nefnist Tóftarbakki og þar er Tóftarvað á ánni." Tún að austan, gróin bakki að vestan. Ekki sést götuslóðinn að austan en vestar er hann nokkuð greinilegur.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Arnarvatn, 3.

**SÞ-198:034** örnefnið Dys 65°34.248 N 17°07.953 V

Á korti sést örnefnið Dys um 20 m vestan við gildrudal. Þarna er þýfður mói.

Heimild: Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:035** Miðdegisvarða 65°34.770 N 17°07.742 V

"Ef við höldum frá gamla bænum suðaustur yfir túnið á Arnarvatni 2 ... vestan við okkur blasa ... við Arnarvatnsásar eða Ásar eins og þeir eru venjulega kallaðir. Nyrst á þeim, inn á túni á Arnarvatni 3 er Háaholt og þar rétt vestar Miðdegisvörðuholt og Miðdegisvarða." Um 400 m sunnan við 001 eru Ásarnir. Um 10 m austan við Arnarvatnsánna. Rétt við göturnar í Gautlönd.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Arnarvatn, 3.

**SÞ-198:036** Gautlandsgötur 65°34.529 N 17°07.795 V
"Skammt sunnan við túngirðinguna [á Arnarvatni 3] er melkollur, Ystimelur. Þar liggja Gautlandsgötur suður vestan í Ásunum frá Arnarvatnsbænum." Göturnar er grónar. Greinileg gata liggur yfir Ásin til suðurs að Gautlöndum. Vestanvert á Ásnum sunnan við Arnarvatn IV. Um 20 m sunnan við vörðuna á miðju vörðuholti.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 3 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:037** Mýrargötur 65°34.533 N 17°07.071 V
"Neðan við Ystamel [036] liggja götur suður úr túninu, heybandsvegur suður á Mýrar. Kallast þær Mýrargötur og liggja um Litlu-Mýrar á bakka Arnarvatnsár." Grónar götur liggja til suðurs eftir árbakkanum Samhliða Gautlandagötum en beygja svo vestur að ánni. Byrja beint vestur af vörðunni.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 3 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:038** Hólmavað 65°34.504 N 17°08.098 V
"Litlu sunnar [ en 037] beygir áin til vesturs og er þar Hólmavað á ánni ... " Um 60 m norður af Gildrudal er bugða á ánni. Gróðið beitarland er báðum megin við ánna. Vaðið er fyrir norðan stífluna.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Arnarvatn, 3-4.

**SÞ-198:039** Hólmavaðsstífla 65°34.504 N 17°08.098 V
"Litlu sunnar [en 037] beygir áin til vesturs og er þar Hólmavað á ánni og Hólmavaðsstífla. Var þar stíflað til að veita vatni upp á Mýrar og Arnarey." Gróið beitarland er báðum megin við ánna.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 3-4 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:040** Fremrivarða 65°34.084 N 17°07.644 V
"Gildrudalur gengur upp í Ása frá norðausturhorni Arnarvatns og Mýra syðst ......... Sunnan við Gildrudal upp af miðju Arnarvatni gengur Fagridalur, djúp lág, upp í Ása ........... Nokkuð upp í Ásum milli Fagradals og Gildrudals, austan við Gautlandsgötur, er Fremrivarða." Uppblásinn melur en þar sést ekki til fornleifar. Vaðið er fyrir norðan stífluna. Upp með Gautlandagötunni rétt norðan við merkin við Gautlönd.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 4 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:041** Syðstu vegabrýr 65°34.226 N 17°04.399 V
"Norður undir þjóðvegi rekumst við á merki um vegabætur. Eru það syðstu vegabrýr en vegabrýr kölluðust vegabætur yfir votlendi eins og þarna." Um 100 m sunnan við þjóðveg I og um 25 m vestan við Kráká. Nokkuð þurr mýri og lyngi vaxið hró um allt svæðið. Niður með Kráká. Rúmum 100 m sunnan við veginn, við ána. Má sjá nokkra steina standa en þeir eru mjög sokknir.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 4 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:042** Gömlu vegabrýr 65°34.361 N 17°04.334 V

"Vestan KI1s norðan vegar er Húsamór og yfir hann liggja Gömlu vegabrýr." Um 300 m fyrir norðan veginn og um 600 m suðaustan við Mýnesá. Nokkuð þurr lyngivaxinn, grýttur mór en ekki sést til fornleifar. Heimildamaður segir brýrnar horfnar fyrir nokkru

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Arnarvatn, 4.

**SÞ-198:043** heimild um beitarhús 6534.413 N 17°04.900 V

"Vestan KI1s norðan vegar er Húsamór og yfir hann liggja Gömlu vegabrýr .... Vestan við Húsamó er ávalur ás, Beitarhúsaás. Þar voru Beitarhús frá Arnarvatni sem nú eru komin undir tún sem nytjað er af Álftagerði 3." Um 400 m norðan við þjóðveg I og um 1 km suður af Mývatni. Um 400 m norður af veginum, nokkuð áður en komið er að Kráká. Á ásnum þar sem vegurinn liggur upp í Skútustaði. Lægra er Olnbogaásinn. Þarna var 2 X 90 kinda hús. Austur af beitarhúsunum var gömul vegabrú við ánna.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 4 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:044** Smiðjutjörn 65°34.587 N 17°05.131 V

"Þar sem við stöndum á Beitarhúsaás er Mýnesás norðan við okkur. Vestan undir Mýnesás er Smiðjutjörn." Um 100 m norðvestan við beitarhúsaás. Um 200 m norðaustur af veginum milli beitarhúsaás og Baldursheims afleggjaranum. Nokkuð stór tjörn upp í lyngi vöxnum ási að norðan og vestan en að sunnan er mikið sefgras og að austan er sef og lyng. Heimildamaður leitaði að tóftunum en fann ekkert.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 5, Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:045** Grasavað heimild um vað 65°34.583 N 17°04.536 V

"En austan undir Mýnesás er lítill ávalur ás sem nefnist Viðarvaðsás. Grasavað kallast vað á litlu broti í Kráká við suðurenda Viðarvaðsáss. 5-600 m norðan af þjóðvegi I og um 50 m suðaustan af Víðarvaðás. Aðeins sunnar er Viðarvaðsásinn. Sennilega þar sem Haganesstíflan var, beint austan af Smiðjutjörn. Lyngi vaxinn bali báðum megin við ánna. Götuslóði liggur að vestan verðu en ekki sést móta fyrir slóða að austan.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 5 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:046** Haganesgötur 65°34.597 N 17°04.547 V

"En göngum nú upp á Mýnesás frá Viðarvaði. Þarna liggja Haganesgötur yfir ásinn." 500- 600 m norður af þjóðvegi I og um 10 m vestan við Kráká. Nokkuð grónar götur liggja til vesturs frá Krákánni.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 5 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:047** Fjárborg 65°34.989 N 17°05.486 V




"Norðan við Haganesgötur sjáum við Fjárborg sem notuð var sem skýli fyrir sauðfé." Um 400 m suðaustur af vegaslóðanum niður í Geldingaey, (u.þ.b. um miðjan slóðan). Um 300 m austan við Stóruborg og innan við 100 m suðaustan við Solluborg eru tveir hraunhólar með hellum og iðjagrænum bletti í kring. Um 60 m eru á milli hólanna. Fjárborgin er í lyngivöxnu hrauni en tyrft yfir hana. Hlaðinn veggur er út frá vestari hólnum og tvær tröppur eru niður. Borgin er 8 X 3 m ( N-S, op í vestur), að innan máli og er hleðsla neðst meðfram opinu en ekki önnur mannaverk. Vesturhólinn er stærri og í honum

þaklaus hraunbolli um 7 X 7 m, að innanmáli. Í honum er 5 m langur garður úr hraungrjóti. Hleðsla í dyrum? eru um 1,8 m há. Í byrginu er allt graslaust, hringlaga steinasetning um 1,3 í þvermál.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 5 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:048** Solluborg 65°34.992 N 17°05.561 V

"Suðvestur af henni [Stóruborg] er Borgarhellir en norðaustan vð hana Byrgi þar sem silungur var geymdur og þukkkaður. Þetta byrgi var oft kallað Solluborg eftir Sólveigu Stefánsdóttur á Arnarvatni II sem þurrkaði þarna silung." Um 100 m austan við vegaslóðan út í Geldingsey, austur frá slóðanum u.þ.b. miðjum. Um 150 m suðsuðaustur af brúnni yfir í Geldingsey og um 200 m norðaustan við Stóruborg, sem er stæðilegur hraunbolli. Um 30 m austan við slóðann er annar hraunbolli minni og er gat á því að suðvestan og op á veggnum að austan. Algjörlega náttúrurlegt fyrir utan 3-4 steina við gatið. Um 5 X 5 m að innanmáli og 3 m eða meir upp í loft.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 5 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:049** heimild um tóftir 65°35.005 N 17°04.889 V

"Norðurendi Mýnesáss kallast Ásendi og þarna norðan í ásnum er Ásendahellir. Á ásendanum sést djarfa fyrir gömlum tóftum og hafa sumir látið að sér detta í hug að þarna hafi staðið býlið Hraunás sem getið er í fornum sögum Frá ásenendanum og suður að Smiðjutjörn mótar fyrir mjög fornum garði sem e.t.v. styður hugmyndir um forna búsetu." "Rústirnar eru friðlýstar þjóðminjar. Björn Sigfússon (óprentuð ritg. 1976) getur þess að um 1880 hafi fólk verið í "Hraunási" (á Arnarvatni) á meðan það bjó sig til Ameríku, og hafði það verið "húsmennska fremur en hjáleiguréttindi." Þetta nafn kemur þó ekki fyrir í örnefnaskrám og kunnugir menn þekkja það ekki lengur. Þegar ég [HH] skoðaði rústirnar (1977) fannst mér bær vera mjög ógreinilegar, og naumast geta verið eftir raunverulegan bæ. Hins vegar er fyrrnefndur vörslugarður vel greinilegur." Ásendi er um 350 m austur af Brúnni yfir í Geldingsey. Ásendinn er allur lyngi vaxinn og ómögulegt að greina nokkurn helli þrátt fyrir töluverða leit. "Aðaltóftin liggur frá austri til vesturs, nálægt 7 m löng og 3 m breið; dyr eru á austurendanum. Neðan við hana vestantil er ferhyrnd upphækkun, líklega heystæði, nálægt 5 m langt og trúlega 4 m. breitt. Framan við það er tóft, sem liggur þvert niður frá austurenda aðaltóftarinnar, og hefir dyr á neðri enda, mótnorðri. Hún er nær 4 m. löng og 2. m. breið. Nokkru neðar, nær ánni, er sérstök tótt, sem virðist hafa verið grafin í jörðu að nokkru leyti, en þó eigi svo glögg, að hægt sé að mæla stærð hennar. Það er auðséð á tóttum þessum, að hér hefur verið smábýli, og að bygð hefur ekki haldist hér lengi. Hygg ég víst að hér hafi Hraunás verið; hér á það nafn vel við, og hvergi annarsstaðar verður bent á líkur til að hann hafi verið." Lýsing Brynjólfs Jónssonar úr Ábf 1901, 11. Ekki sést til fornleifar.

Hættumat: hætta vegna gróðurs.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 5; Söguminjaskrá, 47 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:050** Byrgi 65°35.025 N 17°06.625 V

"Höldum nú út í hraunið aftur og kallast það Neðrahraun frá Kaupstaðarvegi og niður af Kleif. Syðst í því er kambur sem kallast Háikambur. Norðan hans er Byrgi það sem silungur var hafður í geymslu í gamla daga." Ekki notað eftir að heimildamaður fór að muna eftir sér. Hlaðinn stallur rétt fyrir ofan bæinn. Um 450 m suðvestan við ferjuna og 650 m norðaustan við Hallgrímskross. Um 500 m norðaustur af veginum. Skrásetjari gekk um svæðið og telur líklegast að byrgið hafi verið um 450 m suðvestan við ferjuna, þar var grjóthrúga á nokkru

svæði sem var u.þ.b. 2 X 2,5 m að flatarmáli. Engar hleðslur eru sjáanlegar enda hefur byrgið ekki verið notað í yfir 80 ár.
Gróið hraun.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 5 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:051** Kaupstaðavegur 65°34.823 N 17°06.069 V

"Nokkru neðan við Stóruborg komum við á Kaupstaðaleið, leið sunnan af bæjum vestan Grenisáss, vestan við Borgarhraun, norður að Sauðavaði á Laxá." Beint norður af leiðinni til Baldursheims sjást enn götur um 10 m norður af veginum. Grunnar götur í grónu hrauni. Hlaðinn brautarsporður. Upp af kleifinni, vegabót þar. Beint norður af Baldursheims afleggjaranum.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 5 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:052** Sauðavað 65°35.177 N 17°06.129 V

"Nokkru neðan við Stóruborg komum við á Kaupstaðaveg, leið sunnan af bæjum vestan Grenisáss, vestan við Borgarhraun, norður að Sauðavaði á Laxá. Um 300 m austan við Gunnlaugsvað og um 60 m vestan við brýrnar. Nokkuð þýft lyng að sunnan á grasivöxnum bala að norðan.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 5 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:053** Helluvarða 65°34.927 N 17°06.450 V

"Við erum nú stödd á Geldingeyjarafleggjaranum nærri þjóðvegi sem liggur um Arnarvatnshellur. Rétt neðan við þar sem afleggjarinn kemur upp á þjóðveginn er Helluvarða, norðan vegar. Helluvarða var einnig nefnd Miðleiðisvarða, að sögn Baldvins Stefánssonar, því þar var hálfnuð leiðin upp á Viðarvað." Um 110 m vestan við afleggjaran út í Geldingsey og um 15 m norðan við þjóðveg I. Um 100 m vestan við afleggjaran niður að Geldingsey. Varðan stendur á um 1,5 m háu grjóti.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 5 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:054** Hallgrímskross 65°34.694 N 17°05.790 V

"Nokkru neðar og sunnar [en 053] er Helluholt. Þar er nú tún frá Arnarvatni 1. Á Helluholti stóð Halllgrímskross þar sem séra Hallgrímur Guðmundsson fann, sá er úti varð." Um 250 m austur af Baldursheimsafleggjaranum og 200 m sunnan við þjóðveginn I. Á Helluholtinu voru hlaðnar hellur. Hann er löngu horfinn, var tekinn niður og notaður í eldinn. Hleðsla í kring.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 5 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:055** Sauðavatnshellir 65°35.267 N 17°06.392 V

"Sauðavatnshellir er undir götum rétt neðan við Sauðavað." Um 300 m vestan við vaðið, undir götu. Um 600 m norð vestan við veginn í Geldingsey. Þar er fjárhellir um 1,5 má hæð. Greinilega notaður sem vargskýli.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 5 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:056** Gunnlaug svað 65°35.281 N 17°06.426 V

"Nokkru fyrir neðan Sauðavað er Gunnlaugsvað ... " Um 300 m norðvestan við Sauðavað og 50 m austan við Ferjuna á grösugum árbakka.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Arnarvatn, 5-6.

**SÞ-198:057** heimild um ferjustað 65°35.309 N 17°06.464 V

" ... og á ármótum Syðstu kvíslar og Ystu kvíslar er breiður flói, Ferjustaður, með Ferjuhró á bakkanum." Aðeins austan við þann stað þar sem 2 kvíslar Laxár mætast við enda Geldingareyjar. Um 1 km norðvestan við brúnna yfir ánna út í eyunna til móts við bæjarhúsið að Geirastöðum Breiður flói með grösugum bökkum Bátaaðstaða í Geldingaey.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 6 og Örnefnakort af Arnarvatni.

Hættumat: engin hætta.

**SÞ-198:058** Nýjavað 65°35.298 N 17°06.673 V

Skammt neðan Ferjustaðar er Nýjavað á Laxá yfir í Kleifarnes í Geirastaðalandi." Um 200 m vestan við Ferjustaðinn. Rétt austan af Kleifarhólma og suðvestan af Geirastaðabænum.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 6 og Örnefnakort af Arnarvatni

**SÞ-198:059** Gamla-stífla 65°35.190 N 17°07.768 V

„Í hólmanum sjálfum [Fótarhólma, sem er endinn á Arnarey] sér djarfa fyrir Gömlu-Stíflu sem stífluð var milli hólmans og Stíflubjarga til að stjórna rennsli Laxár í Arnarvatnsá svo að hún flæddi ekki stjórnlaust yfir engið í Arnarey." Stíflubjörg norðaustan við ánna. Þarna er í dag tjaldstæði fyrir veiðimenn. Hnit voru tekin hjá brúnni þar sem þýfður mói er í dag en ekki sést til fornleifar.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 6 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:060** Geldingeyjarbrú 65°35.095 N 17°05.652 V

"Við förum út í Geldingaey á Brúm (eða Geldingeyjarbrúm). Þetta eru trébrýr sem Arnarvatnsbændur byggðu 1916 og voru endurbyggðar 1962 af Laxárvirkjun. Brýrnar eru tvær og er hólmi á milli þeirra ... " Slóði liggur að þeim af þjóðvegi I um 400 m vestan við Baldursheimsafleggjaran. Um 500 m norðaustan við 050. Þarna eru tvær brýr úr tré.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 6 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:061** Sauðahellir 65°35.205 N 17°05.660 V

"Þar sem kornið er út í eyjuna [Geldingey] heitir Síkistangi en vestan hans er Síki sem nær nokkurn spöl inn í eyjuna. Á austurbakka Síkisins um miðbik þess er Síkisklettur. Vestan þess fram undir Síkiskjaftinum er Sauðhellir, manngengur hellir, notaður sem skýli fyrir skepnur sumar sem vetur." Um 20 m suður af 090 og um 5 m frá Síkinu. Hellirinn er í háum, grösugum hól, sléttur að ofan. Ekki er hægt að sjá innanmál hellisins vegna myrkus. Hleðslur eru við opið um 1,5 m háar. Opið snýr til suðurs og er lokað fyrir með tré, plasti og torfi. Hleðslur eru um 1,5 m á breidd. Vestan við brýrnar yfir í Geldingaey er mjög þröng vík, hellirinn er nokkuð sunnanlega vestan megin víkurinnar.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 6 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:062** Brautarsteinsvað 65°35.151 N 17°05.302 V

"Skammt fyrir ofan Brýrnar [060-061] komum við að stökum kletti á árbakkanum norður af Mýnesássendanum. Heitir hann brautarsteinn. Þarna er áin grunn og vað á henni sem kallast Brautarsteinsvað." Um 300 m austur af brúnni á ásendanum. Um 70 m vestur af 049. Þarna stendur hár steinn við vaðið. Áin er mjög grunn, flúðir.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 7 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:063** Eyjavöð 65°35.360 N 17°04.628 V

"Skammt ofan við Grön [sem er kvísl milli Granarhólma og Geldingeyjar] komum við að sérkennilegurm steinboga á árbakkanum. Kallast hann Lofthellir. Suður af honum er lítið sker í ánni sem heitir Jarpkollusker en er einnig nefnt Bleikkollusker. Um skerið er vað suður í Haganesland um eyjarnar og kallast Eyjavöð." Um 400 m norðvestur af Haganesbænum og um 200 m austur af brúnnum. Á suðausturhorni eyjarinnar. Þarna er sléttur, grösugur mó en ekki er ljóst hvar vaðið hefur verið.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 7 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:064** Sundavað 65°35.512 N 17°05.608 V

"Norðan við Hrútspoll eru Arnarhólar, gervigígar, hæsti staður eyjarinnar. Austur af Arnarhólum gengur Sauðatangi, efsti hluti eyjarinnar, ... Norður af hólnum er Syðri-Breiða og í henni Sundvaðshóhni og Sundvað." 2-300 m norður af austasta skaga eyjarinnar og um 400 m norðaustur af brúnnum. Sléttur grasbali beggja megin árinnar og áin nokkuð breið á þessu svæði. Sauðatangi skagar út til austurs. Vaðið er 2-300 m norðvestan við það.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 7 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:065** Stekkjarvik 65°35.505 N 17°05.788 V




"Á norðausturhorni Geldingeyjar eru gervigígar sem kallast Stekkjaborgir. Milli þeirra og Sundvaðshóll er Stekkjarvik." Um 45 m austur af Heygarðshólum og um 50 m suðaustur af Hólsbrú. Tóftin stendur á nokkuð myndarlegum hól sem vel er grösugur. Gott beitiland í kring um stekkinn. Þó nokkuð blautt er upp af víkinni. Stekkurinn er mjög gróinn en hann var byggður ofan í eldhústóft sem var hugsanlega stærri.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 7 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:066** Heygarðshólar 65°35.495 N 17°05.876 V

"Gegnt Nafraskerjum í Geldingey eru Heygarðshólar." Garðurinn nær þvert yfir Geldingaey. Annar endi hans er um 30 m vestan við Geldingaeyjarbrúna og niður að Skjaldarvíkinni hinum megin. Eyja er þýfð og grasi gróin við árbakkana. Þarna eru nokkrir gervigýgar og hraun um miðbik þeirra. Garðurinn er þar rétt ofan við stífluna á Hólshúsi sem var sprengd. Þarna sjást tvöfaldar hleðslur á einum stað.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 7 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:067** Hólsbrú heimild um brú 65°35.513 N 17°05.900 V

"Norður og vestur af Heygarðshólum í Helgey sem tilheyrir Geirastöðum er Hóll sem kvíslin er nefnd eftir. Þar var eitt sinn brú á ánni, Hólsbrú." Um 30 m vestur af 066 og um 50 m norðvestur af stekknum. Þarna er mjög þröngur árfarvegur.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 7 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:068** stífla 65°35.523 N 17°05.884 V

"Á sama stað og [067?] lét Laxár-virkjun gera stíflu og silungastiga um 1960. Sú stífla var sprengd eins og frægt er orðið 25. ágúst 1970 en stiginn stendur eftir í miðri á." Þröngur árfarvegur. Skrásetjari sá ekki stigann. Rétt er að telja þennan stað til menningarminja þó ekki sé hann fornleifar í venjulegum skilningi.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 7-8 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:069** Aðhald 65°35.632 N 17°06.152 V

"Miðja vegu frá Skiptihólma og út á enda eyjarinnar var Aðhald undir Súavaðsbjörgunum og litlu norðar var Súavað eða Helluvað út í Helgey." Um 100 m frá 070 og um 20 m suður af ánni. Ósléttur árbakki, nokkuð gróinn og grýttur.




Hættumat: hætta vegna vatnsaga.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 8 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:070** Helluvað 65°35.651 N 17°07.132 V

"Miðja vegu frá Skiptihólma og út á enda eyjarinnar var Aðhald undir Súavaðsbjörgunum og litlu norðar var Súavað eða Helluvað út í Helgey." Um 100 m norðan við 069 og um 250 m suðvestan af rafstöðinni á Geirastöðum. Áin er mjög breið og árbakkarnir eru lágir.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 8 og Örnefnakort af Arnarvatní.

**SÞ-198:071** Miðmundavað 65°35.666 N 17°06.180 V

"Norðan við eyjuna [Geldingey] er Þúfnahólmi og tvö sker þar hjá. Skammt sunnan við við Þúfnahólma er Miðmundaklettur á árbakkanum, eyktarmark frá Geirastöðum, og norðvestur af honum er Miðmundavað á ánni yfir í Kleifarnes í Geirastaðalandi." Um 200 m suðaustur af rafstöðinni við Geirastaði og um 200 m austur af 070. Hátt klettabelti að strönd við árbakkan. 200 m beina stefnu í vestur frá Súðavaði. Á þessum stað er áin mjög breið.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 8 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:072** heimild um byrgi 65°35.268 N 17°06.893 V

"Suður af stíflubjörgum er Agnkambur. Þar var fyrrum lagt út fyrir refi og þeir skotnir úr skotbyrgjum úr kambinum." Um 500 m norðaustur af Arnarvatni 4. Gróið klettabelti þar sem ekki sést til fornleifar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 9 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:073** heimild um byrgi 65°34.974 N 17°07.823 V

Bakki Arnarsvatnsár, austan frá Gvendarbrunnsmýri kallast Skotbakki, þar var skotbyrgi fyrir andaveiðar. Um 70 m norðvestan við 001 og um 15 m austur af Arnarvatnsanni. Við brýrnar að vestan er sýki og mjög þröng vík. Sauðhellir er nokkru sunnar, vestan megin árinnar og Sauðavað um 450 m vestar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 9 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:074** Gamli-Sauðahellir 65°35.204 N 17°05.847 V

"Í hraunbarminum á árbakkanum [við Sauðavað?] sem heitir Réttarbjarg er Gamli-Sauðahellir. Þar var áður innréttað fjárhús með garða." Um 50 m vestan við brýrnar og um 30 m norður af Laxá. Um 100 m austan við 073. Hellirinn er í hraungrjóti, nokkuð gróið í kring um hann, alls um 15 m Tvö hólf eru í miðjunni, annað að vestan og mjög lítið. Hitt er austan við aðalrýmið í hellinum. Heimildamaður sagði að hlaðinn hafi verið útgangur til að auðvelda vinnuna við að reka inn féð en það er ekki sjáanlegt.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 9 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:075** áveita 65°35.211 N 17°07.552 V

"En áttum við eftir aðra stóra eyju í Arnarvatnslandi, Arnarey. . .. Nyrst í eyjunni meðfram Laxá, er hraunhryggur sem kallast Hraungarður .... efri endinn [á Hraungarðinum] nefnist Arnarvatnsfótur milli Arnarvatnsár og Laxár. Arnarvatnsfótur var styttur nokkuð árið 1906 þegar Arnarvatnsbændur grófu skurð þvert yfir Fótinn út í Laxá og veittu þaðan nokkru af vatni Arnarvatnsár." Um 80 m austan við brúnna og 50 m norðvestan við Arnarvatn IV. Arnarvatnsfótur er austur af veginum um Mývatn norðan brúarinnar og þjóðvegs I. Skurður grafinn í gegnum nokkuð slétt tún.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 9 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:076** heimild um áveitu 65°35.161 N 17°08.351 V

"En förum nú niðrá Hraungarð um stund. Skammt neðan við Laxárbrýr eru flúðir í ánni og neðan þeirra lygn flói. Kallast hann Þuríðarflói en ofan hans eru Þurfðarflóafossar. Bakki árinnar þarna nefnist Þuríðarflóabakki, Gegnum Hraungarðinn var grafin skurður til áveitu um 1885 og vatni veitt úr Laxá ofan Þuríðarflóafossa suður í Hestamó. Þar er nú tún frá Arnarvatni 2." Ekki sjást ummerki áveitunar í dag en hnit voru tekin austur af vegi, um 150 m vestur eftir að komið er yfir brúnna.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 10 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:077** Stekkjahellir 65°35.160 N 17°08.749 V

"Vestast í Hestamó er Stekkjarlaut og Stekkjarhellir." Um 30 m suður af þjóðvegi I og um 550 m vestur af afleggjaranum á Norðurl. vegi Mývatns. Þýfður gróinn mói, vaxinn víð. Stekkurinn hefur verið skammt norðvestur af bænum. Hellirinn er nokkuð falinn, hæð nú er aðeins um 0,5 m Að norðaustan verðu er U-laga náttúrulegur bogi á móti hellinum þannig að hann er nær hringlaga. Þarna er allt vaxið viði svo að erfitt er að sjá hvort einhverjar hleðslur eru inn í hellinum. Þó eru strýtur í botninum sem vel gætu verið taldar hleðslur. Hellirinn er að innanmáli um 3 X 2,5 m

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 10 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:078** Kláfur 65°35.253 N 17°08.968 N

"Lengra niður með ánni, skammt ofan við Helluvaðsfót var Kláfur á Laxá, frá 1921 fram yfir 1940." Um 50 m norður af þjóðvegi I og um 100 m austur af Helluvaðsbæjunum. Grösugur en nokkuð grýttur árvegur. Strengirnir sjást ennþá. Rétt áður en Helluvaðsá rennur samsíða veginum sjást stengir og klofinn stöpull með 3 tröppum upp á og liggur vírinn þar yfir tréspýtu á toppnum. Hann er svo festur aftur við stöpulinn. Að norðan er hlaðinn stöpull á móti þeim.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Arnarvatn, 10 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:079** heimild um vatnsból 65°35.303 N 17°09.326 V

"Við erum komin niður í Helluvaðsfót og tíundum þar fjögur örnefni. Fiskilækur var uppspretta í Fætinum, skammt norðan við núverandi heimreið að Helluvaði, en er komin undir veg. Þar var vatnsból og vatnshrútur." Um 100 m vestan við heimreiðina að Helluvaði.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 10 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:080** gata 65°34.954 N 17°08.042 V

"Sunnan Helluvaðslinda eru ... en austan þeirra eru Austurfletir. Þar er til að nefna Stóriflötur og Gatnaflötur, sunnan við Hestamó. Um þá lágu fornar reiðgötur og þjóðleið að vaði á Arnarvatnsá og um hlaðið á bænum." Göturnar eru greinilegar í sléttu engi. Gatan liggur til norðvesturs frá brúnni rétt neðan við 001. Hnit tekin við götuna miðja um 30 m vestur af ánni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 11 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:081** Heygarður 65°34.716 N 17°08.682

"Sunnar á Austurflötum eru Baldinsflötur, Lambaflötur og Heygarðsflötur. Við norðvesturhorn Heygarðsflatar er Heygarður þar sem hey var borið upp og geymt til vetrarins þegar það var flutt heim á sleða." Um 600 m suðvestur af 001 og um 300 m suðaustur af Helluvaði. Um 10 X 15 m hraunborgir en engar hleðslur sjáanlegar. Um 150 m norðan við eru fjórir lágir bollar. Þarna er nokkuð slétt en úr-sér-vaxið tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 11 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:082** Marðargötur 65°34.484 N 17°08.887 V

"Vestan við Breið á suðvesturhorni Arnareyjar er engið Mörður sem skiptist milli Arnarvatns og Helluvaðs. Við ámót Helluvaðsár og Arnarvatnsár á merkjum móti Gautlöndum er Mararvað. Þangað lágu götur frá Arnarvatni, Marðargötur." Gróin gata sem liggur meðfram Arnarvatnsánni að sunnan.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 11 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:083** Marðarvað 65°34.4949 N 17°08.840 V

"Vestan við Breið á suðvesturhorni Arnareyjar er engið Mörður sem skiptist milli Arnarvatns og Helluvaðs. Við ámót Helluvaðsár og Arnarvatnsár á merkjum móti Gautlöndum er Marðarvað. Þangað lágu götur frá Arnarvatni, Marðargötur." Grónir bakkar báðum megin.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 11 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:084** Sundagötur 65°34.534 N 17°08.107 V

"Sundagötur eru Heybandsvegur í Sunda- og Stíflustykki." Liggja yfir Arnareyjar fylgja Marðargötum suður eynna en beygja svo til vesturs. Sundagötur liggja norðar en Marðargata en eru í dag nokkuð ógreinilegur slóði.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Arnarvatn, 12 og Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:085** garðlag 65°35.088 N 17°08.056 V

Um 10 m sunnan við þjóðveg I. Byrjar um 7 m norðan við Arnarvatn I og nær vestur um 560 m vestur af Arnarvatni I. Nokkuð sléttur, grösugur bali milli engja og vegarins.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:086** tóft 65°35.153 N 17°07.707 V

2 m sunnan við bakka Laxár og um 60 m austan við brúnna á Mývatnsleiðinni. Um 40 norðaustan af litlum kofa við gömlum við gömlu brýrnar. Þarna er þýfður, grýttur mór.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda.

Heimild: Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:087** brú 65°34.270 N 17°04.350 V

Milli 041 og 042. um 100 m norður af 041, við brúnna yfir Kráká. Frá þeim stað á veginum þar sem brúin yfir Kráká tekur við má sjá ógreinilega hleðslu sem kemur undan veginum og nær um 10 m til norðausturs og út í á.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga.

Heimild: Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:088** garðlag 65°35.059 N 17°08.024 V

Norðurendi hans liggur um 50 m suðaustur af afleggjaranum að Mývatsvegi N. Garðurinn liggur svo aðeins til austurs við girðinguna við 001 um 80 m. Svo sameinast garðurinn girðingunni sem er á honum

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:089** Viðarvað 65°34.597 N 17°04.546 V

Um 600 m norður af þjóðvegi I og um 55 m suðaustur af Viðarvaðsás er vað á Laxá. Er um 60 m norðar en 045. Bakki árinnar og sunnan við hann er allt-gróið viði.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:090** brú 65°35.224 N 17°05.622 V

Þegar komið er yfir Geldingseyjabrýrnar liggur gata til norðurs í um 70 m þar sem hlaðin brú er yfir lítinn læk. Um 70 m til norðurs byrjar gata til norðurs og þar við lindina er einhvers konar brú yfir. Lítur út fyrir að borið hafi verið grjót í nokkurs konar hólma. Þýfður bakki og um 10 m löng brú.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga.

Heimild: Örnefnakort af Arnarvatni.

**SÞ-198:091** rétt 65°35.205 N 17°05.598 V

"þar [í Geldingsey] heitir réttarbjarg og er hlaðin þar smárétt úr grjóti, en hún mun síðar hafa verið notuð sem matjurtagarður" Við 061, þ.e. austan við. Réttin er hlaðin upp í bjargið. Á þýfðum bala við bakka sýkisins. Heimildamaður segir garðinn aldrei hafa verið notaðann sem matjurtagarð.




Hættumat: hætta vegna vatnsaga.

Heimildir: Söguminjaskrá 47, Örnefnakort af Arnarvatni og Arnljótur Sigurðsson fæddur 23.6.1912 á Arnarvatni.

**SÞ-198,:092** heystæði 65°35.190 N 17°05.847 V

"Upp á einum hellinum (í Geldingsey) er hringlaga tóft, sem líklega er af heystæði." Upp á 074 um 2 m frá hellismunanum og 15 m vestan við brýrnar. Heystæðið er hringlaga og er á grösugum, nokkuð sléttum bletti.




Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Söguminjaskrá, 47 og Örnefnakort af Arnarvatni.

## SÞ-210 Syðri-Neslönd




10 hdr 1712. Bændaeign. Var í eyði síðan bóluna (1703) og var þá talið fyrst byggt um 1640 í úthögum Neslands og hafa síðan verið helmingur þeirrar jarðar. Öllu landinu er óskift milli bæjanna nema túni og engjum - JÁM XI, 239. Jörðin mun hfa byggst mjög skjótlega eftir 1712. Þrátt fyrir fullyrðingar í jarðabók virðast jafnan hafa verið tvö býli á Neslöndum á miðöldum þó þau hafi ávallt gengið kaupum og sölum saman. Sjá Ytri-Neslönd.

Heimildamaður: og Sigurveig Sygtryggsdóttir fædd á Syðri-Neslöndum 1906.

**SÞ-210:001** bæjarhóll
bústaður
65°37.157 N 16°58.679 V






Bærinn stendur að mestu leyti enn í dag, um 1 m norðaustan við yngra íbúðarhús, en þó eru flest torfþök hruninn. Nyrðri hluti hússins er eingöngu úr torfi en við þann hluta er samfast framhús úr timbri sem virðist vera að hrynja. Lengst til suðurs er svo sambyggt álklætt hús.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnkort 1919.




**SÞ-210:002** fjárhúsatóft
65°37.181 N 16°58.600 V

Er um 40 m austan við bæinn og um 60 m suður af hvítmálaðri hlöðu. Er í um 40 m fjarlægð (norð-vestur) af túngirðingu en handan hennar taka við mýrar og móar. Fremsti hluti hússins stendur ennþá uppi með þaki en sá syðri er töluvert hruninn auk þess sem töluvert af austurvegg hans er rofinn. Tóftirnar eru að hluta uppblásnar. Þær standa í grösugu, hæðóttu túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnkort 1919.

**SÞ-210:003** útihústóft 65°37.197 N 16°58.683 V

Er um 40 m norður af 001 og um 10 m fyrir norðvestan hlöðuna. Milli 20-30 m fyrir suðaustan túngarðinn. Mestur hluti útihússins er undir bárujárnsþaki eða u.þ.b. 12 m. Annars staðar má hins vegar sjá grjóthleðslur um 1 m á hæð og torf þar ofan á annar meter. Tóftin stendur í mjög hæðóttu túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnkort 1919.



**SÞ-210:004** heimild um útihús 65°37.144 N 16°58.630 V

Var um 30 m fyrir norð-austan 001, um 20 m suð-austan við 003 og 50-60 m suð-austan við túngarðinn. Stóð þar sem í dag er grösug hæð í túninu. Þarna er steypt útihús í dag. Að húsabaki eru mikið um steina sem gætu vel verið leifar hleðslu eða ruðningur úr gamla útihúsinu en að öðru leyti sásut engin merki um þetta útihús.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919.

**SÞ-210:005** heimild um útihús 65°37.157 N 16°58.716 V




Tæpum 40 m norðvestur af 001 og 15-20 m sunnan við túngarðinn. Er í þýfðu túni suðvestan við bæjarhlaðið. Hleðslur eru enn á flestum stöðum um 1,5 m háar og ofan á þeim u.þ.b. 0,2 m torflag. Norðurveggurinn er nokkuð blásinn en hinir veggirnir eru heillegir. Inn í tóftinni er mjög þýft. Í henni eru tvö kindaböð og mitt á milli þeirra er hlaðinn brunnur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnkort 1919.

**SÞ-210:006** Öskuhaugsstæði 65°37.140 N 16°58.614 V

" ... suðaustur frá bænum er gömul þakslétta, sem heitir Öskuhaugsbeð, og sunnan undir gamla túninu austarlega er Öskuhaugsstæði" Er á hól austarlega í túninu um 20 m fyrir suðvestan íbúðarhús og um 10 m norðan við girðingu. Í grösugu hæðóttu túni en fyrir suðaustan hólinn er fremur blautt og mýrlent. Hóllinn er að einhverju leyti rofinn.

Heimild: Ö-Syðri-Neslönd, 1351.

Hættumat: hætta vegna rofs.

**SÞ-210:007** Álagaker 65°37.142 N 16°58.621 V

"Austur af Öskuhaugsstæði er tjarnarpollur sem heitir Álagaker." Pollurinn er mestmegnis uppþornaður í dag, þess í stað er þarna mosa- og sefsvæði. Heimildamaður kannast ekki við neinar sögur tengdar þessum polli.

Heimild: Ö-Syðri-Neslönd, 1351.

**SÞ-210:008** Hólshús heimild um fjárhús 65°37.153 N 16°58.635 V

"Hólshús, áður fjárhús, stóð þar, sem nú er hlaða norður af bæ." Var um 30 m fyrir norðaustan 001, um 20 m suð-austan við 003 og 50-60 m suð-austan við túngarðinn. Stóð þar sem í dag er grösug hæð í túninu. Þarna er hlaða í dag austan við fjárhúsin og þeim sambyggð. Ef til vill það sama og 004.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Syðri-Neslönd, 1351.

**SÞ-210:009** Kvíaból 65°37.194 N 16°58.863 V

"Kvíaborg er vestast á Kvíabóli vestan við túngarðinn. En Kvíaból er vestan við túngarðin, og Kvíaborgarhryggur heitir vestur frá Kvíaborg." Upp á hól um 10 m norð-vestan við hliðið og 4 m suð-vestan við veginn. Þarna var fært frá fyrir tíð heimildamannsins. Kvíarnar eru að mestu leyti náttúrumyndaðar, þ.e. eru náttúrulegar hraunborgir en síðan hefur verið hlaðið ofan á.




Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimildir: Ö-Syðri-Neslönd, 1351.

**SÞ-210:010** túngarður 65°37.182 N 16°58.775 V
20-30 m norðan við íbúðarhús er grjótgarður sem nær suðvestur í Mývatn og út í Vatnsendatjörn. Garðurinn er mjög heillegur og er á bilinu 0,8-1,3 má hæð. Heimildamaður segir hann hafa verið hlaðinn á árunum 1902-1905. Sum staðar er girðing ofan á garðinum.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Syðri-Neslönd, 1352.

**SÞ-210:011** garðlag 65°37.581 N 16°58.530 V
"Rauðhólar eru allháar hraunborgir í Mýrinni beint norður af bænum. Norður og vestur af Rauðhólum er stór tjörn, sem heitir Rauðhólatjörn. ... Vestur af Rauðhólatjörn ........... Norður af Blátjörn er Lómatjörn og Grjótgarður er milli Rauðhólatjarnar og Tóukílstjarnar ........" Um 100 metrum norð-austur af þremur stórum hólum. Liggur vestur úr Rauðhólstjörn í Tóukílstjörn. Garðurinn sést ágætlega þar sem hann kemur upp úr Rauðhólatjörn. Upp úr henni sést hann vel í um 6 m en hverfur svo næstum í gróður þar til nær dregur Tóukílstjörn. Garðurinn er samtals milli 70-80 m langur.
Hættumat: hætta vegna ágangs gróðurs.
Heimild: Ö-Syðri-Neslönd, 1352.

**SÞ-210:012** Drápuvarða heimild um vörðu 65°37.303 N 16°59.141 V
"Vegurinn milli Syðri-Neslanda og Borga liggur yfir Miðholtin og Drápuholt, sem er nokkuð vestur af túni, og Drápa er tjörn suður af Miðholti. Drápuvarða er vestast á Drápuholti." 10- 20 m austan við veginn, rétt við Dráputjörn. Er miðja vegu milli Borgar og Syðri-Neslanda, við Dráputjörn. Þarna er þýft og rakt mosaland en ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimildir: Ö-Syðri-Neslönd, 1352.

**SÞ-210:013** Tóukílsgarður 65°37.849 N 16°58.268 V
"Norðaustur af Rauðhólum er stór tjörn á merkjum, sem heitir Tóukílstjörn og í hana er Grjótgarðurinn sem fyrr er getið. Síðan er Tóukísgarður úr Tóukílstjörn og í Tóukílsvík." Náði úr Töukílsvatni í Mývatn. Þarna er mosa- og sefsvæði en ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta vegna ágangs gróðurs.
Heimildir: Ö-Syðri-Neslönd, 1352.

**SÞ-210:014** Grjótbrú 65°37.296 N 16°59.146 V
"Norður af Drápuholti er Austara-Miðholt, og vestur af því er Vestara-Miðholt. Norð vestur af Vestara-Miðholti er brautarstúfur, sem heitir Grjótbrú ... " Hjá Drápuvörðu, 10-20 m austan við veginn. Grjótbrúin var til þess að hægt væri að stikla á steinum yfir keldu. Grjótbrúin sést ekki í dag, var aldrei mikið mannvirki.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimildir: Syðri-Neslönd, 1352.

**SÞ-210:015** Hrafnsandarhró 65°37.423 N 16°58.034 V
"Tóukíll er norðvestur af hrafnsandarhrói, en það er lágt hró með heystæði suður af botni Tóukílsvíkur [013]." Þarna er geysimikill runnagróður en allt um kring er mýri. Þetta svæði er í dag á kafi í gróðri og þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir tókst ekki að finna heystæðið. Punktar teknir um 20 m suður af botni Tóukílsvíkur.

Heimildir: Ö-Syðri-Neslönd, 1352-1353.

**SÞ-210:016** Miðkílsgarður 65°37.738 N 16°58.453 V
"Miðkílsgarður er gamall torfgarður norður úr Tóukílstjörn." Nær úr norðurenda Tóukílstjarnar og í Miðkílstjörn. Í grösugum haga, nær frá sefi Tóukílsvatns í sef Miðkílsvatns. Torfgarðurinn er rofin á nokkrum stöðum en er þó mjög greinilegur. Þarna er mikill gróður, sérstaklega austan við vatnið.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Syðri-Neslönd, 1353.

**SÞ-210:017** Stekkur 65°37.254 N 16°58.354 V
"Skollahró er gróið helluhraun austan við Mýrarnar norðaustur frá bæ ... Stekkur er í Skollahróum" Hjá túngirðingunni norðaustan við bæinn er gata sem liggur yfir hraunið. Ef henni er fylgt þá er stekkur þessi á vinstri hönd en lambakró á þá hægri. Skollahró er mjög gróið. Stekkurinn og lambakróinn eru bæði að mestu leyti náttúrumynduð og töluvert horfið í gróður.

Hættumat: hætta vegna ágangs gróðurs.

Heimild: Ö-Syðri-Neslönd, 1353.

**SÞ-210:018** Dauðanesheystæði 65°37.295 N 16°58.240 V
"Dauðanes er austur úr Neslandatanga norðan Grunnuvíkur. Dauðanesheystæði er norðan á nesinu." Heystæðið er á grasbala mjög norðarlega á nesinu. Þarna er mikið um runnagróður en grasvöxtur er þó meira áberandir en annars staðar á nesinu. Þar sem heystæðið hefur verið vex nú mjög mikil og há hvönn. Inn á milli hvannarinnar má greina mikið af steinum á víð og dreif en erfitt er að áætla nákvæma lögun þess.

Hættumat: engin hætta.

Heimild:Ö-Syðri-Neslönd, 1354.

**SÞ-210:019** Ullartjörn 65°37.141 N 16°58.522 V
"Austur af bænum er tjörn sem heitir Ullartjörn ... " Er beint austan við túnið um 10-20 m austan við girðingu. Er lítil ( ca. 10x20) sefivaxin tjörn. Er í rökum móa, þarna er hálfgert mýrasvæði og skiptist á sef, lyng og víðir. Skammt austan Ullartjarnar er önnur tjörn. Samkvæmt heimildamanni var í tjörninni þvegin ull þótt að því hafi verið hætt þegar hún fór að muna eftir sér.

Heimild: Ö-Syðri-Neslönd, 1353.

**SÞ-210:020** heimild um naust 65°36.743 N 16°57.794 V
Suðurtangi Neslandanna heitir Gýgjarnes . .. Austast í Gýgjarnesi er naust ... " Gýjarnes er góðursælt nes sem gengur úr Neslandatanga vestur í Mývatn. Naust þessi var austast á nesinu. Þar sem lítill tangi gengur suð-vestur úr Gýjarnesi og austan hans er vík. Tanginn er gróinn hrauntangi. Þarna var tekið á móti skipum að sögn heimildamanns.

Heimild: Ö-Syðri-Neslönd, 1354 ..

**SÞ-210:021** Skemma 65°36.981 N 16°57.821 V

"Norðvestur af Gýgjarhróum eru Skemmuhró, og í því hraunhellir sem heitri Skemma." Er í suðurhlið hóls, norðaustan við Hestklett sem er stór klettur upp á hól skammt sunnan við Gýjarhró. Heimildamaður segir að vart sé hægt að komast inn í hellinn og því hafi hann varla verið sauðahellir. Hún man ekki eftir að nafnið tengist nokkurs konar notkun á hellinum. Gatið inn í hellinn er ekki nema u.þ.b. 0,3 X 0,4 m. Hellirinn er u.þ.b. 2 X 3 má stærð.

Heimild: Ö-Syðri-Neslönd, 1354.

**SÞ-210:022** heimild um heystæði 65°36.910 N 16°57.952 V

Suðvestur af Skemmuhrói er Hestklettur ... Vestur af Hestakletti er holt, sem heitir Langholt, þar er heystæði." Er 20-30 m vestur af Hestkletti. Er komið undir tún í dag.

Heimild: Ö-Syðri-Neslönd, 1354.

## SÞ-211 Ytri-Neslönd




10 hdr. 1712. Bændaeign. Fyrst getið 11.10.1447 en þá selur Gottskálk: bp sr. Þorkeli Guðbjartssyni m.a. "tvær iardir er heilug holakirkia hefer att. er svo heita neslaund huartueggi er standa vit myvatn j Reykiahlidar þingum." - DI IV, 709. 20.9.1485 lýkur Sæmundur Jónsson Laufáskirkju í kirkjuspjöll og taðarfyrnd "Neslond tuenn vid Míjvatn" en honum og bræðrum hans höfðu þau til erfað fallið eftir sr. Þorkel Guðbjartsson - DI VI, 549-50. 1525 er Nesland talið meðal Hólastólsjarða (DI IX, 301) og 1550 eru "med Neslondum .iiij. kugillde. landskylld .vij. agillde. 18.8.1555 geldur Ólafur bp Hjaltason Halldóri Sigurðssyni í þjónustulaun "Neslend tuenn ... fyrir xx hvndrvd og iiij hvndrvd og þar med iiij kvgillde." Höfðu Neslönd verið dæmd Ólafi til eignar fyrir bót og efling Laufásstaðar með tilvísun í bréf frá 20.9.1485 – DI XIII, 77 sbr. 5.5.1559 – DI XIII, 406. 19.6.1663 fær Jórunn Magnúsdóttir í arfahlut sinn m.a. hálf Neslönd, 10 hdr. - Jarðabréf, 126-27. 22.5.1703 eru hálf Neslönd, 10 hdr, landsk 60 al, leigukúgildi 3, meðal eigna Jóns Magnússonar, ekkils

Jórunnar Magnúsdóttur, en hún hafði erft eftir sína foreldra - JÁM XIII, 208. 1712 er Ytri-Neslönd talin aðaljörðin sem hafi verið 20 hdr. jörð þar til Syðri-Neslönd byggðust um 1640. Landi var óskipt milli bæjanna fyrir utan tún og engi - JÁM XI, 239.
Heimildamaður: Stefán Axelsson fæddur 28.2.1923 á Ytri-Neslöndum.

**SÞ-211:001** bæjarhóll bústaður 65°37.668 N 16°59.941 V

Gamli bærinn stóð 6 m austan við núverandi íbúðarhús og 7 m suður af núverandi útihúsum Þar er nú slétt hlað og því sést ekki til fornleifar. Á túnkorti er ekki ljóst hvort þetta er bæjarhóll eða útihús. Við suðurenda bæjarins var brunnur inni í bænum Nú er hann blómabeð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnkort 1919.




**SÞ-211:002** Lambhús heimild um útihús 65°37.700 N 16°59.999 V

"Beinrófa er melhryggur í gamla túninu, vestan við mýri sem heitir Lambhúsmýri, sem er vestur af gömlu Lambhúsi, en Lambhúsið var norður af bænum og byggt aftur upp af Axel Jónssyni." 10 m norður af 001, við skemmu. Þarna er ruslahaugur í dag.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnkort 1919.

**SÞ-211:003** heimild um útihús 65°37.638 N 16°58.975 V

10 m vestur af 001, við núverandi íbúarhús. Þarna er tún í dag og ekki sést til fornleifar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnkort 1919.

**SÞ-211:004** Hólshús heimild um útihús 65°37.659 N 17°00.034 V

"Suður af bænum eru fjárhús nefnd Hólshús, endurbyggð af Jónasi Hólm." 20 m suður af þurrkunarskúr. Þarna er slétt tún í dag og ekki sést til fornleifar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919 og Ö-Ytri-Neslönd, 1357.

**SÞ-211:005** fjárhústóft 65°37.585 N 18°59.954 V




7 m sunnan við 035 og 15 m vestur af veginum að Borg, í blómlegu túni. Fjárhús og hlaða endurbyggð. Tóftin er þrjú hólf, austasta hólfið er nýlegt og samkvæmt heimildamanni var þar hlaðið síðar en hin. Vestara hólfið hlaða.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnkort 1919.

**SÞ-211:006** heimild um þvottastað 65°37.654 N 17°00.054 V

"Lindargjár eru syðst og vestast í túninu, þar var þvegin ull í mörg ár." Um 30 m suðvestan við núverandi íbúðarhús. Um 25 m suður af þurrkunarhúsinu. Tvær litlar lindir sem renna undir grjótið. Áður voru silungstittir í þeim.

Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ytri-Neslönd, 1358.

**SÞ-211:007** Byrgi 65°37.608 N 17°00.333 V

"Faustkanes gengur vestur úr túninu; vestast í því var hlaðið silungabyrgi nefnt Byrgi, sem nú er horfið." Um 35 m vestan við kvíarnar. Um 100 m suðvestan við 001. Um 1 m frá bakka vatnsins. Heimildamaður vísaði á byrgið. Á svæði sem er u.þ.b. 2 X 2 m er mikið af grjóti og nokkuð í kring um það líka. Ekki er ljóst hvernig byrgið hefur verið í lögun.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga.
Heimild: Ö-Ytri-Neslönd, 1357.

**SÞ-211:008** Fjósnes 65°37.719 N 16°59.936 V




"Norður úr túninu gengur Nes, sem heitir Fjósnes, og norður úr því Fjósnessker ... " Um 20 m norðan við 001, utan þar við þar sem vegaslóðinn er. Mjög þýfður grýttur melur. Tóftin er eitt hólf, 3 X 2 m.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Ytri-Neslönd, 1357.

**SÞ-211:009** heimild um hesthús 65°37.622 N 17°00.018 V

"Syðst og vestast á túni stóð Hesthús, og suður af því er Hesthúsgjá ... " 35 m suðvestan af 001. 6 m norðvestur af 005. Gæti verið sama og 035. Við litla gjá, sem heimildamaður kallar Hestagjá. Heimildamaður segir að geti vel verið að hér hafi verið hesthús en í dag eru þarna tún og ekkert sést til fornleifar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Ytri-Neslönd, 1357.

**SÞ-211:010** fjárhúsatóft 65°37.719 N 16°59.929 V

Er 1 m norður af 008 og 3 m suður af vatninu. Þýfður melbakki, vel grýttur. Rúmlega helmingur tóftarinnar er náttúrulegur, aðeins austurhliðin er hliðin er hlaðin.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.




**SÞ-211:011** Miðhús heimild um útihús 65°37.668 N 17°00.019 V

"Miðhús er gamalt fjárhús, stóð austur af Neðstahúsi. En það stóð vestur við víkina, vestast í túninu." Ekki sjást neinar leifar af Miðhúsi í dag.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Ytri-Neslönd, 1357-1358.

**SÞ-211:012** stekkjartóft 65°37.355 N 16°59.600 V




"Sunnan við íbúðarhúsið á Borg er Stekkur, og þar voru lömb geymd í helli." Hellirinn er upp við veg sem liggur í suðaustur að Syðri-Neslöndum. Hellirinn er rétt norðan við nýju túngirðinguna. Garðurinn framan við hellinn er byggður suður í gamlan garð sem liggur austur í Mývatn. Upp við túngirðinguna (nýju rétt norðan við). Byggt suður í gamla garð sem liggur austur í vatnið. Hlaðinn hálfbringur sem opnast til suðurs. Lömbunum var komið fyrir í litlum helli á austur vegg stekkjarins en hann er nú fullur af drasli.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Ytri-Neslönd, 1358.

**SÞ-211:013** kvíar 65°37.631 N 17°00.112 V




12 m vestan við 013 og 25 m vestan af 005. Er í um 3 m fjarlægð frá vatninu. Upp við hraunsyllur á árbakka. Heimildamaður segir kvíarnar hafa verið mjög ógreinilegar og byggðar upp í grjóthró.

Heimild: Ö-Ytri-Neslönd, 1358

**SÞ-211:014** Langanesgarður 65°37.001 N 17°59.680 V

"Langanesklettar er einnig á merkjum [milli Neslandanna], sunnan þeirra er talað um Langanes. Langanesvogur er inn í Langanesið að vestan, og í hann lág garður, sem heitir Langanesgarður, það var vörzlugarður fyrir nesið, nú lagður niður sem slíkur." Um *550* vestur af Borg og um 50 m austur af Odda.

Hættuamat: engin hætta.

Heimild: Ö- Ytri-Neslönd, 1358.

**SÞ-211:015** Hjaltagarður 65°37 .176 N 16°59.562 V

"Hjaltagarður er forn óglöggur torfgarður norðan við Langaklett." Um 15 m norðaustan við Langaklett má greina garðbrot um 350 m suðvestur af Borg. Garðurinn er mjög óglöggur, það má sjá um 10 m langt brot sem snýr A-V og á móti við það er e.t.v. annað brot um *5* m langt.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ytri-Neslönd, 1358.

**SÞ-211:016** Steinka heimild um vörðu 65°37.378 N 16°59.619 V
" ... Steinka er grjótvarða á suðurbakka Krókatjarnar." Krókatjörn liggur austur af Borg. Er á milli Borgar og vegarins sem liggur suðaustur í átt til Syðri-Neslanda. Við suðurbakkan eru nokkur grjóthró en á ekki er hægt að sjá minjar um vörðu. Hnit tekin um 50 m suðvestan við bæinn Borg. 1 m frá suðurbakka tjarnarinnar.

Hættumat: engin hætta
Heimild: Ö-Ytri-Neslönd, 1359.

**SÞ-211:017** Skammigarður heimild um garðlag 65°38.122 N 16°59.472 V
" ... Eggjatjörn. Hún er austur af botni víkurinnar, á austurbakka hennar er einkennileg þúfa. Suðvestur úr tjörninni heita Skammagarðsfen, Skammigarður var gamall garður úr fenjunum í vatnið, nú horfinn."

Heimild: Ö-Ytri-Neslönd, 1359.

**SÞ-211:018** Grjótgarður heimild um vörslugarð 65°38.252 N 16°59.895 V
"Grjótgarður er vörzlugarður úr Víkurbotni í Eggjatjörn byggður 1895." Um 5 m norðaustur við Víkurbotninn er vegurinn til Nesland og norðvestur við hann er kjarrlendi að tjörninni. Garðurinn lá hér en er ekki sjáanlegur.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar.
Heimild: Ö-Ytri-Neslönd, 1359.

**SÞ-211:019** Torfgarður 65°38.228 N 16°59.155 V
"Torfgarður er vörzlugarður milli Merkjatjarnarinnar og Eggjatjarnarinnar, hlaðinn 1895 austur í Eggjatjörn ... " Um 500 m norðaustur af Borg og um 200 m NNA af Neslandaveginum Garðurinn liggur í gegnum nokkuð þurrt lyngvaxið mólendi. Garðurinn er vel gróinn en heill, utan við smá rof á 2-3 stöðum þar sem einhver hefur farið í gegn á vélknúnu ökutæki.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Ytri-Neslönd, 1359.

**SÞ-211:020** varða 65°37.134 N 16°59.554 V
35 m suður af Borg og um 250 m austur af Odda Langanessins er 1,80 m hár hraundrangi og ofan á honum 0,6 m há hlaðin varða. Á syðri merkjum við Syðri-Neslönd.

Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ö-Ytri-Neslönd, 1359.

**SÞ-211:021** vörslugarður 65°37.338 N 16°59.655 V
Krókatjörn er um 30 m austur af Borg. Frá henni og vestur af Mývatni liggur garðurinn. Heimildamaður segir garðinn hlaðinn fyrir sitt minni.

**SÞ-211:022** Kaupstaðaklettur 65°38.264 N 17°00.154 V
"Vestan við Selflögu er Kaupstaðaklettur, þar var kaupstaðaleiðin út á Selás." SV af Vötnunum eru hólar, engir klettar. Hnit tekin um 30 m NA af veginum að Mývatni.

Heimild: Ö-Ytri-Neslönd, 1360.

**SÞ-211:023** heimild um sel 65°38.044 N 17°02.271 V
"Selhöfði gengur austur í víkina norðan við Valþjófsnes, það er afgirt varpland. Sel eru grónar tóttir sunnan við Selhöfða." "Gamall torfgarður girðir fyrir höfðan [Selhöfðann], og um 50-70 m sunnan við hann er rúst á vatnsbakkanum, fremur ógreinileg, en virðist vera af

þrískiptu langhúsi, um 9 m. löngu. Rústin er vaxin gróskumiklu grasi og víðir umhverfis. Er þetta líklega selið, sem að vísu er óvanalega nálægt bænum, en hefur verið notað til að beita í fyrrnefndan landgeira, sem Neslöndin eiga handan Neslandavíkur." Allur vatnsbakkinn frá Selhöfða er vaxinn viði og lyngi svo að ekki er hægt að greina neinar tóftir. Garðurinn sést að hluta, þ.e. um 3-4 m af honum.

Hættumat: hætta vegna ágangs gróðurs.

Heimildir: Ö-Ytri-Neslönd, 1360; Söguminjaskrá, 12.

**SÞ-211:024** beitarhúsatóft 65°37.829 N 17°00313 V

"Vallþjófsnes er vestan víkur móti bæ, 380 metra sund, fé rekið yfir það á vetrum. Tóft er syðst á nesinu, þar hafa verið Beitarhús." Um meter frá árbakkanum. Beint norður af íbúðarhúsinu á Ytri-Neslöndum." Fremst á nesinu að suðvestanverðu, er rúst af fjárhúsi, um 5 m löngu, með hlöðnum grjótveggjum, og eldri og stærri rúst með torfveggjum virðist vera þar undir." Hlaðnar tóftir eru 3 X 6 m að innan. Fyrir norðan tóftina sést um 3 X 2 m hólf.




Hættumat: hætta vegna vatnsaga.

Heimildir: Ö-Ytri-Neslönd, 1360; Söguminjaskrá, 12.

**SÞ-211:025** heimild um rétt 65°37.913 N 17°00.383 V

"Vallþjófsnes er vestan víkur móti bæ, 380 metra sund, fé rekið yfir það á vetrum .... Nesborg heitir svo nyrst á nesinu, þar er aðhald fyrir fé til sundurdráttar." Um 20 m suðvestur frá vatninu. Hnit tekin við 7 X 3 m hringlaga lægð mjög gróna þar sem engar hleðslur eru sjáanlegar. Aðrar hringlaga lægðir eru á nesinu en þær virðast allar náttúrulega gerðar og margar hverjar hálffullar af vatni og alls kyns gróðri. Nesið er mjög gróið og erfitt að sjá hvar réttin hefur nákvæmlega verið.

Heimild: Ö-Ytri-Neslönd, 1360.

**SÞ-211:026** Yztihólmi 65°37.923 N 17°06.396 V

"Í Víkinni eru þrír góðir varphólmar .... Yztihólmi er svo yztur. Þar hafa verið ræktaðar kartöflur." Um 150 m austur af Valþjófsnesi Grösugur hólmi Syðst er hár hóll enn annað er lyngivaxin slétta. Þarf bát til að fara í hana. Hnit tekin suðvestur á nesinu.

Heimild: Ö-Ytri-Neslönd, 1360.

**SÞ-211:027** heimild um vörðu 65°38.005 N 17°00.816 V

"Neslandaborgir eða Borgir ergýjaklasi út og vestur frá Valþjófsnesi norðvestur frá bænum. Stóraborg eða Hverahóll er vestasta borgin, hún er á merkjum. Norðvestur af henni er grjótmelur með Vörðutippi á, þetta heitir Bjarni." Um 70 m norðvestur af veginum, við merkin. Þarna er melasvæði en ekki sést til vörðunnar.

Hættumat: engin hætta. Heimild:
Ö-Ytri-Neslönd, 1360.

**SÞ-211:028** kuml 65°37.945 N 16°59.371 V

"Á austanverðurm hólnum, nokkru austar en þar sem hann var hæstur, hafði sézt einhver þúst á yfirborði, en ekki hafði mönnum frekar dottið í hug að mannaverk væru." Þann 29. júní 1960 var verið að vinna þarna með jarðýtuskóflu, og sáust þá bein í gjallstálinu. Kristján

Eldjárn skoðaði þessan stað í júlí sama ár, en þá hafði mokstursvélin "sýnilega sópað kumlinu gjörsamlega burtu. Hafði það verið undir þúst þeirri er fyrr getur." Auk beinanna, sem virtust vera af tveimur mönnum og hestum, fundust þarna leyfar af spjóti, beislismélum, gjarðarhringja og fleiru." Kristján Eldjárn skrifar um þetta kuml í greininni "Kuml úr heiðnum sið fundin á síðustu árum" Árb 1965, 54-56. Það sem eftir er af hólnum liggur vestur af veginum heim að Neslöndum, um 3-400 m frá bænum. "Stóri-Forvaði er dálítill gjallarhóll, við suðaustanverðan Víkurbornin (Neslandavík:), um 300-400 m norðaustur af bænum í Ytri-Neslöndum Lá vegurinn þar fyrir framan áður fyrr, en hólinn er nú að mestu
horfinn vegna ofaníburðartöku.

Heimildir: Söguminjaskrá, 13 og Kristján Eldjárn,"Kuml úr heiðnum sið fundin á síðustu árum" Árb.

**SÞ-211:029** mannabein 65°37.403 N 16°59.716 V

"Þegar verið var að grafa fyrir íbúðarhúðarbyggingu á Borgarhóli, þ.e. býlinu, sem nú kallast Borg, var komið niðrá beinagrind af manni "og lá hún grunnt, ekki meira en fet." Engir hlutir fundust með beinagrindinni. Voru beinin flutt til Reykjahlíðar og grafin þar í kirkjugarði, eftir tilvísunum sem Björg Stefánsdóttir, Ytri-Neslöndum, fékk í draumi." Kristján Eldjárn skrifar um beinafundin sem viðauka í greininni "Kuml úr heiðnum sið fundin á síðustu árum" Árb 1965, 56. Fannst í mel um fet ofan íjörðu, fætur snéru til suðausturs.

Heimildir: Söguminjaskrá, 13 og Kristján Eldjárn,"Kuml úr heiðnum sið fundin á síðustu árum" Árb.

**SÞ-211:030** garðlag 65°37.586 N 17°00.131 V

Beint suður af 005 liggja tvö garðlög samsíða ná til suðurs út í vatnið. Ganga út í vatnið um 10 m austan við kvíatóftirnar. Eystri garðurinn er nær alveg horfin, sést aðeins í smágrjót . Sá vinstri er mjög greinilegur vel gróinn og nýrri. Um 5 má milli þeirra.

**SÞ-211:031** Vörðuholt 65°37.586 N 17°00.113 V

"Vörðuholt er skammt sunnan við túngirðinguna." Um 30 m suður af 005 og 4 m austur af 036. Ekki er að sjá vörður né holt og ábúandi kannast ekki við vörðu á þessum stað.

Heimild: Ö-Ytri-Neslönd, 1358.

**SÞ-211:032** Neðstuhús 65°37.656 N 17°00.067 V

Sjá 011. 35 m vestur af 001 og um 10 m suður af víkinni. Þarna er tún í dag og ekki sést til fornleifar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

**SÞ-211:033** frásögn um fjárhús 65°37.621 N 17°00.031 V

Um 10 m suðvestan við 004 og 7 m norðan við 005. Ekki sést til fornleifar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

**SÞ-212 Vindbelgur**




12 hdr. 1712. Múlakirkjujörð til 1923. Fyrst getið í máldaga Múlakirkju frá1431: "er gefit til kirkonar jordin vindhbælgh med mywatn." Máld DI IV 468. Í máldaga frá 1461 er agt að gefist hafi "j mortalia. ij. jarder. vindbelgur oc hnusstader ... medan síra suenbiorn þordarson hiellt stadinn. - DI V, 284. Talin í máldögum Múlakirkju frá 1525 - DI IX, 327; 1553 - DI XII, 642; 1563 - DI XIV, 143 og 1569 en þar kemur fram að jörðin sé byggð með 4 kúgildum

og landskuld sé 1 hdr með slætti - DI XV, 347. Vagnbrekka er nýbýli í landi Vindbelgs frá 1922. Vindbelgur gæti verið sama jörð og kölluð er Sandfell í Reykdælasögu - ÍF XI, 204 sbr. Kálund II, 166.
Heimildamaður: Jón Aðalsteinsson fæddur 27.3.1926 á Vindbelg.

**SÞ-212:001** bæjarhóll bústaður 65°36.903 N 17°01.454 V




Um 15 m suðaustan við núverandi íbúðarhús. 10 m vestur af gamalli, stórri hlöðu. Ábúendur nota þetta gamla bæjarhús sem reykhús. Húsið var stærra áður. Það sem enn stendur er eldhúsið gamla. Það er búið að slétta í kringum það, en því hefur verið haldið við. Þetta er mjög ósléttur bæjarhóll.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnkort 1919.

**SÞ-212:002** bæjarhóll bústaður 65°36.924 N 17°01.404 V
Er 12 m norðaustur af 001. Þarna er í dag núverandi bæjarstæði og sennilega hafa verið 2 bæir á bæjarhólnum

Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1919.

**SÞ-212:003** heimild um fjárhús 65°36.878 N 17°01.533 V
Var 30 m suðvestur af 001 og 50 m norður af 004. Smá hnúta er í túninu þar sem fjárhúsin stóðu. Ekki sést til fornleifar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnkort 1919.

**SÞ-212:004** fjárhúsatóft 65°36.870 N 17°01.490 V




8 m suðvestur af 001 um 0,5 m norðvestur af Mývatni. Á vatnsbakka standa hesthús bátaskýli. Dyrnar snúa til vesturs og má sjá lögun tóttarinnar að innan þeim norðan frá. Að austan er erfitt að greina nokkurn hlut, innan dyra. Óregluleg og ósléttuð tún, upp við vatnsbakka.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnkort 1919.

**SÞ-212:005** heimild um fjárhús 65°36.916 N 17°01.416 V
90 m suður af 001. Þarna stóð gamalt fjárhús úr steypu nýlega rifið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnkort 1919.

**SÞ-212:006** Miðhús heimild um fjárhús 65°36.988 N 17°01.468 V
"Upp af Ytrisléttu heitir Miðhúsbrekka. Undir henni norður frá bænum voru svonefnd Miðhús." 60 m norður af 002 og 70 m suðaustan við 013 rétt vestan af heimreiðinni. Rétt

norðan við núverandi íbúðarhús. Grösugur og mjór bali milli vegarins og brekkunar. Smá brekka með stöllum við núverandi fjárhús ekki sést til Miðhúsa í dag.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort, Ö-Vindbelgur, 2.

**SÞ-212:007** Hesthúslaut 65°38.994 N 17°01.470 V

"Miðhúsbrekka náði upp undir Hesthúshrygg, sem er mjór hryggur, og vestan við hrygginn er laut, sem heitir Hesthúslaut." 85 m norðan af 002 og 13 m norðaustan við 013. Er í dag undir heimreiðinni

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnkort 1919 og Ö-Vindelgur, 2.

**SÞ-212:008** heimild um fjárhús 65°36.877 N 17°01.313 V

"Gerði heitir gamalt tún vestan í Austurhöfða; þar eru fjárhús nú ekki, en voru áður." Um 130 m suður af 001 og um 140 m austur af 004. Þarna var tún sléttað þannig að borið var upp í brekkuna ofan við.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919 og Ö-Vindbelgur, 2.

**SÞ-212:009** Brunngarður 65°36.860 N 17°01.492 V

"Brunngarður er bárugarður sunnan í túni milli Austur- og Vesturhöfða." Er meter suðvestan við útihús 004 og um meter norðvestur af Mývatni. Ruddur garður á vatnsbakka. Sést í hluta garðsins. En þegar sléttað hefur verið hefur líklega verið sléttað eitthvað af garðinum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö- Vindbelgur, 2.

**SÞ-212:010** Kvíholt 65°36.934 N 17°01.556 V

"Bæjarlaut er vestan við íbúðarhúsið. Kvíholt er norðan við Bæjarlaut, ofan við veginn." Um 13 m norður af núverandi fjárhúsi og um 5 m vestan við heimreiðina. Þarna er hlaða í dag. Ekki vitað um kvíar, gæti verið það sama og 026.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Vindbelgur, 2.

**SÞ-212:011** tófti r 65°37.588 N 17°01.183 V




"Raufarhóll er fram við vatnið, um 1 km fyrir norðan bæinn. Þar hefur nú verið ræktað tún upp á hólnum, sem er nokkuð mikill um sig. Syðst og austast á hólnum er dálítil kvos, og sitt hvoru megin við hana virðist móta fyrir rústum Sunnan við kvosina mótar fyrir tveimur löngum dældum (ca. 10 og 14 m á 1), sem gætu verið minjar um forna veggi (etv. gamlar

kvíar) og norðan við hana eru tvær hringlaga og ein ferköntuð rúst sem líkjast mest heystæðum (Ábúandi taldi að fundist hefði gólfskán í rústunum)." Suðvestan við kvosina er 20 m tóft sem skiptist í 3 hólf. Syðst er hólf sem er 14 X 3 m að innanmáli. Nyrst er hólf sem er 10 X 3 m Ofan við syðri tóftina er lítið hólf 3 X 1 m Allt er þett mjög vel gróið og ógreinilegt. Norðan við kvosina má sjá móta fyrir 3 litlum tóftum Suðvestasta tóftin er 2 X 2 m. norðan við hana er tóftarhringur sem er 2 X 3 m Norðaustan við þá tóft er svo sú þriðja sem er U-laga og er 4 X 2 m og virðist hún vera opin til suðvesturs. Engar hleðslur eða grjót eru sýnilegar í tóftinni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Söguminjaskrá, 9.

**SÞ-212:012** kuml 65°37.668 N 17°01.223 V

"Árið 1902 bárust safninu [Þjóðminjasafninu] nokkrir munir, sem fundust í jörðu skammt frá Vindbelg. Þeir virðast örugglega vera úr kumli manns og hests, þótt ekki sé það beinlínis tekið fram. Gripirnir eru: 4966. Spjót af sviplítilli K-gerð. 4967. Gjarðarhringja, brot. 4968 11 litlir járnnaglar, þar af 5 kúptir naglhausar, eflaust úr söðli." Heimildamaður segir kumlið hafa fundist í Raufarhól sjá 011. Stór hluti hólsins er undir túni.

Hættumat: hætta vegna jarðræktar.

Heimild: KE: Kuml og haugfé, 158.

**SÞ-212:013** Hringhús heimild um fjárhús 65°37.011 N 17°01.447 V

Var 10 m austan við 006 og 13 m suðvestan við 007 þar sem vegspotti liggur frá heimreiðinni upp að útihúsunum. Hringhús voru þar sem þessi vegaspotti er í dag.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

**SÞ-212:014** Gerði býli 65°37 .089 N 17°02,035 V




"Gerði heitir eyðiból nokkurt suðvestan undir Gerðishól, sem er norðvestast í þeirri miklu hólaþyrpingu, sem umlykur bæinn. Rústirnar eru mjög nálægt vegi." Um 10 m vestan við veginn að Hofstöðum og 2 m suðvestan við hólinn. "Þarna er mikil rúst af húsi um 17 m löngu og um 5 m breiðu (utanmál), og hliðarbygging, 3,5 x 10 m. Svo virðist sem síðar hafi verið byggt minna hús ofan á rústir langhússins, miðjar, og eru þar upphækkaðir veggir. Rétt fyrir vestan er ógreinileg, aflöng rúst, trúlega af útihúsi. Rústirnar eru vaxnar grasi, og ekki mjög fornlegar. ... Túngarður sést þarna enginn, en þeir virðast ekki hafa tíðkast á kotum. sem lágu nærri aðalbæjum." Stóra tóftin er greinilega um 20 m löng, um hana miðja hefur verið byggður stekkur sem er nýlegri en aðrir hlutar tóftarinnar. Tóftin sem er norðvestan við stóru tóftina er nokkuð ógreinileg.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Söguminjaskrá, 9.

**SÞ-212:015** Eyrargarður 65°37.053 N 17°01.191 V

"Eyrar eru varpland norður af túni, milli Austur- og Vesturhöfða. Vestan við Eyrar er Eyrargarður, túngarður fram í vatnið." Ef keyrt er suður heimreiðina að Vindbelg. Eyrargarður er vestan við Eyrarnar, beint suður af veginum við beygjuna til suðausturs að bænum. Garðurinn liggur norður eftir eyrunum um 250-300 m langur. Suðvestan við höfðan. Eyrarnar eru vel grónar, öldóttar og nokkuð skógi vaxnar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Vindbelgur, 2.

**SÞ-212:016** Lambhústjörn 65°37.084 N 17°01.306 V

"Í Eyrunum er tjörn, sem heitir Lambhústjörn, og vestan við hana er Réttartangi." Um 50 m norðaustan við 001 og um 2 m sunnan við heimreiðina. Lambhústjörn er nokkuð stór tjörn. Sunnan, norðan og austan við hana er mikill gróður en vestan við hana eru slétt tún. Á þessum stað sjást engin merki um tóftir.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Vindbelgur, 2.

**SÞ-212:017** Réttartangi 65°37.081 17°01.313

"Í Eyrunum er tjörn, sem heitir Lambhústjörn, og vestan við hana er Réttartangi." Um 50 m norðaustan við 001. Um 2 m sunnan við heimreiðina. Nokkuð stór tjörn. Sunnan, norðan og austan við hana er mikill gróður en vestan við hana eru slétt tún. Ekki sjást nein merki um rétt á þessum slóðum

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Vindbelgur, 2.

**SÞ-212:018** Hólahellir 65°37.150 N 17°01.531 V

"Norður af Vesturhöfða er stór gíghóll, sem heitir Gerðishóll. Gerðishólshverir eru tveir hverir niður í hann. Gerðishólshnúta er sunnan í Gerðishól." Norðaustur af Gerðishól er Hólahellir sem er stór hellir. Hellirinn er um 30 m norðvestur af veginum (núverandi vegi). Kringum hellinn er mikill viðivöxtur. Hellirinn er fallinn saman en áður var hlaðið upp í hann og hann notaður sem fjárhús.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Vindbelgur, 3.

**SÞ-212:019** Byrgishóll 65°37.232 N 17°01.645 V

"Byrgishöll er lítill hóll rétt norðan við Sandhól." "Niður í koll hans er smálægð. Þar var hlaðið byrgi úr hraungrjóti og hengdur upp silungur til að láta signa og líka til að gera hann einætan. Byrgið er nú að mestu hrunið." 30 m norðvestur af veginum og um 200 m suðvestur af Bugðuflóa. Það sést ekki til fornleifar í dag sökum þess að hún hrundi en á lítilli lægð uppi á hólnum er nokkur steinahrúga. Hár hóll, vel gróinn lyngi og grasi.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Vindbelgur, 3 - sp, nr. 10.

**SÞ-212:020** heimild um ristu 65°37 .042 N 17°01.153 V

"Torf var rist á görðunum inn við Eyrargarðinn og notað á hey." Öldur frá garðinum að bakkanum. Er vel gróið grasi og mosa.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Vindbelgur, sp, nr. 37.

**SÞ-212:021** Torfa 65°37.903 N 17°00.697 V

"Þá er farið nyrzt í landið, norður á merki móti Ytri-Neslöndum .... Merkin eru úr vörðu nyrzt á Torfu, sem er fjaran norður frá Krosshól. Vestur af Torfunni eru merkin um tjörn, sem heitir Torfutjörn." Milli fjörunnar og tjarnarinnar er vegurinn. Austan af tjörninni er tún. Hnit tekið við vestan við veginn og austan við tjörnina.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda.

Heimild: Ö-Vindbelgur, 3.

**SÞ-212:022** varða 65°37.906 N 17°00.627 V

"Þá er farið nyrzt í landið, norður á merki móti Ytri-Neslöndum .... Merkin eru úr vörðu nyrzt á Torfu, sem er fjaran norður frá Krosshól." 15 m austan af veginum og 40 m norðan af Krosshól. Fjara, sendin við vatnið og vel gróin vestan tjarnar. Skrásetjari sá ekki vörðu á þessum stað.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Vindbelgur, 3.

**SÞ-212:023** Raufarhólshellar 65°37.615 N 17°01.287 V

"Raufhóll er stór höfði við vatnið, Víkina, milli Hellranefs og Raufarhólsness, en það er nesið fram í vatnið sunnan við Raufhól. ... Raufarhólshellar eru litlir fjárhellar norðan við Raufarhól ... " Hellirinn er horfinn í veginn um 1 km norðan við bæinn að Vindbelg. Um 300 m frá merkjum að Norðaustan. Þarna er vegur í dag og ekki sést til fornleifar.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda.

Heimild: Ö-Vindbelgur, 4.

**SÞ-212:024** Gamlistekkur 65°36.908 N 17°03.099 V




"Bára eða Belgjarbára er ströndin nefnd frá Vesturhöfða að Stekkjarnesi, sem gengur fram í vatnið sunnan við Báruna. . . . Gamlistekkur er gróið brot við vatnið að austan í nesinu." Er um 2 km vestan við vatnið og um 3 m suðaustan við veginn, er neðan við túnið.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Vindbelgur, 5.

**SÞ-212:025** Gamligarður 65°36.902 N 17°03.038 V

"Gamligarður er gamall vörzlugarður fyrir Stekkjarnesið og Garðsendi fram af gamla garðinum" Er 30 m austan af gamla veginum til Helluvaðs. Nær frá norðri til suðurs. Grjótgarðurinn nær austur úr vatninu og í vestur. Er svolítið nær veginum núna á svæði sem er bæði þýft og grýtt.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Vindbelgur, 5.

**SÞ-212:026** heimild um kvíar 65°36.890 N 17°01.650 V

" ... kvíar stóðu á flatanum austan á Vesturhöfða, um 250 metra m frá bænum, og sést vel fyrir þeim enn." Er fyrir vestan bæinn á sléttum, graslendum bala. Er rétt við girðinguna.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Vindbelgur, sp, nr. 3.




**SÞ-212:027** Naustið 65°36.781 N 17°03.208 V
"Naustið er gamalt uppsátur austan í Stekkjarnesi." Ekki sést til fornleifar.

Heimild: engin hætta.
Heimild: Ö-Vindbelgur, 6.

**SÞ-212:028** Ytri-Gamlistekkur 65°37.082 N 17°03.296 V
"Stórikriki er mókrókur vestur í helluhraunið frá Bárunni. Sunnna við hann er stórt hró með tóftarbrotum Þetta heitir Ytri-Gamlistekkur." Um 10 m austur af Buðlungaflóa um 100 m vestur af veginum. Vel gróið hró, víðigróður ofl.

Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ö- Vindbelgur, 6.




**SÞ-212:029** frásögn af uppsátur 65°36.865 N 17°01.437 V
Uppsátur var sunnanlega á Brunngarði.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga.
Heimild: Ö-Vindbelgur, 7.

**SÞ-212:030** Kofahró 68°37.478 N 17°01.901 V
"Kofahró er norður af Stóra-Nátthaga [sem afmarkast af Buðungaflóa og Nátthagatjörn] "Um 40 m norður af Nátthagatjörn og 60 m austur af Buðlungaflóa. Vel gróin en þó nokkuð grýtt hró. Heimildamaður kannast ekki við að hafa séð eða heyrt um tóftina hér og þó segist hann hafa leitað af þeim.

Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ö-Vindbelgur, 10.

**SÞ-212:031** Fjárhellir 65°36.958 N 17°04.258 V
"Syðst, á merkjum móti Vagnbrekku, er lítill melhóll, sem heitir Fjárhóll, og Fjárhellir heitir austur af honum" Er um 20 m austur af Fjárhól og 30 sm frá merkjagirðingunni. Stór L-laga hrauntangi í viðivöxnum bletti. Í honum er engar hleðslur að sjá.

Heimild: Ö-Vindbelgur, 10.

**SÞ-212:032** Sel 65°37.511 N 17°03.591 V
"Sel heitir austan undir fjallinu miðju, stórt hró með tveim hellum, sem heita Selhellar. Seltjörn er aðeins vestan við Selið. Selhóll er melhóll rétt norðan við Selið." "Hellarnir eru allrúmgóðir, með nokkrum opum og hefur verið tyrft yfir sum þeirra, en hlaðið upp að aðalopinu. Þar við hellismunan er einnig rúst af litlu fjárhúsi, með veggjum úr hraungrjóti, og einnig mótar þar fyrir hlaðinni rétt, og fleiri smárústir er þarna að finna." Um 30 m vestan við girðingu sem nær upp í fjallið. Er um meters fjarlægð frá veginum Þarna eru blautar mýrar og frekar grýtt. Seltjörnin er seftjörn sem 1 m vestan við hróin. Hróin og hellarnir eru mjög greinileg. Hleðslurnar hjá hellunum nær allar horfnar. Það má sjá um 0,3 m háa hleðslu við stærsta munann. Í kringum hróin er nokkuð grýtt og því ekki hægt að sjá hleðslur þar. Um 40

m vestur af hellinum er um 40 m langt garðbrot sem nær frá flóanum og upp að hróunum Erfitt er að sjá stærð hellanna sökum myrkus en þeir hafa líklega verið svona 10 X 7 m og 8 X5m.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Vindbelgur, 10; Söguminjaskrá, 10.

**SÞ-213 Geirastaðir**




12 hdr. 1712. Hólastólsjörð fram á 16. öld. Getið í Reykdælasögu (ÍF XI, 204, 209). Fyrst getið í skjölum í jarðaskrá Hólastóls 1449 og voru þar þá 3 leigukúgildi og landskuldin 1 hdr - DI V, 40. 12.4.1477 eiga Hofstaðir "skipstaudv j geirastada jordo. oc stodhrossa gaungu." - DI VI, 110. Einnig etið í jrðaskrám Héstöls 1525 og 1550 og í seinni skránni eru leigukúgildin talin 4 og landskuldin 1 hdr auk tíundar - DI IX, 301; DI XI, 865. 2.5. 1562 segist Kolbeinn Arngrímsson frá Grænavatni hafa selt sr. Sigurði Jónssyni Garð í Fnjóskadal með því móti að hann fengi 12 hdr. jörð Geirastaði fyrir en elleger ei og kvaðst hann þá jörð eif fengið hafa - DI XID, 717. 21.6.1687 selur Magnús Sigurðsson ma. Hofstaði og Geirastaði, 12 hdr, sr. Guðbrandi Jónssyni og sr. Sigurði Sigurðssyni fyrir Bræðratungu, erfðajörð eiginkvenna þeirra Elenar og Sigríðar Hákonardætra - Jarðabréf, 12. 12.9.1695 fær Sigríður Hákonardóttir Hofstaði og Geirastaði, 12 hdr, landsk. 2 hdr fiska og 45 fiskar, leigukúgildi 2, í eignaskiptum við systur sína Elenu - Jarðabréf, 255 18.7.1702 selur Oddur Sigurðsson Þorgrími Jónssyni Hofstaði og alla Geirastaði, 12 hdr að dýrleika, landsk 1 hdr, kúgildi 2 - Jarðabréf, 254; JÁM XIII, 380-81. Brenna talin fornt eyðiból í jb. 1712. Heimild: Finnbogi Stefánsson fæddur 1929 að Geirastöðum og Freysteinn Jónsson fæddur 1903.

**SÞ-213:001** bæjarhóll bústaður 65°35.923 N 17°06.482 V

Gamli bærinn var undir íbúðarhúsinu sem nú eru Geirastaðir að hluta en stóð þó lengra í vestur en íbúðarhúsið gerir í dag. Fjósið, sem var sambyggt náði allt vestur Skyrtubjargi (020) sem er vestan við húsið. Mestur hluti gamla bæjarins er undir húsi í dag en þó var nokkur hluti hans þar sem í dag er hlað og lóð vestan við íbúðarhúsið.

Vistverur manna voru austan til í bænum en sambyggt þeim til vesturs var fjós. Vestast í fjósi þessu var brunnur sem enn má að einhverju leyti sjá til.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnkort 1919.




**SÞ-213:002** heimild um útihús 65°35.943 N 17°06.423 V

Var undir húsvegg 5-10 m vestan við íbúðarhúsið Geirastöðum (byggt 1955) Var á grasbakka sunnan við heimreiðina en norðan við runnalengju. Grasbakki þessi er u.þ.b. 6-8 m breiður. Þetta útihús var ekki notað eftir að heimildamaður fór að muna eftir sér.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnkort 1919.

**SÞ-213:003** heimild um fjós 65°35.924 N 17°06.361 V

Milli 20-30 m austur af íbúðarhúsinu Geirastöðum (byggt 1955). Er í fremur sléttum haga þar sem gras er mjög hátt. Var íraun fjós og hlaða.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnkort 1919.

**SÞ-213:004** heimild um fjós 65°35.959 N 17°06.415 V




Milli 60-70 m norðvestur af íbúðarhúsinu Geirastöðum (byggt 1955). Um 20 m norðan við heimreið. Tóftin samanstendur aðeins af einu hólfi og innan í því er mjög mikill vöxtur. Hleðslurnar eru mjög greinilegar og eru um 1 má hæð. Hólfið er 5 X 8 m að utanmáli.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnkort 1919.

**SÞ-213:005** heimild um hesthús 65°35.927 N 17°06.541 V

Var um 50-60 m vestur af íbúðarhúsinu Geirastöðum (byggt 1955). Þarna er í dag stórt, steypt útihús. Hefur að einhverju leyti verið þar sem steypta húsið er í dag en umhverfis það er malarhlað en þess í kring gras og klettar. Heimildamaður segir að á þessum stað hafi verið hesthús sem var u.þ.b. 4 básar. Hann segir hesthúsið hafa verið horfið áður en ákveðið var að byggja steypta útihúsið á þessum sama stað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnkort 1919.

**SÞ-213:006** heimild um bænhús 65°35.944 N 17°06.422 V

"Bænhús er sagt að hjér hafi að fornu verið, affallið fyrir manna minni." Ekki er vitað hvar bænhús þetta hefur verið þannig að punktar voru teknir nærri bæjarstæði gamla bæjarins (001), á hlaðinu austan við íbúðarhúsið Geirastöðum (byggt 1955), milli íbúðarhúss og runna.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: J ÁM XI, 241.




**SÞ-213:007** Brenna býli 65°38.428 N 17°04.489 V

"Munnmæli eru að þar hafi í fyrndinni bygð verið, en lítil sjást þess nú merki af garðlögum, og rómast að sá bær hafi brendur verið, og því sje eyðibólið so kallað, en ekki heyrist hvað það hafi í fyrstunni heitið." "Brenna er norður við Sandvatn, á nesi sem gengur út í vatnið frá suðaustri og nefnist Brennutangi, norðan og vestan við Belgarfjall. Brennuvík heitir

norðaustan tangann, en melás átanganum heitir Brennuás. Innst á tanganum er dálítil kvos eða lægð milli Brennuáss að vestan og Víðidalsáss að austan. Í miðri kvosinni er tjörn sem nefnist Brennutjörn. Á leyti eða hólkoll milli hennar og víkur, sem gengur úr Sandvatni eru miklar rústir og arðlög, sem benda eindegið til þess að þarna hafi verið búið." Tóftin er á tanga sem nær út í Sandvatn vestan frá. Svæðið allt er um 260 X 200 m og það er allt mjög gróið og vex þar sérstaklega mikið af fjalldrapa og gulviði nema rétt við árbakkan beggja megin. "Sjálfur tanginn er girtur af með mjög fornum garði, sem liggur í tjörnina frá báðum hliðum Er hann bungulagaður, víða allt að 1 m hár í miðju og allt að 4-5 m breiður neðst, og líkist því mjög hinum fræga Göngugarði á Hofstöðum. Sjálft bæjarstæðið er svo girt af með tveimur túngörðum, sem liggja þvert yfir eyðið milli tjarnar og vatns, og er eystri garðurinn aðeins fáeina metra fyrir innan gamla vörslugarðinn, sem fyrr var nefndur, en túngarðarnir eru miklu mjórri en hann, víðast aðeins um 1-2 m. Vestari garðurinn liggur upp hólabunguna (yfir hana), en austanhallt á henni eru rústir af um 14-15 m löngu húsi, þrískiptu, með einnihliðarbyggingu. Eru rústirnar mjög fornlegar, sumpart vaxnar fjalldrapa og gulvíði. Liggur túngarðurinn alveg upp að þeim að vestan, og beygir fyrir þær. Þetta gætu vel verið gamlar bæjarrústir, þótt rústir eftir sel komi einnig til greina. Suðaustur frá þessum "bæjarrústum" eru tvennar rústir. Fyrst sporöskjulaga rúst, tvískipt, um 10 má lengd, alvaxin gulvíði, þá aflöng rúst, köntuð, um 13 má lengd, þrí- eða fjórskipt, fremur ungleg, vaxinn grasi að mestu .... Þá eru þarna minjar um 2-3 réttir, sem eru byggðar upp við túngarðinn ýmist utan við hann eða innan, og er ein þeirra um 10 x 23 m, og loks eru þarna víð á dreif nokkrar smátóftir, flestar hringlaga (heystæði ?) eða sporöskjulaga, og eru sumar þeirra utan við túngarðinn, suðvestan á hólbungunni. Allt svæðið er mjög vaxið gulvíðikjarri og fjalldrapa og því víða erfitt að átta sig á rústum, en alls taldist mér til að þarna væru um 10-12 rústir fyrir utan garðana." Söguminjaskrá, 7. Túngarðarnir ná á milli vatnanna tveggja. Þeir eru 2 m að suðaustan en 1 m að norðvestan verðu. Þarna virðast vera 9 tóftir, þrjár réttir upp við túngarðanna. Ein þeirra er uppi í litlu garðsbroti norðanlega á tanganum en hinar tvær eru byggðar utar í þessum garði, innri garðurinn að suðaustan verðu. Utan í túngarðinum að norðvestan verðu er tóft af um 14 m löngu þrískiptu húsi sem garðinum er sveigt fyrir. HH telur að hafi þetta hafi verið gamall bær eða sel. Um 50-70 m sunnan við það er útihúsatóft, tvískipt og mjög vaxinn viði og virðist suðurendinn hafa verið niðurgrafinn. Um 50 m suður af henni er nokkuð greinileg tóft sem liggur nokkuð hátt og er bæjarhóll skv. heimildamanni. Suðvestur af henni eru tvær sporöskjulagaðar tóftir, báðar um 8 m langar og eru um 25 má milli þeirra. Um 110 m austur af tóftinni sem byggð er utan í norðvestur túngarðinn er ein hringlótt tóft um 6 X 6 m. HH telur 10-12 rústir en skrásetjari fann aðeins 9. Heimildamaður sem gekk um svæðið vissi um a.m.k. eina tóft til viðbótar sem fannst þó ekki að þessu sinni.

Hættumat: hætta vegna ágangs gróðurs.

Heimild: JÁM XI, 242; Söguminjaskrá, 7.

**SÞ-213:008** Melhólsgata 65°36.212 N 17°06.372 V

"Í Geirastaðalandi er hóll sem heitir Melhóll; af Geirastaðagötum lá Melhólsgata í stefnu á Melhól og Melhólsskot." Melhóllinn er fremur stór hóll um 500-600 m norðan við Geirastaði og um 60 vestan við aðalveginn. Gatan liggur um gróið hraun vestan vegarins og er að einhverju leyti samsíða veginum.

Heimild: Ö-Hofsstaðir, 1381.

**SÞ-213:009** Kaupstaðargötur 65°35.831 N 17°06.157 V

"Kaupstaðargötur heita reiðgötur frá Geirastöðum austur á Heiðina út á Hólasand." Liggja í raun frá Helgey að Geirastöðum og þaðan að bænum að Helluvaði og áfram út að Hólasandi. Vegurinn liggur aðeins lægra en landið og eru skurðir báðum megin við hann. Í Helgey liggur

vegurinn á milli tveggja hóla og er að hluta á kafi í grasi en það er þó sá staður sem hann er greinilegastur á.

Heimild: Ö-Hofsstaðir, 1382.

**SÞ-213:010** Selhólar 65°37.332 N 17°05.050 V

"Norður af Skollaklettum taka við Selhólar, og milli þeirra er Selhólssund. Selhólar eru dreifðir malarhólar (líka í Geirastaðalandi). Flestir hólanna eru lítið grónir, sumir nokkuð háir." Selhólar er röð af gerfigígahólum sem liggja í hrauninu vestan við veginn, frá suðvestri til norðausturs. Nyrsti hóllinn er rétt sunnan við Vindbelg. Tilheyrir Vagnbrekku. Pnktar voru teknir á þeim selhól sem er norð-austast. Vegaslóði liggur yfir þennan hól. Þessi hóll er aðeins 60-70 m vestan við selið (011) og er því ekki ólíklegt að Selhólanafnið sé dregið af umræddu seli, enda kannast heimildamaður ekki við að sel hafi verið annars staðar á þessum slóðum

Heimild: Ö-Vagnbrekka, 1.

**SÞ-213:011** seltóft 65°37.248 N 17°04.822 V




"Austur af Klofnuborg er Selið við Fjallshelli, örskammt frá Vindbelgjarfjalli. Þar var fyrrum haft í Seli frá Geirastöðum, ærnar kvíaðar það og hýstar í hellinum. Sést þar enn nokkuð fyrir tóftum við hellinn. Selhólarnir eru eflaust kenndir við þetta Sel, þótt dreifðir séu frá því í þrjár áttir, sumir fjarri. Ekki er vitað hvenar hætt var að nota það." Norðaustur af Selhólum (60-70 m). Er vestan vegar, beint á móti íbúðarhúsinu Vagnbrekku. Tilheyrir Vagnbrekku. Fyrir sunnan selið er Fjallhellir en hann er um 4-5 X 1,5 m. Um 3 m fyrir norðan hellinn er tóft sem er sambland af mannaverki og náttúruverki. Tóftin er um 9 m löng og 4 m breið. Vestast í henni er lítið útskot sem er afmarkað af klettum Norðurhlið tóftarinnar er greinilegar hlaðin að innan en sú syðri rennur meira saman við brekku sem er á milli þessarar tóftar og þeirrar næstu norðan við. Nyrsta tóftin er 8 má breidd og 7 má lengd. Þessi tóft er mjög greinileg og er hæð að meðaltali um 1 m. Tóftin skiptist upp í tvö hólf, það vestara er lengra eða 6-7 m en það austara er um 4 m á lengd. Á þessu svæði er gróið hraun og mikið um alls kyns runnagróður.

Heimild: Ö-Vagnbrekka, 2.

**SÞ-213:012** Eyjarhús heimild um beitarhús 65°35.895 N 17°05.944 V

"Eyjarhús voru beitarhús á norðvesturhorni Helgeyjar. Þar hefur nú verið ræktað tún og sléttað yfir rústirnar." Bílslóði liggur út í eynna og voru beitarhúsin um 2 m norðan við þennan veg. Beitarhús þessi voru, að sögn heimildamanns eitt hólf ca. 10 X 5 að innanmáli. Seinast var haft fé þarna árin 1940-1941. Var um 20 m austan við brúnna út í eynna.

Heimild: Söguminjaskrá, 8.

**SÞ-213:013** Kolbeinshellir 65°35.824 N 17°06.119 V

"Þar [012] er hellir nálægt (Kolbeinshellir), með hlöðnum bogalaga vegg fyrir framan annað opið (heystæði ?) en dyrabúnaður á hinu. Hefur sauðfé verið haft þar." Er um 80-100 m vestan við stífluna. Fyrir austan hellinn er sléttur bali sem nær milli Kolbeinshellis og að ánni (stífluskurðinum) og milli tveggja hóla til austurs og vesturs. Hellismuninn er á austurhliðinni og er fremur lítill eða 0,8 X 0,8 m. Hellirinn er u.þ.b. 5 X 3 m að innanmáli og er 1,5 m á

hæð þar sem hann er hæðstur. Innan í hellinum er spýtnarusl og grjót. Þarna skiptast á grasbalar og klettar.

Heimild: Söguminjaskrá, 8.

**SÞ-213:014** Hvíthólshellir 65°36.809 N 17°05.119 V

"Ýmsir aðrir fjárhellar eru í Geirastaðalandi, svo sem Hvíthólahellir, milli Hvíthóls og Skefílshéla ... "Er um 50 m austan við veginn og um 20 m austan við símastauraröð. Er um 100 m sunnan við merkjagirðingu sem liggur sunnan við Vindbelg. Er í grónu hrauni þar sem mikið er um runnagróður eins og víði. Hellismuninn er að suð-austan og norð-vestur úr honum eru 1,5 m langur gangsígur sem er hlaðinn beggja vegna og um 0,8 á hæð. Hvíthólshellir er ekki nema 1 má hæð þar sem hann er hæðstur. Hann er um 2,5 m langur þar sem komið er inn hann miðjan. Hægra megin við innganginn á hellinum er hann þó lengri eða u.þ.b. 10 m. Hann er hins vegar mjög breiður eða um 15 m.

Heimild: Söguminjaskrá, 8.

**SÞ-213:015** Stekkjarhellir 65°36.481 N 17°05.859 V

" ... Stekkjarhellir norðaustur af Urðarhó. Þar hefur trúlega verið stekkur." Er um 120 m vestan við aðlaveginn, um 300-400 m suðvestan við Skelfishóla. Er í grónu hrauni en fyrir austan hellisopið er sléttur bali sem vaxinn er grasi og ýmis konar runnagróðri. Opið er á austurvegg hellisins og sá veggur er meira og minna hlaðinn.

Heimild: Söguminjaskrá, 8.

**SÞ-213:016** Heyhellir 65°36.033 N 17°06.244 V

"Heyhellir er í túninu, notaður til heygeymslu áður fyrr." Er um 220 m norðaustur af bæ rétt utan túngirðingar. Fyrir norð-vestan hellinn er grasbali en á alla aðra vegu eru grónir klettar. Um 1 m á hæð, 3-4 m á lengd og 5-6 m á breidd. Veggurinn sem opið er á er að mestu leyti hlaðinn. Beint á móti þeim vegg er hlaðinn garður sem er u.þ.b. 1 m á breidd, 3 m á lengd og 0,3 m á hæð.

Heimild: Söguminjaskrá, 8.

**SÞ-213:017** Hofsstaðanaust tóft 65°36.231 N 17°05.561 V

"Svo nefnist lítil tótt á bakka Mývatns, við Rifið fram að Rifsborgum (nú er þar rannsóknarstöð Náttúruverndarráðs). Þar var uppsátur frá Hofsstöðum." Þarna er grunn vík og var naustin í henni. Vík þessi er 100-150 m norðan við Kumlabrekku þar sem rannsóknarstöð Náttúruverndunarráðs var áður og vegarslóði liggur áleiðis niður í vík þessa en nær ekki alla leið (hverfur þar sem um 15 m eru eftir í víkina). Allt í kringum víkina eru hólar og hæðir. Fremst í víkinni er grasigróin slétta þar sem enn er geymdur bátur. Allt í kringum víkina eru hólar og hæðir.

Heimild: Söguminjaskrá, 8.

**SÞ-213:018** Kumlabrekka 65°36.125 N 17°05.849 V

"Kumlabrekka, er skammt fyrir sunnan Rifsborgir (vestur af stöðinni). Er sagt að þar sé kumlateigur frá fornöld, en ekki mun það hafa verið kannað. Þarna eru víða sérkennilegar þúfur og kvosir, sem menn hafa etv. talið að væru kuml." Um 600 m norður af bæ. Þetta svæði heitir reyndar Kumlabrekkuhólar því þarna eru nokkrir gerfigígar. Kumlið á að vera í lægð milli tveggja gíghóla. Er á grösugu svæði milli gerfigíganna. Heimildamaður segir að sögn sé til um það að menn hafi verið forvitnir um hvort/hvernig kuml væri þarna að finna og því ákveðið að grafa í jörðu þar sem kumlið var talið vera. Þegar þeir voru byrjaðir á því var þeim litið heim að Geirastöðum og fannst þá eins og húsið þar stæði í ljósum logum. Þeir

hröðuðu sér því í átt að bænum en þegar þangað var kornið var engan eld að sjá. Eftir þetta var ekki reynt að grafa í Kumlabrekku að sögn heimildamanns.

Heimild: Söguminjaskrá, 8.

**SÞ-213:019** Skelfishólar legstaður 65°36.678 N 17°05.037 V

"Skelfishólar, það átti Skelfill vestmaður að vera heygður." Um 300 m suður af Vagnbrekku. Þarna eru 4-5 hólar sem eru gerfigígar en ekki er vitað hver þeirra átti að geyma fornmanninn. Þeir eru suðvestur af 009. Nyrsti hóllinn liggur upp að víkinni (009) og síðan liggja þeir koll af kolli til suðurs.

Heimild: Söguminjaskrá, 8 og Finnbogi Stefánsson fæddur 1929 á Geirastöðum.

**SÞ-213:020** Skyrtubjarg 65°35.935 N 17°06.449 V

"Skyrtubjarg er klettur skammt fyrir vestan bæinn. Er sagt að þar sé hundufólksbústaður ... " Er mitt á milli bæjar og fjóss. Um 20 m fyrir vestan bæ og 10 m vestan við heimreið. Klettur þessi er grasi gróinn að sunnan.

Heimild: Söguminjaskrá, 8.




**SÞ-213:021** hesthústóft 65°35.901 N 17°06.473 V

Tóftir útihúsins standa ágætlega enn í dag og eru um 30-40 m sunnar en Nónbjarg og eiginlega mitt á milli íbúðarhúsanna að Geirastöðum og Nónbjargi. Er um 10 m vestan við ánna í grösugum haga. Þarna var 4 bása hesthús úr torfi og grjóti. Hurð var á suðurgafli. Útihúsið hefur verið u.þ.b. 2 má hæð, en í dag er þakið að mestu leyti hrunið niður.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

**SÞ-213:022** fjárhústóft 65°35.897 N 17°06.471 V




Tóftir fjárhúsins eru 8 m suður af 021 og um 15-20 m vestan við ánna, í grösugu túni. Þarna er tóft sem samanstendur af tveimur greinilegum hólfum og vestan þeirra virðist hafa verið það þriðja en það er mun ógreinilegra. Austasta hólfið er greinilegast og alveg hlaðið að innan, austur hluti næsta hólfs er einnig hlaðinn en afgangur tóftarinnar er mun ógreinilegri.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

**SÞ-213:023** Vilhjálmshellir 65°35.939 N 17°06.520 V

Um 15-20 m fyrir norðan íbúðarhúsið á Nónbjargi (byggt 1955), u.þ.b. 40 m austan við íbúðarhúsið á Geirastöðum og 30 m vestan við steypt fjárhús (þar sem 005 var). Klettur í hrói. Fyrir sunnan er grasbali sem nær að íbúðarhúsinu Nónbjargi. Hellismuninn er 1,5 m á breidd og l m á hæð en í hann hefur verið hlaðið til að koma í veg fyrir að fé slyppi út. Innanmáls er hellirinn u.þ.b. 6 X 8 m og eru hlaðnir garðar eftir honum endilöngum.

**SÞ-213:024** garðlag 65°36.136 N 17°05.745 V

Garðurinn nær frá Mývatni til norðurs í Sortuvatn. Er mestmegnis á moslendu svæði. Garðurinn er misgreinilegur en sést nokkuð vel hjá Kumlabrekku en þar voru punktar teknir.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

**SÞ-213:025** frásögn af vaði 65°36.263 N 17°05. 400 V

**SÞ-213:026** Rifsklettur fjárskýli 65°36.241 N 17°05.425 V
Klettaborg sem var notuð sem fjárskýli. Er um 10 m vestan við vaðið (025). Er 150-200 m austan við aðalveginn og skammt norðan við Kumlabrekku. Í kringum þessa klettaborg er frekar gróið og eins innan í henni. Klettaborgin er hringlaga u.þ.b. 8 X 6 m að innanmáli. Suður- og norðurhlið klettaborgarinnar eru hlaðnar af mannavöldum en vestur- og austurhliðin eru náttúrumyndaðar. Þarna var fé geymt fyrir daga heimildamanns.

**SÞ-213:027** stekkjartóft 65°36.286 N 17°05.555 V




Er um 50 m vestan við 026 og um 50 m austan við aðalveginn. Tóftin er aðeins eitt hólf. Ekki er hægt að greina neinar hleðslur. Dyr hafa líklega verið á austurhlið. Er í þýfðum móa.

Hættumat: engin hætta.

**SÞ-213:028** fjárskýli
65°38.279 N 17°05.593 V
Um 5-10 m suður af stekknum (027) er þessi hellir. Er 50 m austan við veg og 50 m vestan við 026. Þarna skiptast á þýfð svæði og klettar. Besta leiðin inn í hellinn er að fara suður með honum og niður í lítið holt þar, undir steinboga og þannig inn í sjálfan hellinn. Undir berum himni er u.þ.b. 3 X 5 m svæði en bæði til austurs og vesturs frá þessu svæði eru hellar. Austari hellirinn er u.þ.b. 2 m á breidd og 5 m á lengd. Um 3 m inn í hellinn er hleðsla sem skiptir hellinum í tvö hólf. Hleðslan er um 0,3 m á hæð. Innra hólfið er 1,5 m en það ytra stærra. Úr norðurhluta þessa hellis er svo op eða gangur sem nær út í opna svæðið og alla leið inn í vestari hellinn. Vestari hellirinn er 2 m á breidd fremst en mjókkar innst og er 6 m á lengd. Op eða gata liggur frá þessum helli til suðurs í átt að steinboganum og innganginum.

Heimildamaður: Finnbogi Stefánsson fæddur 1929 á Geirastöðum

Í Helgey í vesturhlið hóls. Er um 60 vestan við bílslóða sem liggur yfir brú út í eynna og áfram austur yfir Helgey. Allt í kring eru klettaborgir. Þarna var að sögn heimildamanns hægt að hafa allt að því 30 kindur. Hellirinn var mikið notaður áður en Eyjahús (012) komu til sögunar. Hellismuninn er á vesturhliðinni sem er öll hlaðin. Beint á móts við opið inn í hellinn má sjá fremur ógreinilegar hleðslur sem líklega hafa verið garður. Hellirinn skiptist í tvö hólf og er það fremra hringlaga og um 5 X 5 m. Hellinum skiptir hleðsla sem er um 1 m há. Hún lokar af innra hólfið en þar var samkvæmt heimildamanni áður geymt hey. Hellir þessi var notaður sem geymsla þegar virkjunarframkvæmdir áttu sér stað við Helgey og þá var geymst í honum dýnamít. Hellirinn hefur ekki verið notaður síðan. Út úr hellinum er greinilega gata sem verður mjög fljótlega ógreinileg.

**SÞ-213:030** heystæðistóft 65°35.834 N 17°06.038 V

Um 100 m austur af stíflubyggingunni (austan við skurðinn) og milli 30-40 m vestur af Lambhelli. Er á mjög gróðursælu og tiltölulega sléttu svæði en allt í kring um grasbalann sem heystæðið er á eru klettar. Skv. heimildamanni hefur það gengið í munnmælum að þarna sé kuml þess Helga sem eyjan er nefnd eftir. Heimildamaður segir hins vegar að þetta sé líklega heystæði enda er það líkt því útliti." Stæðið" er 3 X 5 m. Í vesturhelmingu "stæðisins" eru 2-3 steinar eða klettar, samtals um 1 m á breidd, 0,5 m á lengd og 0,4 m á hæð. Vestari hluti "stæðisins" er um 20 sm dýpri en sá austari.

Hættumat: engin hætta.




**SÞ-213:031** 2 tóftir 65°36.408 N 17°05.827 V

Er 40 m fyrir suðaustan Stekkjarhelli og um 80 m vestan við aðalveginn. Er u.þ.b. 300-400 m vestan við Skefilshóla. Þarna er hellir sem kindur hafa greinilega haldið til í. Hellirinn er 5 X 5 m og op er á suðurhliðinni og er sá veggur að nokkru leyti hlaðinn. Fyrir utan hellinn eru veggir á báða vegu sem eru að miklu leyti náttúrumyndaðir. Bilið milli þessa veggja er við hellisopið um 3 m en víkkar til suðurs en þeir ná í um 12 m til suðurs en þar lokar hólfi þessu hlaðinn veggur (um 0,3 má hæð). Syðst er hólfið um 6 m á breidd. Um 5 m fyrir vestan þetta hólf er mjög þýft svæði sem líkist mjög litilli ferningslaga tóft, 3 X 1,5 m. Er í mjög grösugu hrauni.

**SÞ-213:032** fjárhúsatóft 65°35.964 N 17°06.278 V

Um 80 m norð-austan við íbúðarhús á Geirastöðum Er á töluverðri hæð. Allt í kring eru misvel grónir klettar. Suðurhlutinn er hlaða sem enn er undir þaki.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.



**SÞ-213:033** frásögn um smiðju 65°36.944 N 17°06.444 V

Milli 8-10 m norðaustur af íbúðarhúsinu á Geirastöðum var smiðja. Þetta hús telur heimildamaður að byggt hafi verið fyrir aldamót. Torfveggir voru á þrjá vegu en til suðurs var timburveggur (stafn) og á honum var hurð. Smiðja var svolítið niðurgrafin og í henni miðri var steðji. Norðan megin var þar sem eldurinn var hafður þegar var smíðað og var strompur yfir. Smiðja þessi var rifin milli 1940-50. Þarna er hlað eða bílastæði í dag.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

**SÞ-213:034** frásögn um tóft 65°36.808 N 17°04.637 v

Samkvæmt heimildamanni (í Vagnbrekku) var tóft rétt norðan við þar sem nú er heimreið heim að Vagnbrekku. Var rétt upphaf heimreiðarinnar, rétt austan við hliðið. Heimildamaður segir að á þessum stað hafi verið sýnilegar tóftir lengi vel en þær hafi að mestu leyt farið undir heimreiðina [hún var áður aðeins norðar]. Heimildamaður segist ekki vita af hverju þessar tóftir hafi verið en segir að Kristján Eldjárn hafi skoðað þær "á sínum tíma" og úrskurðað að þær væru einungis fjárhúsatóftir eða einhvers konar útihúsatóftir. Þarna er malarvegur í dag og því sést ekkert til fornleifar.

## 4. *Fornleifar og byggð í héraði*

Mývatn er í um 280 metra hæð yfir sjávarmáli og er sveitin öll sléttlend. Svæðið er jafnlent og eru bæirnir á skráningarsvæðinu á bilinu 260-290 m.y.s. Vindbelgjarfjall ber hæst á skráningarsvæðinu en það er 524 m.y.s. Vindbelgur, Geirastaðir og Arnarvatn standa á hrauni en annars er votlendi ráðandi á skráningarsvæðinu þar sem gróður er á annað borð. Neslandatanginn er allur mjög votlendur og er stór hluti hans raunar tjarnir og fékkst þar víða gott engjahey en vaka þurfti yfir sauðfé að það drekkti sér ekki í pollunum Meðfram Kráká er mikið votlendi og höfðu jarðirnar Arnarvatn, Sveinsströnd, Litalströnd og Baldursheimur aðalheyskap sinn þar en sunnar og vestar skiptast á lágir ásar og votlendisbreiður. Uppblástur hefur mjög herjað á ásana og eru stórir rofgeirar í sunnan og vestanverðu Baldursheimslandi og í hinu forna landi Sveinsstrandar.

Skilyrði til túnræktar munu hafa verið léleg á skráningarsvæðinu miðað við byggð á láglendi, tún smá og töðufengur lítill. Búskapur hefur því byggst að mestu á útbeit og engjaslætti. Búskaparskilyrði skýra að nokkru hversu víða hefur verið stofnað til búskapar á svæðinu. Túnrækt hefur skipt litlu máli en aðgangur að engjum og beitilandi þess meiru og hefur því mátt stofna til byggðar nálega hvar sem vatnsból er og sæmilega þurrt. Á móti þessu kemur að mikið landrými þarf fyrir bú sem byggja afkomu sína fyrst og fremst á beit og engjaslætti, og hafa því ávalt verið takmörk fyrir hversu mörg býli gátu verið á svæðinu.

### *Bæjarhólar og bæjarstæði*

Á skráningarsvæðinu hafa bæjarhólar orðið misvel úti í framkvæmdagleði 20. aldar. Í Baldursheimi er bæjarhóllinn fremur lágur en bærinn hefur staðið á brekku mót austri. Tvö steypuhús hafa verið byggð á bæjarstæðinu og því er bæjarhóllinn líklega að stóru leyti raskaður. Ekki sjást nein merki um bæjarhól á Sveinsströnd enda er búið að ryðja honum alveg út og gera rennislétt tún. Á Litluströnd sjást heldur engin merki bæjarhóls. Síðasti torfbærinn þar var um 50 m norðvestan við íbúðarhús sem þar er í dag. Þarna hefur annars allt verið sléttað og einu merki þess að þarna hafi verið bæjarstæði er suðurveggur í bæjarins sem stendur enn auk bragga sem var byggður við bæinn síðar. Á Arnarvatni er bæjarhóllinn að mestu óhreyfður og stendur um 20-30 m vestan við íbúðarhúsið að Arnarvatni II. Á hólnum eru nú kálgarður en sennilegt er að í hólnum séu að finna allmiklar óskemmdar búsetuleifar. Í Syðri-Neslöndum standa tveir bústaðir á bæjarhólnum, sunnar steypuhús þar sem enn er búið en norðan við það gamli bærinn sem er úr torfi, timbri og áli. Bygging

þessara húsa hefur líklega raskað bæjarhólnum að einhverju leyti en telja má líklegt að talsverðar mannvistarleifar séu óraskaðar undir byggingunum. Í Ytri-Neslöndum er búið að slétta bæjarhólinn alveg út og gera hlað. Einu merki bæjar eru leifar brunns sem hefur verið breytt í blómabeð.

Bæjarhóllinn í Vindbelg er mjög sléttur en þó að mestu óraskaður. Gamla bænum sem þar stendur hefur verið haldið við og er hann enn notaður sem reykhús. Á Geirastöðum er bæjarhóllinn töluvert raskaður. Þar stendur nú steypuhús og nyrsta hluta hans hefur verið rutt til og þar búið til hlað.

Fimm býli til viðbótar hafa verið á skráningasvæðinu en merki þeirra eru misskýr. Á Brennu eru leifar að minnsta kosti 9 tófta og þar er greinilegur bæjarhóll og hefur þar líklega verið býli eða sel. Svæðið er á kafi í viði og því erfiðara að greina rústirnar en ella. Á Þorleifsstöðum sjást einnig þó nokkrar tóftir og greinilgur bæjarhóll á fyrri staðnum enda hafa á báðum stöðum verið býli. Í Gerði eru einnig nokkrar leifar en lítil merki um búsetu fundust í Þorlákskoti og engin í Hrísheimum. Um önnur möguleg bæjarstæði verður fjallað í kaflanum um beitarhús og sel hér að neðan.

### *Útihús og túngarðar*

Útihús sem staðið hafa innan túnamarka er sá flokkur minja sem einna verst hefur orðið úti við jarðabætur á 20. öld. Flest þessara útihúsa eru með öllu horfin af yfirborði jarðar en á skráningarsvæðinu voru þó nokkrar undantekningar frá þessu. Engar leifar sáust af þeim níu útihúsum sem skráð voru í túninu í Baldursheimi, þeirra þriggja sem stóðu í túni Sveinsstrandar né heldur þeirra sjö útihúsa sem stóðu innan túns á Litluströnd. Á Arnarvatni má hins vegar sjá leifar þriggja útihúsa innan túns (af 15 útihúsum sem þar er vitað um). Þar er einnig örnefni sem bendir til að þar hafi verið smiðja en ekki fundust leifar hennar. Í tveimur tilfellum er um að ræða sæmilega heillegar tóftir en í því þriðja hafði verið steypt í kringum hlaðna veggi hlöðu. Leifar þriggja útihúsa er einnig að finna bæði í Syðri- og Ytri-Neslöndum (af 4 skráðum annars vegar og 10 hins vegar). Í Syðri-Neslöndum eru torfhúsin í tveimur tilfellum undir þaki að miklu leyti. Í Vindbelg er að finna eina útihúsatóft en heimildir eða örnefni eru um fimm útihús til viðbótar. Á Geirastöðum sáust hins vegar fjórar greinilegar tóftir útihúsa en þar voru ekki sjáanleg merki um þrjú til viðbótar. Auk þessa voru heimildir fyrir smiðju þar sem bæjarhlaðið á Geirastöðum er í dag.

Í flestum þeim tilfellum þar sem vitað er hvers kyns útihús var hefur það verið fjárhús en einnig eru dæmi um hesthús, fjós, geitakofa og hlöður.

Túnhleðsla var mikilvægur hluti af túnabótum á 19. öld og hafa nokkrir slíkir verið gerðir á skráningasvæðinu. Á Þorleifsstöðum í landi Baldursheima gefur að líta mjög myndalegan túngarð og telst hann vera heillegasti túngarðurinn á skráningasvæðinu. Aðrir túngarðar voru ekki sýnilegir nema í Syðri-Neslöndum, en þar stendur enn grjóthlaðinn túngarður sem hlaðinn var rétt eftir aldamótin, og miklir garðar eru einnig kringum Brennu í landi Geirastaða.

## *Tún og garðar*

Engin tún eru eftir ósnortin á skráningarsvæðinu nema einna helst í kringum Syðri-Neslönd og eyðibýlin Brennu og Þorleifsstaði og eru þau síðarnefndu ósnert af stórvirkum tækjum. Þau eru hins vegar komin á kaf í viði.

Kál- og kartöflurækt mun hafa átt erfitt uppdráttar í Mývatnssveit á 19. öld[2] og var aðeins einn gamall kálgarður á skráningarsvæðinu. Hann var í Yztahólma í landi Ytri-Neslanda.

## *Engjar og áveitur*

Mikið er um áveitugarða á skráningarsvæðinu. Í Baldursheimi voru þrír áveitugarðar í Baldursheimskíl. Þessir garðar eru nú ekki lengur vel greinanlegir og hafa breytt talsvert um útlit á síðustu áratugum. Á Sveinsströnd voru skráðir 8 garðar enda tilheyrði jörðinni mikið mýrar- og áveitusvæði. Garðarnir eru misgreinilegir en t.d. má enn sjá Slýjagarð allan en hann er um 500 m langur. Í landi Sveinsstrandar voru einnig skráðar tvær stíflur og eru ummerki eftir aðra þeirra mjög greinileg. Ekki voru skráð nein garðlög í Litluströnd en ein stífla. Á Arnarvatni voru skráð þrjú garðlög, tvær stíflur og tvær áveitur. Í Syðri-Neslöndum eru þrír áveitugarðar milli tjarna á svæðinu en einu áveitumannvirkin í Geirastöðum er garður sem nær frá Mývatni í Sortuvatn.

[2] sbr. **SSÞ,** 126.

### *Vatnsból*

Hvergi er örðugt um vatnsból á skráningarsvæðinu enda virðast bæjarstæði oft hafa verið valin með nálægð við gott vatnsból íhuga. Í Baldursheimi, Sveinsströnd og Litluströnd eru lækir rétt hjá bæjunum og sömu sögu er að segja um Arnarvatn. Annarsstaðar hafa verið brunnar, og sjást enn minjar um einn slíkan á Ytri Neslöndum. Á Arnarvatni var Gvendarbrunnur og tvær uppsprettur.

### *Svarðartekja og torfrista*

Vitað er um mótak á öllum jörðunum sem skráðar voru að þessu sinni. Í Baldursheimi var mótekja skammt austan við bæinn en einnig skammt frá Syðra- og Ytra-Stekk sem eru vestan Baldursheims. Á hvorugum þessara staða þótti svarðartekjan góð. Á Litluströnd var torf aðallega rist í Litlustrandarmosa og í Vindbelg er til vitneskja um mótak á tveimur stöðum Á öðrum bæjum sem skráðir voru er ekki til vitneskja um torfristu en ekki mun það ver af því að hún hafi verið ónóg.

### *Stekkír og kvíar*

Sex kvíar voru skráðar á minjasvæðinu. Tvær voru í landi Arnarvatns en ekki sáust merki þeirra. S.k. Kvíaból er í landi Syðri-Neslanda skammt utan túnamarka og eru þær kvíar að mestu náttúrumyndaðar. Leifar kvía sjást einnig hjá Ytri-Neslöndum en þær eru einnig að hluta náttúrumyndaðar. Heimildir eru fyrir tvennum kvíum í landi Vindbelgjar og er tóft annarar þeirra sjáanleg. Kvíarnar á þessum bæjum voru allsstaðar skammt frá bæjum, innan túns eða rétt utan túnamarka.

Stekkir voru yfirleitt fjær bæ en kvíar og virðist helst hafa ráðið staðsetningu þeirra að gott aðhald væri frá náttúrunnar hendi. Stekkir voru við alla bæina nema við Sveinsströnd eftir því sem best er vitað. Í Baldursheimi voru tveir stekkir skammt hvor frá öðrum og sjást tóftir annars þeirra, Syðri-Stekkjar, mjög vel enn í dag. Á Litluströnd sjást einnig ágætlega leifar tveggja stekkja, austan og vestan við bæinn, auk þessa er þar að finna geitakofabrot sem gæti hafa gegnt svipuðu hluterki og stekkur. Í landi Arnarvatns er stekkjartóft í Geldingey og hellir sem hefur verið notaður sem stekkur er einnig norðvestur af bænum. Möguleiki er að þar sé að finna fleiri stekki og gæti tóftin í Gildrudal t.d. vel verið stekkjartóft. Í Syðri-

Neslöndum má enn greina að mestu náttúrumyndaðan stekk norðaustan við bæ og í Ytri-Neslöndum hefur stekkur verið byggður upp við túngarð og hellir einnig nýttur í þessum tilgangi. Í Vindbelg er einnig að finna leifar tveggja stekkja og á Geirastöðum sjást greinilegar leifar stekkjar og stekkjarhellis. Sumsstaðar eru miklar garðhleðslur í kringum stekki, einkum þar sem hægt hefur verið að girða af tanga eða nes. Þar sem þannig er háttað má vera að meiri umsvif hafi verið á staðnum en einsaman stíun lamba.

## *Beitarhús og sel*

Beitarhús voru í notkun fram á þessa öld á Arnarvatni, Ytri-Neslöndum og Geirastöðum Búið er að slétta yfir beitarhúsatóftir á bæði á Arnarvatni og Geirastöðum en tóftir beitarhúss sjást enn á Ytri-Neslöndum.

Sel voru á sex stöðum á skráningarsvæðinu. Þrjú þeirra voru í landi Baldursheims. Hrútviðirsel og Kristínarsel eru bæði sunnan við Baldursheim og eru ekki nema 500-700 má milli þeirra. Þriðja selið er hins vegar suðvestan við Baldursheim, um 2 km sunnan við Sandvatn. Á öllum þessum stöðum sjást greinilegar tóftir en mestu tóftirnar eru í Hrútiviðirseli en þar erma. rétt, tvær greinilegar tóftir og 2-3 að auki. Öruggar heimildir eru fyrir seli í landi Ytri-Neslanda en þær fundust ekki þrátt fyrir mikla leit. Rústir þessar eru að öllum líkum horfnar á kaf í gróður og þess vegna illgreinanlegar. Selið í Vindbelg er austan undir Vindbelgjarfjalli og er að miklu leyti náttúrumyndað. Það samanstendur af tveimur hellum sem hlaðið hefur verið í, hrói og lítill fjárhúsrúst. Hleðslurnar eru að vísu mestu horfnar en staðurinn er þó enn vel merkjanlegur. Sel var einnig á Geirastöðum þar sem nú er land Vagnbrekku. Á þessum stað sést enn vel til mannvirkja. Syðst er fjárhellir sem er algjörlega náttúrumyndaður, fyrir norðan hann tóft sem er að hluta manngerð en allra nyrst er algjörlega manngerð tóft sem samanstendur af tveimur hólfum og er mjög stæðileg.

## *Kuml og kirkjugarðar*

Á skráningarsvæðinu var óvenjumikið um kuml og vísbendingar um kuml. Þrjú örugg kuml hafa fundist á skráningarsvæðinu. Það frægasta er án efa hið þekkta Baldursheimskuml. Það fannst 1860-61. Haugfé þess var mjög mikið og fjölbreytilegt en er líklega þekktast fyrir að hafa orðið hvati að stofnun Forngripasafns Íslands 1863. Í dag ríkir hins vegar ekki eining um hvar kumlið var fundið. Víst er að það fannst fyrir vestan "bæinn" en ekki eru menn

sammála hvort um sé að ræða sjálfan Baldursheimsbæinn eða Hrísheima í landi Baldursheims. Hnit voru tekin vestan Baldurheims enda er það sá staður sem kunnugir benda á. Í landi Baldursheims er einnig lítill afgirtur fjölskyldukirkjugarður sem hefur verið í notkun frá því rétt eftir aldamót.

Á Arnarvatni hefur sennilega verið hálfkirkja eins og getið er í kafla um byggðasögu. Ekki hefur kuml fundist í landi Arnarvatns en 10. aldar spjót fannst í s.k. Skotbakka við Arnarvatnsá. Örnefnið dys er 20 m vestan við Gildrudal og gæti þetta hvort tveggja verið vísbending um legstað heiðinna en um það er ekki meira vitað.

Í landi Ytri-Neslanda fannst kuml 1960 þegar verið var að vinna með stórvirkjum tækjum í hólnum Stóra-Forvaða sem er um 300-400 m norðaustur af bænum í Ytri-Neslöndum Kumlið hafði verið eyðilagt að mestu þegar rannsóknarmenn komu á staðinn og hóllinn er nú að mestu horfinn vegna ofaníburðartöku. Þykir þó víst að þarna hafi verið kuml og fundust leifar tveggja manna, hests og nokkurt haugfé. Annar beinafundur í landi Ytri-Neslanda varð þegar verið var að byggja býlið Borg á Borgarhóli. Þá var komið niður á beinagrind úr manni en ekki fannst haugfé og því er ekki vitað hvort beinin eru úr heiðni eða kristni.

Í landi Vindbelgjar fannst einnig kuml um aldamótin síðustu. Gripir, sem voru meðal annars spjót og gjarðarhringja, voru sendir á Þjóðminjasafnið en kumlið hefur aldrei verið rannsakað. Kumlið fannst í Raufarhól sem nú er að mestu undir túni.

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín,* XI (s. 380-81) var bænhús á Geirastöðum Ekki er vitað hvar það stóð en líklegast verður að telja að það hafi verið skammt frá bæjarstæðinu. Sagnir eru um að kumlateigur sé í landi Geirastaða þar sem heitir Kumlabrekka og Kumlbrekkuhólar. Ekki eru heimildir fyrir því að þar hafi fundist nokkuð en sögn er til um að reynt hafi verið að grafa á staðnum en hætt við sökum þess að menn þóttust sjá bæjarhúsið í ljósum logum Önnur sögn er um kuml í Helgey, hefur það jafnvel gengið í munnmælum a- upphleypt "stæði" í eynni sé legstaður Helga þess sem eyjan er nefnd eftir. Stæðið líkist hins vegar mest heystæði og ekki er ólíklegt að það sé hið rétta hlutverk þess.

## *Leiðir*

Skráningarsvæðið er allt fremur jafnlent og auðvelt yfirferðar. Mýrarnar eru óvíða svo blautar að það tálmi yfirferð að ráði og liggja því reiðgötur þvers og kruss um svæðið.




17. kort. Helstu leiðir á skráningarsvæðinu

Um land Sveinsstrandar er mikið af götum. Margar þessara gatna liggja í raun frá Gautlöndum. Ber fyrst að nefna Arnarvatnsgötur sem voru gamlar reiðgötur sem náðu frá Gautlöndum yfir Gautlandalæk á Tíðavaði og síðan til suðurs í átt að Arnarvatni. Messugötur lágu einnig frá Tíðavaði og voru í raun sömu götur og Arnarvatnsgötur í nokkur hundruð metra en greindust frá þeim þegar komið var yfir ásana. Göturnar lágu til kirkju á Skútustöðum. Á þessum slóðum eru enn í dag vegaslóðar sem eru akfærir. Miðgötur lágu þvert til austurs frá Tíðavaði. Þær náðu frá Gautlöndum (norðan við heimreiðina) og beint austur í aðalheyskaparsvæði bæjarins í Nautey. Þessar götur voru stundum einnig notaðar til að fara til messu á Skútustöðum. Syðstugötur lágu einnig yfir Tíðavað og síðan suður með Gautlandalæk og sunnan heimreiðar í austurátt til syðsta stykkis Nauteyjar. Braut var gamall upphleyptur vegur sem lá frá Gautlandalæk austur í mýrina um 100 m og var hluti af reiðgötum milli Gautlanda og Litlustrandar. Borgargötur liggja frá Miðgötum þegar komið er yfir í miðja ása og liggja þaðan í nyrsta engið í Nautey.

Arnarvatn hefur verið í þjóðbraut en brú var á Arnarvatnsá niður af gamla bænum.

"Sunnan við brúna var vað á ánni svo að þarna var um langan aldur þjóðleið þeirra sem komu Mývatnssveit. Fóru allir um hlaðið á Arnarvatni." (Ö-Arnarvatn, 3)

Arnavatnsgötur/Gautlandagötur lágu vitanlega um land Arnarvatns og einnig áðurnefndar Messugötur. Kaupstaðarleið lá sunnan af bæjum vestan Grenisáss, vestan við Borgarhraun, norður að Sauðavaði á Laxá. Marðargötur skipast á milli Arnarvatns og Helluvaðs, gróin gata meðfram Arnarsvatnsá að sunnan. Götur þessar lágu yfir Marðarvað sem var við ármót Helluvaðsár og Arnarvatnsár á merkjum móti Gautlöndum. Sundagötur liggja yfir í Arnareyjar og fylgja Marðargötum út í eynna en beygja svo til vesturs. Í Ytri-Neslöndum er aðeins að finna eina heimild um leið en í landi þess var Kaupstaðaklettur en frá honum lá leið út í í Selás. Aðalleiðin frá suðurhluta Mývatnssveitar til Reykjahverfis og Húsavíkur lá um land Geirastaða. Leiðin lá vestur um Haganes og yfir Mývatn á Rifinu og þaðan beint til vesturs norðan við Geirastaði og Sortulæk á Melhólsvaði en þaðan beint í norður um austanverða Hofstaðaheiði og með vesturhlið Sandvatns upp á Hólasand. Þessar götur heita Kaupstaðargötur eða Húsavíkurgötur. Göturnar sjást enn ágætlega á mörgum stöðum. Í landi Geirastaða var Melhólsgata sem lá í hrauninu um 60 m vestan við þar sem þjóðvegur I er í dag. Gatan náði til Melhóls sem er 500-600 norðan við Geirastaði.

Af þessu má ráða að mesta umferðin á skráningarsvæðinu hefur líklega verið um land Arnarvatns og Geirastaða. Mikið af leiðum er einnig í landi Sveinsstrandar en flestar þeirra lágu einungis á milli Gautlanda og Nauteyjar eða annarra bæja. Undantekning frá þessu eru Messugötur sem lágu að kirkju á Skútustöðum. Á öðrum stöðum á skráningarsvæðinu hefur

verið minna um leiðir þó að á þeim flestum megi finna einhverjar leiðir milli staða á hverjum bæ.

## 5. *Verndun og kynning á fornleifum á skráningarsvæðinu*

Á undanförnum árum hefur skilningur aukist á því að minjastaðir hafa gildi fyrir útivist og ferðamannaiðnað. Eitt af meginmarkmiðum fornleifaskráningar er að finna og skilgreina staði eða svæði sem þurfa á verndun að halda og henta til kynningar fyrir útlendum jafnt sem innlendum ferðamönnum og skólabörnum. Allar fornleifar á Íslandi eru friðaðar og þeim má ekki raska eða spilla.

Eins og algengt er hafa flestar fornminjar á því svæði sem skráð var sumarið 1997 horfið undir tún og byggingar.

Ekki verður hægt að gera endanlegar tillögur um verndun og kynningu fyrr en heildaryfirlit er fengið af fornleifum í Skútustaðahreppi öllum en hér á neðan verður bent á helstu minjasvæði og athyglisverðustu minjastaði á skráningarsvæðinu.

**a) Sel og býli í landi Baldursheims, sunnan við Baldursheim.** Suðvestan við Baldursheim eru merkar byggðaleifar. Fyrst ber að nefna Þorleifsstaði sem eru fornt eyðibýli. Þar er enn að finna miklar tóftir: Miklir túngarðar eru þar allt í kring og má á þessum stað fá hugmynd um fornbýli og jafnfram seljabúskap sem þar var eftir að býlið lagðist af. Hrútvíðirsel er um 2 km sunnar en Þorleifsstaðir. Þar er að finna heillega hringlaga rétt, tvær greinilegar tóftir og 2-3 aðrar öllu ógreinilegri. Enn sunnar (500-700 m) er svo Kristínarsel. Þar eru nokkrar tóftir en þær eru þó ekki mjög greinilegar vegna þess að þær eru komnar á kaf í víðígróður. Þessir þrír staðir eru allir við vegarslóða sem liggur inn á Suðurafrétt og eru dæmi um vel varðveittar minjar um heiðabúskap Þingeyinga á margra alda tímabili.

**b) Á Selás** eru skemmtilega staðsettar tóftir sem geta haft tilgang við að kynna seljabúskap. Að selinu liggur einnig greinilega gata.

**c) A veitumannvirki í landi Sveinsstrandar.** Austan við þar sem bærin á Sveinsströnd stóð eru á mýrarsvæði mikil áveitumannvirki sem hafa varðveislugildi vegna þess að þau eru dæmi um einkennadni búskaparlag í Mývatnssveit.

**d) Tóftir Litlustrandarstekks** eru mjög aðgengilegar og þó að hann sé að einhverju leyti hlaupinn upp í þúfur þá er hann vel greinilegur og garðarnir í kringum hann gefa honum skemmtilega mynd.

**e) Geitakofabrot** er í landi Litlustrandar. Tóftir hans eru enn mjög greinilegar og skiptast í þrjú hólf. Sökum þess að brotin minna á sérstöðu sveitarinnar í landbúnaði hefur kofinn sérstakt varðveislugildi.

**f) Geldingsey í landi Arnarvatns.** Þar væri hægt að gera gönguleið un eyjuna. Svæðið er á bökkum Laxár og hentar vel til útivistar, þar er hægt að skoða ýmsar tóftir tengdar búskap fyrri aida s.s. stekki og heystæði.

**g) Bæjarstæði Syðri-Neslanda og nánasta umhverfi** er furðulega vel varðveitt og er full ástæða til að reyna að halda í sérstöðu staðsins. Þar gefur að líta þróun bygginga og búskapahátta um langa tíð. Enn standa þar uppi gömul torfhús og gamli bærinn sem er samasettur úr torfi, timbri og áli stendur enn. Á litlu svæði þarna í kring gefur að líta öskuhaug, þvottalaug, túngarð og kvíar.

**h) Gerði í landi Vindbelgs.** Þar eru tóftir sem sennilega eru af býli. Þær eru mjög nálægt veginum og hafa varðveislugildi.

**j) Á Raufarhóli í landi Vindbelgs** fannst kuml um síðustu aldamót. Þar eru einnig tóftir sem vert gæti verið að rannsaka nánar.

**k) Brenna** norðan við Sandvatn. Þar eru miklar tóftir. Sjálfur tanginn sem tóftirnar standa við er afgirtur með mjög fornum garði. Bæjarstæðið er afgirt með með tveimur túngörðum Þetta svæði er að vísu á kafi í gróðri en þarna eru þó miklar rústir a.m.k. 9 tófta. Ljóst er að þarna hefur verið mikill búskapur og hefur svæðið mikið varðveislu- og rannsóknargildi.

**1) Sel í landi Geirastaða.** Þarna er að finna vel varðveittar tóftir sels. Sunnan þess er svo að finna fjárhelli og aðra tóft sem er sambland af náttúrumin og mannaverki. Saman mynda þessar tóftir skemmtilega varðveisluheild.

## *Heimildir*


Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson: *Fornleifaskráning í Eyjafirði* I. *Fornleifar í Eyja/jarðarsveit norðan Hrafnagils og Þverár,* Akureyri 1994

**BBSÞ:** *Byggðir og bú Suður Þingeyinga 1985,* Reykjavík 1986.

**DI:** *Íslenzkt fornbréfasafn* **I-XVI,** Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

**ÍF:** *Íslenzkfornrit* X-, Reykjavík 1933-.

**ÍF:** *Íslenzkfornrit* I-, Reykjavík 1933-.

**Jarðabréf,** 12, 255, 254;

**JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín,* XIII. Þingeyjarsýslur, Kaupmannahöfn 1943.

**JJ:** J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi,* Kaupmannahöfn 1847.

**LÞ:** Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu* I. *Suður Þingeyjarsýsla*, (Ritsafn Þingeyinga II), Reykjavík 1954.
Orri Vésteinsson. *Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi I,* Reykjavík, 1996.
**KEKH:** Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé,* Akureyri 1956.
Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands. Jarðadeild XIV**.** Uppdrættir af túnum 1919. Skútustaðahreppur.
Spurningar frá Örnefnastofnun Ö-Baldursheimur: (Þráinn Þórisson svaraði), Örnefnastofnun
Spurningar frá Örnefnastofnun,. Ö-Baldursheimur: (Steíngrímur Kristjansson svaraði)
Spurningar frá Örnefnastofnun, Ö- Vindbelgur: (Jón Aðalsteinssons svaraði, bls. 12-17)
**SSSÞ:** *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*, Reykjavík 1994.
**Söguminjaskrá:** Helgi Hallgrímsson: *Söguminjar í Mývatnssveit* [1979 - fjölrit]
Ö-Amarvatni: Örnefni í Mývatnssveit, 1-12. (Sigurður Jónsson safnaði). Örnefnastofnun.
Ö-Baldursheimur: Örnefni í Mývatnssveit, 1171-81. (Pétur Jónsson safnaði), Örnefnastofnun.
Ö-Gautlönd: Örnefni í Mývatnssveit, 1140-52 (Pétur Jónsson safnaði, Ari Gíslason skráði), Örnefnastofnun.
Ö-Geirastaðir: Örnefni í Mývatnssveit,
Ö-Hofstaðir: Örnefni í Mývatnssveit, 1378-84 (Pétur Jónsson safnaði, Ari Jónsson skráði), Örnefnastofnun.
Ö-Litla-Strönd. Örnefni í Mývatnssveit, blaðsíðutal vantar. (Pétur Jónsson safnaði), Örnefnastofnun
Ö-Sveinsströnd. Örnefni í Mývatnssveit, blaðsíðutal vantar. [Örnefni í Sveinsstrandarengi] (Pétur Jónsson safnaði), Örnefnastofnun.
Örnefnakort fyrir Arnarvatn.
Ö-Syðri-Neslönd. Örnefni í Mývatnssveit, 1351-56. (Pétur Jónsson safnaði). Örnefnastofnun.
Ö-Vagnbrekka. Örnefni í Mývatnssveit. 1-4. (Pétur Jónsson safnaði og Helga Hjálmarsdóttir endurskoðaði, Ari Gíslason skráði). Örnefnastofnun
Ö- Vindbelgur. Örnefni í Mývatnssveit. 1-11. (Pétur Jónsson safnaði, Ari Gíslason skráði, Jón Aðalsteinsson fór yfir). Örnefnastofnun.
Ö-Ytri-Neslönd. Örnefni í Mývatnssveit 1357-62. (Pétur Jónsson safnaði). Önnefnastofnun.